Landamerki Jarðarinnar Hvammur í Landmannahreppi í Rangárvallasýslu, fyrst úr svonefndri Hádegisvörðu, beina leið í hólma þann sem er í ofanverðum Hvammsvötum svo ráða Hvammsvötn og ós sá, er rennur úr þeim fyrir svokallaðan fjartanga í Vindásós, svo Vindás-ós í Þjórsá, svo Þjórsá fyrir utan alla hólma í Ferjuklett, úr Ferjukletti beint í Gyldruhól, úr Gildruhól beint í Miðfell (þar sem það er hæðst) úr Miðfelli beint í áður nefnda Hádegisvörðu.

Þessum landamerkjum erum við allir hjer undirskrifaðir hlutaðeigendur samþykkir.

Hvammi þ. 24. maí 1886.

Eyólfur Guðmundsson, eigandi að hálfum Hvammi

Gunnar Árnason, eigandi að hálfum Hvammi.

Brynjólfur Jónsson, eigandi að Árbæ

Filippus Guðlaugsson, bóndi á Hellum.

Árni K. Jónsson, bóndi á Látalæti.

Jón Árnason, eigandi að Skarði.

Kristófer Jónsson, fyrir Vindás.

—,—

—,—

—,—

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Skarði á Landi, hinn 26. maí 1886. og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu N^o 31. bl. 19:

Vottar H. E. Jónsson

Borgun:

Fyrir þinglestur 75 aur

[Fyrir] bókun 25 [aur]

er 1 – ein – króna. H. E. Jónsson



Landamerki jarðarinnar Lúnansholts í Landmannahreppi

Fyrst frá hundapufunni (sælu), þaðan beina línu í vörðuna á Gilshól, þaðan beint í þúfu þá sem er rjett við ^{læk} þúfu þann er skilur í sundur Bjallaland, skammt fyrir sunnan Lækjarbotna, frá þeirri þúfu beint í lækinn, svo ræður lækurinn fram að ytri smágrófinni, þaðn beint í LitlaTorfholt, þaðan beint í hina svokölluðu ferstiklu, þaðan í vörðu á háheiðinni, þaðan í hundapúfuna sælu sem fyr er getið.

Lúnansholti 25 maí 1886.

V. F. Jónsson,
Oddur Jónsson.

Hjerundir ritum við nöfn okkar, sem yrkjum land að ofannefndri jörð, þessu samþykkir

Sæmundur Guðbrandsson,

Björn Björnsson

Þórður Steindórsson,

Þorsteinn Þorsteinsson

Árni Jónsson,

Þorbergur Jónsson (h.s.).

—”—

—”—

—”—

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Skarði á Landi hinn 26. maí 1886. og ritað í landamerkjabók Rangárvallasyslu N^o 32. bl. 20.

Vottar H. E. Jónsson.

Borgun:

Fyrir þinglestur 75 a.

[Fyrir] bókun 25 [a.]

er 1 – ein – króna. H. E. Jónsson.



Landamerkjaskrá jarðarinnar Kaldárholtis í Holtamannahreppi í Rangárvallasýslu

Að norðan ræður merkjum ós sá, er rennur fyrst í vestur að sunnanverðu við Akbrautarland, og síðan til útnorðurs í Þjórsá. Þaðan ræður Þjórsá landamerkjum Kaldarholts að norðan og vestan, allt suður að læk þeim, sem ýmist nefnist Kaldárholtslækur og Hagalækur, og sem rennur í ána fyrir norðan Gíslholtsfjall. Er lækur þessi landamerki milli Kaldarholts að sunnanverðu og Kambs-Gíslholts Ketilsstaða og Hagalands, að norðanverðu, allt að austanverðu Hagaholti. Að austanverðu ræður merkjum milli Kaldárholtislands og Saurbæjarlands marka garður sá er í fornöld hefir hlaðinn verið þráðbeina leið í norður frá nefndum læk við austanvert Hagaholt að áðurnefndum ós, við sunnanvert Akbrautarland, en nyrzt við þenna markagarð að austanverðu, liggur Akbrautarland fram að Saurbæjarlandi.

Eru hjermeð ~~talin~~ landamerki jarðarinnar Kaldárholtis öll talin.

Þess skal getið að Hagakirkja er talin að eiga rjett til kúabeitar frá fardögum til Jónsmessu sem ítak í Kaldárholtisland.

Kaldarholti, 25 maí 1886.

Árni Gíslason.

Þorst.Thorarensen

Jón Jónsson,

S. Sigurðsson,

Ól. Ólafsson

—”—

—”—

—”—

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólfshaga hinn 27. maí 1886. og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu N^o 33. bl. 20-21.

Vottar H. E. Jónsson.

Borgun:

Fyrir þinglestur 75 aur

[Fyrir] bókun 25 [aur]

er 1 – ein – króna H. E. Jónsson



Innan þessara takmarka, er land jarðarinnar Berustaða í Holtamannahreppi
Fyrst Sundhóll, þaðan ræður sjónhending í austasta gilsbotn, ræður svo gilið mörkum fram
að Skammalæk, þaðan eptir læknum fram á mótsvið svonefndan skrokkhól, (sem er austan til
við lækinn), úr skrokkhól ræður bein stefna í vestasta presthól (Miðmundahól) þaðan
sjónhending í austur horn á einstökusnös, þaðan bein stefna í Flaghól, úr þeim hól ræður bein
stefna í áðurnefndan Sundhól

Berustöðum 22 maí 1886.

Þorsteinn Jónsson.

Vigfús Eiríksson Landeigendur.

Samþykkir ofanskriðu ritum vér hjer undir nöfn okkar sem land yrkjum að.

Jón Jónsson.

Jósep Ísleifsson,

Runólfur Runólfsson,

Guðmundur Ólafsson

Mensaler Raben Jónsson,

Salvör Þorsteinsdóttir

Runólfur Þorsteinsson,

Filippus Jónsson.

Runólfur Halldórsson

Samþykkir hvað Þjóðólfshag snertir H. E. Jónnsson.

—”—

—”—

—”—

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólfshaga 27. maí 1886. og ritað í landamerkjabók
Rangárvallasýslu N^o 34. bl. 21.

Vottar H. E. Jónnsson.

Borgun:

Fyrir þinglestur 75 aur

[Fyrir] bókun 25 [aur]

er – 1 – ein – króna H. E. Jónnsson.



Landamerkjaskrá Fyrir jörðina Sandhólaferju í Holtamannahreppi 22 maí 1886.

Landamerki jarðarinnar eru innan þeirra takmarka sem hjer greinir. Landsuðurshornmark er við Kálfalæk fyrir framan Frakkavatn og Bjarnatanga eru hlaðnar tvær markavörður út frá læknum sem bera saman þegar staðið er við lækinn, ræður svo bein stefna vestur yfir Háfsbót til merkjavörðu á Baggaholti sem ber í mitt Geitafell á Hellisheiði hjá Grindaskörðum, og ræður sú stefna vestur í Þjórsá, ræður svo áin mörkum uppí Steinslæk og lækurinn svo að prestsvaði; lyggja svo mörkin frá nefndu vaði til landsuðurs til merkjavörðu á Reiðholti og þaðan beina línu í Þrísprænu við Hrútsvatn að vestanverðu, en þegar til vesturs er litið frá Hrútsvatni eptir nefndri línu, ber norður endinn á Búrfjalli í Grímsnesi í áður nefnda vörðu á Reiðholti en frá Þrísprænu er bein stefna austan yfir Hrútsvatn í hinn svokallaða Þverlæk sem rennur í Andalæk, ræður svo Andalækur mörkum suður í Frakkavatn og Frakkavatn svo að ofan nefndu ^{skrifuðu} landsuðurshornmarki.

Fyrir hönd sjálfs míns og sameiganda minna

Þ. Guðmundsson

Meðeigandi.

J. Brynjólfsson.

Sömuleiðis. V. Eiríksson.

Sömuleiðis Filippus Jónsson

Ofanskriðuðum mörkum erum við sem land eigum að samþykkir

Þ. Guðmundsson Hala

B. Bjarnason, Háfshjál.

Þ. Sigurðsson, Háfi,

Magnús Eiríksson, Einar Sigurðsson, báðir í Háfshól

Jón Jónsson, Ási,

Vigfús Eiríksson, Ási

Filippus Jónsson Hellnatúni

—”—

—”—

—”—

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólfshaga, hinn 27. maí 1886. og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu N^o 35. bl. 21-22.

Vottar H. E. Jónsson

Borgun:

Fyrir þinglestur 75 aur

[Fyrir] bókun 25 [aur]



er 1 – ein – króna H. E. Jónsson

Litlatunga í Holtamannahreppi, bls. 22r-22v
N^o 36.

Landamerki jarðarinnar Litlutungu í Holtamannahreppi eru þessi: frá svokölluðu gilmynni, ræður Rauðilækur vestur að markavörðu sem er mark milli jarðanna Litlutungu og Brekkna frá markavörðu ræður bein stefna norður í svokallaðan markhól sem er hornmark milli jarðanna Litlutungu, Brekkna, Þjóðólfshaga og Marteinstungu Úr markhól ræður bein stefna austur í svonefndan austurgilbotn miljann, þá ræður austurgil suður í ofanefnt gilmynni.

Litlutungu 16. nóvember 1886.

Jón Árnason, (eigandi að hálfri jörðinni)

Jón Jónsson, Ólafur Jónsson, Kr. Jónsson. (eigendur að hálfri jörðinni).

Allir sem land eiga að framanskrifaðri jörð, óskast að riti hjer á nöfn sín.

Vegna Marteinstungutorfunnar.

Kr. Jónsson,

Ranveig Bjarnadóttir,

Guðm. Þórðarson,

Einar Þorsteinsson,

Símon Eyólfsson

Hrinrik Vigfússon,.

Helgi Jónsson.

Helgi Jónsson,

Á. Helgason

(eigendur (að) Brekknanna. –

Samþykkir hvað Þjóðólfshag snertir H. E. Jónsson,

–„–

–„–

–„–

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólfshaga hinn 27 maí 1886. og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu N^o 36 – bl. 22.

Vottar H. E. Jónsson

Borgun:

Fyrir þinglestur 75 aur

[Fyrir] bókun 25 [aur]

er 1 – ein – króna H. E. Jónsson



Landamerki Guttormshaga í Holtum Ljensjarðar Holtþingaprests.

að austan: ræður Þverlækjargil suður í Austurleyru (sem er tjörn milli Guttormshaga og Þverlækjar) Þarnæst Leyran, þarnæst sjónhending úr kelduósi syðst í Leyrunni, í markavörðu við Kvíarholtsgil

Að sunnan: Kvíarholtsgil vestur í Högnalæk;

að vestan: Högnalækur, yfir Eyraroddann, eptir miðri Guttormshaga leyru, í Hagalækjarminni, svo þessi lækur, allt að Saurbæjargili;

að norðan: Saurbæjar og Stúfholtsgil austur í Þverlækjargil, sem áður er nefnt –

Í Guttormshagalandi á Hagi svonefnt Stakkseingi til slæгна fyrir austan Leyruna, en beitarland ekkert. skráð hefir

Guttormsh. 8/9 – 1883.

B. Eiríksson.

Samþykkt hafa:

Filippus Filippusson. eigandi Kvíarholts.

Sigurður Sigurðsson eigandi í Haga

Jón Guðmundsson, í Hreiðri

Vigfús Eiríksson, Jón Jónsson eigendur Þverlækjar

Skúli Gíslason.

—”

—”

—”

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólfshaga, hinn 27. maí 1886. og innfært í landamerkjabók Rangárvallasýslu N^o 37. bl. 23.

vottar H. E. Jónsson.

Borgun: fyrir þinglestur 75 aur

[fyrir] bókun 25 [aur]

er 1 – ein – króna H. E. Jónsson



Þessi eru landamerki jarðanna Gíslaholts og Kambs í Holtamannahreppi

1. að norðan: Kaldárholtslækur austur í Langalæk, svo Langilækur suður í Gíslaholtsvatn;

2. að austan: vatnið, svo garðlag, er liggur á miðri heiði suður í hornmarksvörðu aust-norðan á Langholti;

3. að sunnan: beina stefnu úr hornmarksvörðu á Langholti í austur upptökin á Hungurgili, þá ræður Hungurgil í vestur vatnið þá sjónhending í Veiðipúfu, úr Veiðipúfu í garðlag fyrir norðan læk þann, er úr vatninu rennur vestur í Þjórsá;

4. að vestan: Þjórsá að Kaldárholtslæksmynni

Við áreið þá er gjörð var á hausti 1884. voru allir hlutaðeigendur samþykkr þessum mörkum, og skulu þau haldast hjereptir.

Gíslaholti 20. desember 1884.

B. Thorarensen. eigandi

Grímur Thorarensen eigandi

Erl. Eyólfsson,

S. Sigurðsson

Fyrir Kaldárholtið. Filippus Filippusson.

Jón Pjetursson fyrir Rapholtið.

—”—

—”—

—”—

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólfshaga hinn 27. maí 1886. og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu N^o 38. bl. 23.

vottar H. E. Jóhsson.

Borgun: fyrir þinglestur 75 aur

[fyrir] bókun 25 [aur]

er 1 – ein – króna H. E. Jóhsson



Hárlaugsstaðir í Holtamannahreppi eiga land innan þeirra landamerkja, sem hjer getur: Frá Steinalæk ræður Hárlaugsstaðagil upp að keldunni fyrir ofan brattastíg, þaðan ræður bein stefna úti Grástien, sem er við syðri Vatnstæðisholtssenda, frá Grasteini ræður bein stefna í Hróthól, og aptur af Hróthól í beinastefnu í Hamragilsbotn, síðan ræður Hamragil að Steinslæk, eptir það ræður Steinalækur allt vestur að Hárlaugsstaðagili, sem áður er nefnt.

Hárlaugsstöðum 20. maí 1886.

Vegna jarðareigandans. Jón Jónsson.

Fyrir Heiðina Jón Jónsson.

Jón Tomasson, fyrir Efri Hamra.

Fyrir Krók. Ólafur Gunnlaugsson Ólafur Hallsson. –

–”–

–”–

–”–

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólfshaga, hinn 27. maí 1886. og ritað í landamerkjabók Rangárvallaýslu N^o 39. bl. 24.

Vottar: H. E. Jónsson.

Borgun:

Fyrir þinglestur 75 aur

[Fyrir] bókun 25 [aur]

er 1 – ein – króna. H. E. Jónsson.



Innan þessara merkja er land jarðarinnar Heiðar í Holtamannahreppi. Fyrst Hrúthóll vestantil við Krosshól frá honum ræður bein stefna í vörðu þá, sem stendur neðan í heiðarbrún austantil við nefndan Krosshól, þaðan sjónhending í vörðu framaní Moshól, þaðan ræður bein stefna í Ferðamannahól, austantil við ferðamannalág, þaðan ræður bein stefna í Ferðamannahól alla leið í Gilbotn norðanvið Hárlaugsstaða holt, (hvar vörðu skal setja). Þaðan bein stefna í fyrnefndan Hrúthól.

Heiði 19. maí 1886.

Árni Árnason, (fyrir hönd jarðareiganda).

Jón Jónsson. ábúandi

Samþykkir ofanrituðu, skrifum vér hjer nöfn okkar undir sem yrkjum lönd að.

Erlendur Eyólfsson,

Guðrún Jónsdóttir

Filippus Bjarnason,

Ólafur Hallsson.

—”—

—”—

—”—

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólfshaga hinn 27. maí 1886. og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu N^o 40. bl. 24.

Vottar H. E. Jónsson.

Borgun:

Fyrir þinglsetur 75 aur

[Fyrir] bókun 25 [aur]

er 1 – ein – króna H. E. Jónsson



Merki umhverfis land jarðarinnar Herríðarhóls í Holtamannahreppi

Fyrst garðlag frá Þjórsá er liggur til austurs fyrir norðan áveitulækinn í Veiðipúfu fremst á berghólum, þaðan beina stefnu yfir vatnið í svo nefnt Hungurgil þar sem það kemur í vatnið svo eptir gilinu í austurbotna þess; þaðan ræður bein stefna í hornmarksvörðu austnorðan á Langholti, þaðan í ferðamannahól, austantil við Ferðamannalág, þaðan ræður bein stefna í vörðu framaní svonefndum moshól, þaðan sjónhending í vörðu austan á Heiðarbrún (við Krosshól); þaðan bein stefna í Hróthól, þaðan ræður bein stefna í Þúfnalækjargilsbotn, gilið ræður mörkum niður að Þjórsá, þaðan ræður Þjórsá uppí fyrnefnt garðlag.

Herríðarhóli 19. maí 1886.

Erlendur Eyólfsson, eigandi og ábúandi.

Samþykkir ofanskrifuðu, ritum vér hjer nöfn okkar undir sem eigum¹ land að.

Jón Jónsson, á Heiði,

Ólafur Gunnlagusson, á Króki

Þ. Mattíasson Gíslholti

—”—

—”—

—”—

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólfshaga hinn 27. maí 1886. og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu. N^o 41 – bl. 24-25

Vottar H. E. Jónsson

Borgun:

Fyrir þinglestur 75 aur

[Fyrir] bókun 25 [aur]

er 1 – ein – króna H. E. Jónsson

¹ Upphaflega skrifað „merkjum“.



Landamerki jarðarinnar Vestra-Fíflholts í Vestur-Landeyjahreppi:

Að norðan ræður Fljótið mörkum mótsvið Vestra-Fíflholtshjáleigu, að vestan mótsvið Akurey ræður varða upphlaðin á fremri Fljótsbakkanum og er markalínan þannig að þessa vörðu ber í aðra vörðu, hlaðna á hól nokkru lengra frá Fljótinu, og bera þær báðar saman í hús það, er stendur næst hinu vestasta fjenaðarhúsi vestanvert við Kálfstaðatún. Frá vörðunni á áðurnefndum hól, liggja svo mörkin beinastefnu fram í vörðu þá sem hlaðin er framanvert við Freysteinsholtskeldu í þeirri stefnu, þar sem skemman í Vestra Fíflholts ber laust vestanvert við Þríhyrning, og er varða þessi hornmark, milli Vestra Fíflholts og Akureyjar að utan, og Skipagerðis og Miðkots að framan. Þaðan liggja mörkin að sunnan fyrsta mótsvið Miðkot uppí vörðu þá við Freysteinsholtskeldu sem ber í Tomagil í Þríhyrningi og er jafnframt hornmark milli Miðkots og Arnarhóls og úr þeirri vörðu uppí Litla-Freysteinsholt og úr því holti ræður markalínan mótsvið Bergþórshvol. Mörkin að austan mótsvið Eystra-Fíflholt liggja frá Fljótinu og þúfum þeim sem liggja rjett fyrir austan nýhlaðin túngarð milli túna Vestra- og Eystra-Fíflholts og lætur eigandi Vestra Fíflholts sjer nægja að markalínan liggji beina stefnu þaðan austanvert við engjagarð Vestra Fíflholts, en framanvert við fjárhús tóptir þær sem liggja skammt fyrir austan garð þenna fram í flag milli Freysteinsholtanna, en verði þessi mörk áttalin geymir eigandi Vestra Fíflholts sjer rjett til að gjöra stranagari kröfu til landamerkjia mótsvið Eystra-Fíflholts

Staddir að Vestra Fíflholts í október mánuði 1883.

Sem samþykkir hlutaðeigendur undirskrifa.

S. Magnússon,

Snorri Grímsson. (handsalað).

Jónas Pálsson (handsal.).

Jón Einarsson,

Árni Gestsson.

Skúli Gíslason.

—”—

—”—

—”—

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Eystra Fíflholts hinn 1. júní 1886. og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu N^o 42. bl. 25-26.

Vottar H. E. Jóhnnsson

Borgun: fyrir þinglestur 75 aur

[fyrir] bókun 25 [aur]

er – 1 – ein – króna. H. E. Jóhnnsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Þessi eru landamerki Bergþórshvols:

Að vestanverðu: bein lína frá Gljábakkanum í sömu stefnu sem vestra fjörumark Oddakirkjufjöru í vörðuna á Lambholti; þaðan sjónhending í Torfholt; þaðan í vörðuna á vesturenda Freysteinsholts (Frestsholts.), sem er hornmark Øll þessi lína frá Gljábakkanum liggur þvínær í beinastefnu á Tómagil í Þríhyrningi. Að sunnan og austan ræður Affalið, uppá mótsvið vörðu þá, sem nú er sett á hól litlum í Línakrarofunum ^{innri}, þaðan beina stefnu í áðurnefndan Freysteinsholtsenda.

En þareð ágreiningur hefir verið um landamerki þessarar jarðar, einkum mótsvið Arnarhól, eptirláta eigendur nefndrar jarðar Bergþórshvoli slægjustykki það fyrir vestan mörkin, er kallast Markadælur (Tangar) en þarámóti er tilkalli Bergþórshvols til svonefndra Skollarima sleppt. Landaprætu milli Fíflholts eystra og Bergþórshvols er sleppt. Sem samþykkir viðkomandi eigendr ábúendr og forráðendr undirskrifa.

Bergþórshvoli, 27. sept 1883

Matth. Jochumsson,

S. Magnússon (fyrir hönd eins eigandans að Arnarhóli)

M. Björnsson, (umráðamaður Fíflholts Norðurhjal.)

Einar Þorsteinsson,

Guðni Daníelsson

Natanael Engilbertsson,

Jón Einarsson

H. Ó. Þorsteinsson,

Jónas Pálsson (handsalað)

—,,—

—,,—

—,,—

Eins og áður er getið eru hin vestari fjörumörk Bergþórshvols þar, sem varðan á Lamdholti ber í vörðuna á vesturenda Freysteinsholts og í Tómagil. En hin eystri fjörumörk eru þar, sem baðstofan á Bergþórshvoli ber í öxlina á Árgilsstaðafjalli.

Að þetta sje samþykkt af hlutaðeigendum, vottast hjermeð.

Bergþórshvoli 1. okt. 1883.

H. Ó. Þorsteinsson,

Jón Einarsson

Jón Brandsson,

Guðlaugur Nikulásson.

Einar Sigurðarson.

Jónas Jónsson.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

–”–

–”–

–”–

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Eystra Fíflholti hinn 1. júní 1886. og ritað í
landamerkjabók Rangárvallasýslu N^o 43. bl. 26-27

Vottar H. E. Jóhsson

Borgun:

fyrir þinglestur 75 aur

[fyrir] bókun 25 [aur]

er – 1 – ein – króna H. E. Jóhsson



Landamerki jarðarinnar Lágafells í Austur-Landeyjahreppi

Hornmark Lágafells að ofan er hin svonefnda Árnabúfa og er hún þar, sem Ønundarstaða bæ ber vestanvert við hákoll á Heimakletti og Selshjáleigu bæ í fremri endann á Búrfelli, þaðan liggur svo markalínan mótsvið Búðarhólsbæ beint fram í Harðhaus, á því takmarki, þar sem Ønundarstaðabæ ber í Klettaskörð á Vestmannaeyjum og Norður-Búðarhólshjál. í hamrana á Stóra Dímon, á norðaustur horni hans, Úr þessu hornmarki liggur svo markalínan mótsvið Ljótarstaði beina stefnu í svonefndan Markhól, og þaðan í stefnu á vestanverðan Kúfhólsbæ úti Skíðbakkavatn, og er því hornmark þessara jarða úti vatninu. Þaðan liggja svo landamerkin mótsvið Skíðbakka beina stefnu austanvert við svonefndan Lambhúshól, en hann er þar, sem Ljótarstaða bæ ber í Bjarnarey og síðan í landnorður uppí þúfu á garðlagsenda austan og sunnanvert við Króktjörn, og liggur hún þar, sem Miðeyjarbæ ber vestantil í Þórólfsfell og Voðmúlastaða Suðurhjáleigu í hæst Hvolfsfjall; þaðan liggja svo landamerkin Mótsvið Miðey austur í áðurnefnda Árnabúfu

Gjört í októbr 1884 með samþykki undirskrifaðra hlutaðeiganda.

Isleifur Magnússon,

Árni Árnason (handsalað).

Skúli Gíslason,

R. Thorarensen,

M Björnsson

Egill Sveinsson

—”—

—”—

—”—

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Krossi hinn 2 júní 1886. og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu N^o 44. bl. 27.

vottar H. E. Jóhnnsson.

Borgun:

fyrir þinglestur 75 aur

[fyrir] bókun 25 [aur]

er 1 – ein – króna H. E. Jóhnnsson.



Efra-Holt, Efri- og Syðri-Hól, Efri- og Syðri-Kvíhólmi í Vestur-Eyjafjallahreppi, bls. 27v-29r
N^o 45.

Skrásetning yfir landamerki og landamerkjastefnur jarðarinnar Efri holta í Vestur-Eyjafjallahreppi sem er 33,2 að dýrleika með Efri- og Syðri-Hól og Efri og Syðri Kvíhólma, sem og um rekafjöru takmörk þeirra jarða og fl.

Hornmark að ofan og austanverðu fyrir Efri-Holtatorfunni er Rímhóll (á honum standa nú fjárhús frá Býlinu Rímhúsum). úr honum ræður sjónhending frameptir, þar til kemur á þann stað sem aðeins er akhlið eða elding að sjá milli Sels og Sökku (bæjarins Seljalands sels að ofan og Sökkuhóls að ofan framam) og að nefndan Rímhól beri í Flautahellir (sem er austast í háfjallinu fyrir vestan Írárfoss) á þessum stað er varða sem er hornmark að framan og austanverðu, úr þessu hornmarki ræður sjónhending úteftir nefnda eldingu að sjá milli Sels og Sökku, þar til Syðsta Hafurshól, sem er með markhellum ber í miðjan Miðklett í Hvammsskörðum og ræður, sú sjónhending landsins^{inu} að vestanverðu. Í mótsvið austurhlið landsins er Holtsstaðarland, við Suðurhlið Vestur Holta og Nýjabæjarland og við vesturhlið þess Fitjarmýrarland.

Um merkjastefnuna fyrir landinu að ofanverðu á mótsvið jarðirnar Núp og Hvamm sem hefir verið þrætuland (samanber jarðabókina frá 1861.). hefir nú samist þannig: Landamerkjastefna milli jarðanna Efri Holtatorfunnar á eina hlið og Núps og Hvamms á aðra skal hjer eptir haldin vera, sjónhending úr fyrnefndum Rímhól úteptir að sjá í Sökku (Sökkuhóls áður nefndan) þar til fyrnefnd markalína að vestan tekur við, (að Syðsta Hafurshól ber í Miðklett).

Jafnhliða þessum landamerkjagjörnungi samdist svo að fjárhús frá Hólabæjunum sem eru á Keldubakkanum ofanvert við þá hjer settu merkjalínu, sjeu þar óátalin og sauðfjárbeit þar í grend á bakkanum, í móti heytorskurði frá Hólamönnum til eigin þarfa ábúenda Núps og Hvamms.

Rekafjara Efri Holtatorfunnar, sem liggur fyrir Efri Vestur Holtalandi, hefir þessi takmörk: austurmark þar sem fjósið í Efri Holtum (sem er vestanundir bænum) ber í Kálfhamar, sem er austanvið túnið í Hvammi, en vesturmark þar sem fjósið í Lambhúshól sem er vestanundir bænum ber í nefndan Kálfhamar.

Afrjettarlandið „almenningar“ á Efri Holtatorfan í sameiningu við aðra eigendur þess, eptir því sem tala rennur til:

Eyvindarholti 22 sept. 1885.

Sighv. Árnason. (Fyrir hönd eiganda Efri Holtatorfunnar).

Hinsvegar ritaðri markasetningu erum við undirritaðir samþykkir.

Syðstu-Mörk 5. nóvember 1885.

Jón Sigurðsson, eigandi að 5 hndr. í jörðinni Núpi

Jón Guðmundsson á Efri Hól. (handsal.). eigandi að parti í Núpnnum og nokkrum hluta Fitjarmýrar



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Jónas Þorleifsson á Efri Hól eigandi að 3 hndr. f.m. í Núpnum
Jón Jónsson Waagfjörð (handsal). eigandi að 6 hndr. f.m. í Núpi
Steinunn Eyólfsdóttir fyrir 5 hndr. f.m. í Núpnum

Með þeirri athugasemd að ég sé eigi bundinn við nafnið Sökku, sem tildráttarmiðs undirrita eg, sem ábúandi Vestur Holta og fyrir hönd Kjartans prests Einarssonar sem nú hefir veitingu fyrir Holtsprestakalli J. Sveinbjörnsson

Framanritaðri markasetningu er jeg undirritaður samþykku fyrir hönd eiganda Hvamms Sigurður Sigurðarson

Ólafur Jónsson, ábúandi og umráðamaður fyrir 10 hndr. og eigandi að 5 hndr. í jörðinni Núpi

Grímur Guðmundsson (handsalað). Moldnúp, sem eigandi að parti í jörðinni Núpi

Þuríður Jónsdóttir (að Keldum) eigandi að 5 hndr. í Fetjarmýri, (Með þeim fyrirvara að allt sje ágreiningslaust um mörkin, þar eð jeg ekki þekki það eða hefi komið á staðinn).

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kverkarhellisþingstað hinn 10. júní 1886. og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu N^o 45. bl. 27-29.
vottar H. E. Jóhnnsson.

Borgun:

Fyrir þinglestur 75 aur.

[Fyrir] bókun 25 [aur]

er 1 – ein – króna H. E. Jóhnnsson.



Skrásetning yfir landamerki og landamerkjastefnur jarðarinnar Hvamms undir Eyjafjöllum.

Miðklettur í Hvammskörðum er hornmark að ofan og vestanverðu úr honum liggur merkjalínan austur hamrabrýrnar allt austur að Hvammsnúp, og svo áfram fram á við eptir háeggjum núpsins framyfir Arnarþúfu og niður í Oddsaugu, úr Oddsaugum niður og frameptir láglandinu beina stefnu austanvið Dysjarhól, skára og hálfskára bil frá rótum hans, allt þar til línan úr Rimhól í Sökkuhól tekur við, sem er merkjalína milli jarðarinnar Núps og Efri Holtatorfunnar, svo ræður sú lína úteptir þar til syðsta Hafurshól (á honum standa markhellur) ber í áðurnefndan Miðklett. Fyrir landinu að ofan- og austanverðu liggur Núpsland, að framanverðu Efri Holtatorfunnar og að vestan Sauðsvallarland. Afrjettarlandið „Almenninga“ á jörðin Hvammur í sameiningu við aðra eptir því sem tala rennur til.

Hvammi 30. marz 886.

Sigurður Sigurðsson, fyrir hönd eiganda jarðarinnar

Fyrir hönd eiganda Efri Holtatorfunnar samþykki jeg hjernefnda merkjalínu milli jarðanna Hvamms og Efri-Holta. Eyvindarholti 31. marz 1886. Sighv. Árnason

Samþykkt af ábúanda og eiganda að 5 hundruðum í jörðinni Núpi Ólafur Jónsson á Núpi.

Jón Waagfjörð Jónsson, eigandi að 5 hundruðum í Núpi

Eigandi að 1½ - einu og hálfu – hundraði í jörðinni Núpi Grímur Guðmundsson

Sem eigandi að 5 – fimm – hundruðum í jörðinni Núpi Systu Mörk 29. maí 1886. Jón Sigurðsson.

Fyrir hönd eiganda að ábúðarjörð minni Steinunn Eyjólfsdottir

Sem eigandi að 3 – þrem – hundruðum í jörðinni Núpi Efri Hól 29. maí 1886. Jónas Þorleifsson

Sem eigandi að 5½ - fimm og hálfu – hundraði í jörðinni Núpi. Efri Hól 29. maí 1886. Jón Guðmundsson.

Sem eigandi að 5 – fimm – hundruðum í ábúðarjörð minni Sauðhúsvelli samþykki jeg hinsvegarritaða merkjalínu milli jarðanna Hvamms og Sauðhúsvallar dag 2. júní 1886. Ísleikur Guðmundsson

—”—

—”—

—”—

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kverkarhellisþingstað í Vestur-Eyjafjallahreppi hinn 10. júní 1886. og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu N^o 46. bl. 29.

Vottar H. E. Jónsson

Borgun:

Fyrir þinglestur 75 aur



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

[Fyrir] bókun 25 [aur]

er – 1 – ein – króna H. E. Jónsson



Markalýsing

Mark milli, afrjettanna Ytri Skóga, hverra afrjettur kallaður er Skógafjall, og Ytri Sólheima sem kallaður er Hvítmaga er Jökulsárgil sem Jökulsá rennur nú (?) framúr og hefir runnið, svo lengi sem elstu menn muna til. –

Ytri-Skógum og Ytri-Sólheimum, 14. Júní 1885.

K. Jónsson,

Fyrir handsal Oddur Sveinsson

Vigfús Þórarinsson

Einar Guðmundsson. –

Þorleifur Jónsson,

Sæm. Árnason

Guðmundur Ólafsson,

Sveinn Magnússon

Jón Ólafsson, nafnið handsalað.

Handsalsvottar:

Árni Jónsson.

Friðrik Jónsson

–„–

–„–

–„–

Lesið á manntalsþingi að Loptsalahelli 22. júním. 1885. og ritað í landamerkjabók Skaptafellssýslu N^o 10.

vottar Sigurður Ólafsson

Goldið:

a. fyrir þinglýsingu 0,75 ~~aur~~

b. fyrir bókun 0,25

kr 1,00.

Ein króna Sigurður Ólafsson

–„–

–„–

–„–

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Steinhellisþingstað í Austur-Eyjafjallahreppi, hinn 11. júní 1886. og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu N^o 47. bl. 30.

vottar H. E. Jónsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Borgun: Fyrir þinglestur 75 aur

[Fyrir] bókun 25 [aur]

er – 1 – ein – króna H. E. Jónsson.



Landamerki jarðanna Torfastaða og Kotmúla í Fljótshlíðarheppi.

Að austan mótsvið Kollabæjarhverfi liggja mörkin frá Þverá, yfir undirbakka við hana, í þúfu á barði fyrir ofan hann. Þúfa þessi liggur þar, sem hlið eða elding ber milli Hellisbrekku og Háakotsbæjar. Úr þúfu þessari liggja svo mörkin, eptir lágum stíflugarði uppað Torfastaða-gróf í beina stefnu, miðaða laust fyrir vestan Meyjarhól í austanverðan Borgarhól vestri. En þar innaraf ræður Grófin, Klittnalækur og Torfalækur mörkum mótsvið Kollabæjarhverfi allt inní Blönduþytt, sem er hornmark að austan mótsvið Vatnsdal. En með samkomulagi er ákveðið, að Blönduþyttur skuli haldinn í Torfulæk, mótsvið vörðu, hlaðna fyrir vestan lækjarkann þar, sem Búrfell og Bjólfell mynda sýlingu, efsti í skútinn í bæjargilinu ber laust vestanvert við bæjarröndina í Vatnsdal og Svaðhaus ber rúmt akhlið suður úr Þríhyrningi, þaðan liggja svo mörkin mótsvið Vatnsdalsland að ofan vestur yfir há-Vörðuholt norðanvert beina stefnu miðaða í slakkann á miðjum Þórunúps-núp í hornmarksvörðuna milli Vatnsdals og Árgilsstaða en hún er í beinni sjónhending í suður frá Helgufelli. Úr þessari vörðu liggja síðan mörkin mótsvið Árgilsstaði sniðhalla stefnu í þúfu norðarlega og vestarlega á Sljettafells-rana, og er stefnan milli þessara þúfna miðuð í einstakan klett á brúninni á Þórunúpsfjalli. Úr þessari hornmarksþúfu á Sljettafells-rana, liggja svo mörkin mótsvið austustu Sámstaði yfir ofanverðar brekkurnar austaní Sljettafelli um efsta tóttarbot frá Torfastöðum, fram í vörðu, hlaðna uppá há-rofbrúninni á norðanverðri Ingimundarheiði, og liggur aðalstefnan, miðuð frá áðurnefndu tóttarboti, úr austanverðum Grjótheiðar-rana í hákoll á Bjarnarey. Frá vörðunni á Ingimundarheiði, liggja svo mörkin í þá stefnu, sem Yztaklett ber í Helgafell á Vestmannaeyjum og ber þeirri stefnu alveg saman við þau slægjumörk, sem nú eru haldin milli Kotmúla og Austustu Sámstaða; heldur þessi stefna áfram yfir hinn núverandi farveg Þverár og hina svokölluðu Sámstaða-fit, og lága sandinn þar fyrir framan í hinn forna farveg Þverár, er liggur norðanvert við sandbríkur þær, er svo taka við. Síðan ræður þessi forni farvegur Þverár innað Hundsmel og þaðan í frá Þverá sjálf inní hornmarkið mótsvið Kollabæ.

Sambeit Kotmúla við Torfastaði í högunum fyrir ofan garðana, er eins og að fornu takmörkuð við beit hrossa og kvíkfjænaðar á sumrum meðan slægjuland er varið og kúabeit á málum, einnig eru slægjumörk þessara jarða eins og að fornu.

Gjört í október 1886.

Sem samþykkir hlutaðeigendur undirskrifa

Skúli Gíslason, Gunnar Jónsson Jón Þorvarðsson Umboðsmenn og eigendur Torfastaða

Guðni Jónsson, Oddur Eyjólfsson Eigendur Sámstaða

Einar Ólafsson Eptir umboði

Sigurður Magnússon, Eigandi Kollabæjar.

Ísleifur Magnússon Eigandi Tumast.

Einar Þorsteinsson, eigandi að Ormskoti.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Páll Jónsson, eigandi að Vestur-Torfastöðum
H. E. Jónsson, eigandi að hálfum Árgilsstöðum
Ólafur Arnbjarnarson, ábúandi á Árgilsstöðum
Kristján Jónsson, eigandi og ábúandi á hálfum Árgilsstöðum

—”—

—”—

—”—

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kirkjulæk, hinn 7. dag júnímán. 1887. og innfært í landamerkjabók Rangárvallasýslu N^o 48. bls. 30-31.

Vottar. H. E. Jónsson.

Borgun:

Fyrir þinglestur kr. 0,75

[Fyrir] bókun [kr.] 0,25

kr 1,00.

er: ein króna. H. E. Jónsson.



Landamerki Kollabæjarhverfis, ásamt jörðunum Krosslæk og Tungu í Fljótshlíðahreppi.

Hvað mörk á engjum og slægjum Krosslækjar snertir ræður garður sá að vestan, sem hlaðinn er úr Krosslækjará og uppí garð þann sem hlaðinn er fyrir ofan tún og slægjuland hverfisins, og ræður hann úr því hvað slægjuland þeirrar jarðar snertir, allt austur í Krosslækjará. Engjamörk, milli Tungu og Tumastaða, liggja beina stefnu úr grásteini við Torfastaðagróf, uppað engjagarðinum vestaní ásnum, og er sú stefna miðuð í tvær vörður fyrir utan garðinn, sem beri hvora í aðra. Þau skipti á túnum og slægjum, sem hafa verið haldin hingað til skulu framvegis haldast; þar má enginn setja hús á annars landi, og á 300 faðma ^{breiðri} spildu fyrir ofann þann garð, er friðartún og slægjulönd má enginn setja hús annarsstaðar, en gagnvart þeim hluta garðs þessa, er honum ber að halda við.

Á mótsvið aðrar jarðir, eru þar ámóti, hvað Kollabæjarhverfið, Krosslæk og Tungu snertir landamerkin þessi: Af sunnanverðri brún Þríhyrnings ræður Tómagil mótsvið Krikjulæk allt fram í rjettagil, þegar þau gil mætast, ræður síðan Krosslækjará mörkum að austan, mótsvið Kirkjulæk, Lambalæk og Hellishóla, nema á litlu bili mótsvið Lambalæk, þar sem gamall farvegur nefndrar ár, skilur Krosslækjar-engjar frá Þrætubug, og fremst á mótsvið Hellishóla, þar sem annar gamall farvegur hinnar sömu ár skilur milli Kollabæjarhverfis og Glámutanga. Verður því Krosslækjarár-minni forna endamark á þá hlið, og liggur það þar, sem Aurasel ber í Bjarnarey, og barðið rjett fyrir ofan minnið í Vatnsdalsfjall að austan, þar sem það er hæst. Úr minni þessu ber Ormskot líka í heygarðinn á Kirkjulæk og norðanverðan Heylækjar-skygni. Að framan ræður svo þverá vestur á mótsvið þúfu á barði fyrir ofan undir bakka við ána.

Þúfa þessi liggur þar, sem hlið eða elding ber milli Hellisbrekku og Háakotsbæjar og liggja mörkin að vestan mótsvið Torfastaði úr þúfu þessari, eptir lágum stíflugarði uppað Torfastaðagróf, í beina stefnu miðaða laust fyrir vestan Miðeyjarhól í austanverðan Borgarhól vestri. En þar innaf ræður grófin, Klittnalækur og Torflækur mörkum allt inní Blöndupytt. En með samkomulagi er ákveðið að Blöndupyttur skuli haldinn í Torflæk mótsvið vörðu hlaðna fyrir vestan lækjarbakkann, þar sem Bjólfell og Búrfell mynda sýlingu, efsti skútinn í bæjargilinu ber laust vestanvert við bæjarröndina í Vatnsdal og Svaðhaus ber rúmt akhlið suður úr Þríhyrningi. Úr Blöndupytt liggja mörkin mótsvið Vatnsdal í Svaðhaus, en hann liggur þar, sem elding eða hlið ber milli einisdranga og Ingimundarheiðar, og austurvegg heygarðsins í Vatnsdal ber í bæjargilið. Af Svaðhaus liggja mörkin yfir upphlaðna þúfu á hálsinum og beint af henni í steinbogann í Grákollugili, úr honum beint í upphlaðna þúfu á austanverðum Bresthól og þaðan beina stefnu útí Fiská, miðaða neðanvert við Reynifellsöldu; Að norðanverðu liggja svo mörkin spölkorn innmeð Fiská mótsvið Reynifell, innað markalínu mótsvið sömu jörð, er liggur frá Fiská í beinni stefnu miðaðri frá hæzta leyti uppá Reynifellsöldu² vestanverðri¹, uppí hæstu klettana á vestasta horni Þríhyrnings þar sem graslendið er slitnast í hlíðinni, og þar sem austasti endi Reynifellsöldu ber í miðja Heklu þegar staðið er á fjárgötum þeim er liggja í



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

hlíðinni innmeð fjallinu, svo liggja mörkin mótsvið Reynifell eptir há-eggjum Príhrynings inná mótsvið áður nefnt Tómagil.

Fullgjört í maímánuði 1886. með samþykki undirskrifaðra hlutaðeigenda.

Sigurður Magnússon,

Skúli Gíslason

Jón Guðmundsson.

Árni Guðmundsson

í umboði móður minnar. Magnús Árnason.

Ísleifur Magnússon

Einar Þorsteinss

—”—

—”—

—”—

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kirkjulæk í Fljótshlíðarhreppi hinn 7 dag júnímán. 1887.
og innfært í landamerkjabók Rangárvallasýslu N^o 49. bl. 31-33.

Vottar H. E. Jóhnnsson

Borgun:

Fyrir þinglestur 0,75 kr.

[Fyrir] bókun 0,25 [kr.]

1,00 kr.

er: ein króna. H. E. Jóhnnsson



Landamerki jarðarinnar Efri-Strandar í Rangárvallahreppi í Rangárvallasýslu, eru þessi:

„Markamelur,“ sem er hornmark milli Eystri-Kirkjubæjar og Efri Strandar að vestan, en Minna-Hofs- og Stóra-Hofs að austan, liggur í beinni stefnu frá „Trjehól“, laust norðanvert við Árgilsstaðabæ. Markamelur þessi liggur landsunnanvert við háa sandinn, þar sem norðurendi Vatnsdalsfjalls, kemur fram undan Klapparholti nokkru í grend við tjeðan mel og þar sem nyrzta tindinn á Trippafjöllum ber akhlið austanvið annað klapparholt, rjett fyrir landnorðan mel þennan

Úr „markamel“ bein lína vestur í „Trjehól“ og skilur sú lína land Kirkjubæanna frá landi Efri-Strandar. Úr „Trjehól“ í „Lynghól“ liggur bein markalína milli Efri-Strandar og Varmadals. Úr „Lynghól“ liggja landamerkin milli Efri Strandar og Syðri Strandar, að sjá beina stefnu, hjerumbil miðt á milli Heimaeyjar og Bjarnareyjar alt að útsuðurs hornmarki Stóra-Hofs, en það er á sandinum rjett við þjóðveginn litlu norðar, en kirkjuvegurinn frá Stóra-Hofi sker hann og þar sem nyrzta tindinn á Trippafjöllum ber laust fyrir sunnan Heklu, og ræður þessi seinast talda stefna síðan mörkum Efri-Strandar mótsvið Stóra-Hof uppað áður nefndum „Markamel“.

Gjört að öllum hlutaðeigendum viðstöddum og samþykkum, í ágúst mánuði 1885.

Fyrir Stóra-Hof. J Árnason.

Fyrir Syðri Strönd. Matth. Jochumsson

Fyrir Eystri Kirkjubæ Magnús Árnason Hjörtur Oddsson

Fyrir Vestri-Kirkjubæ: Bogi P. Pjetursson.

Fyrir Varmadal: Bogi P. Pjetursson. St. Filippusson F. Filippusson, Þ. Filippusson. Gróa Filippusdóttir

Fyrir Efriströnd H E Johnsson. —

—”—

—”—

—”—

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni í Rangárvallahreppi hinn 8 dag júnímán 1887. og innfært í landamerkjabók Rangárvallasýslu N^o 30. bl. 33.

Vottar H. E. Jónsson.

Borgun: fyrir þinglestur. 0,75 kr.

[fyrir] bókun 0,25 [kr.]

1,00 kr.

er: ein – króna. H. E. Jónsson



Landamerki jarðarinnar Holtsmúla í Landmannahreppi, eru sem fylgir:

Fyrst úr þúfu sem er norðast í tungunni, þaðan sjónhendingu í vörðu hjá svokallaðri keldu, þaðan sjónhendingu í vörðu á Fögrubrekku, þaðan beint í þúfu í Forunum, svo ræður kelda norður að vörðu á keldubakkanum vestri; þaðan beint í þúfuna sælu, þaðan beint í vörðu á há-heiðinni, þaðan sjónhendingu í Ferstiklu, þaðan í efri-gilbotninn þaðan beint í þúfu sem er á norður gilbarminum í vesturbotnunum, og svo ræður gil í áðurnefnda þúfu í tungunni. –

Holtsmúla 4. júní 1887.

Ábúendur: Þorsteinn Þorsteinsson. E. Gíslason.

Þessu eru samþykkir undirskrifaðir ábúendur jarða þeirra er land eiga að.

Ólafur Jónsson. Austvaðsholti.

Þórður Steindórsson, Líður Árnason Hjallanesi

Jakob Hjaltason, Neðra Seli

Teitur Bárðarson Efra Seli

Jón Oddsson Mykjunesi,

Jón Gíslason, Köldukinn

Oddur Jónsson. Lúnansholti

Jóhannes Magnússon. Lúnansholti. –

–„–

–„–

–„–

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Skarði í Landmannahreppi hinn 10. dag júnímán. 1887.
og innfært í landamerkjabók Rangárvallasýslu N^o 37. bl. 34.

Vottar: H E. Jónsson

Borgun:

Fyrir þinglestur kr. 0,75

[Fyrir] bókun [kr.]0,25

kr. 1,00.

er: ein – króna H. E. Jónsson



Landamerki fyrir Skarð, með hjáleigunum, Króktúni og Görðum í Landmannahreppi:

Fyrst, Borgarbæli, þaðan beint í vörðuna á „Stórvísla hnúk“, þaðan beint í Miðfell, (þar sem það er hæzt) þaðan beint í Gildruhól, þaðan beint í Húshól, þaðan beint í Þjórsá, mótsvið mitt Kistufell, svo ræður Þjórsá, fyrir austan alla hólma og sker, norður á mótsvið markvörðu, sem er skammt fyrir sunnan Yrjur, þaðan beint í Fagurhól, þaðan beint í Markhól, sem er skamt fyrir vestan Eskiholt, þaðan beint í vörðu sem stendur á svokölluðum Hrísum, þaðan beint í vörðu þá, sem stendur á hól vestantil við vatns-skarð, þaðan beint í Litlabæli, þaðan beint í áðurnefnt Borgarbæli.

Framanskriðu landamerki samþykkið við allir hjer undirskrifaðir hlutaðeigendur.

Skarði 7. júní 1887.

Jón Árnason

Fyrir Hvamminn: E. Guðmundsson. G. Árnason

Fyrir Látalæti og Hellur: Árni Jónsson, Filippus Guðlögsson (h. s.)

Fyrir Yrjur og Eskiholt: Sigurður Guðmundsson

Fyrir Stóra-Klofaeignina: Ól. Jónsson. Ol. Jónsson (h. s.)

Fyrir Fellsmúlann; B. Brynjólfsson

—”—

—”—

—”—

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Skarði í Landmannahreppi, hinn 10. dag júnímán. 1887.
og innfært í landamerkjabók Rangárvallasýslu N^o 52. bl. 34. vottar H. E. Jónsson

Borgun: Fyrir þinglestur kr 0,75.

[Fyrir] bókun [kr] 0,25

kr 1,00.

er: ein króna H. E. Jónsson



Landamerkjaskrá fyrir Lýtingsstaðalandi

Mörkin hefjast á landnorðurhorni við vörðu á Krosshól; þaðan sjónhending í svonefndan Grástein; þaðan sjónhending í þúfu á rímanum þar fyrir neðan; þaðan sjónhending í þúfu fram í mýrinni; þaðan í vörðu við Markakeldubotn. Frá vörðunni við Markakeldubotn eptir keldunni fram í Steinslæk; síðan ræður Steinslækur útí Mjóalækjarkjapt. Síðan ræður mörkum Mjóilækur, svo langt sem hann nær; síðan úr Mjóalækjarbotni sjónhending í hornmark í Miðju Mjóasundi framanvert við brúna. Þaðan sjónhending í vörðu á vestustu Fögrubrekku: þaðan að síðustu, sjónhending í fyrstnefnda vörðu á Krosshól.

Eru þá hjermeð talin landamerki jarðarinnar Lýtingsstaða allt umhverfis. Itök á engin jörð í nefndrar jarðar landi, enda hún engin ítök í öðrum jörðum.

Fullgjört 6. Júlí 1886. af undirskrifuðum hlutaðeigendum.

Sigurður Magnússon, eigandi Lýtingsstaðanna

Í umboði jarðareigandans Arinbjarnar Ólafssonar fyrir Hvamminn Helgi Jónsson.

Fyrir Rapptholtið Jón Pjetursson. –

—”

—”

—”

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólfshaga í Holtamannahreppi, hinn 11. dag júnímán. 1887. og innfært í landamerkjabók Rangárvallasýslu N^o 53. bl. 35.

Vottar H E. Jónsson

Borgun: fyrir þinglestur kr 0,75.

[fyrir] bókun [kr] 0,25

kr. 1,00.

er: ein króna H. E. Jónsson



N^o 54.

Að vestan: úr vörðu vestast á Giljatungu niður við gilið, beint uppí Fagurhól, úr Fagurhól beint í Miðmundasnös;

Að norðan: úr Miðmundasnös austur yfir Sótás beint í Grástein;

Að austan: úr Grásteini beint suður í stein í Hvítarhvammi, þaðan beint suður í Móhól við gilið;

Að sunnan: ræður gilið vestur að vörðunni á Giljatungu

Guttormshaga 14/5 – 84.

B. Eiríksson

Samþykkt hafa

Jón Guðmundsson, bóndi á Hreiðri.

Oddur Guðmundsson bóndi í Hvammi.

Puríður Jónsdóttir. eigandi að Götunni

Kr. Jónsson á Marteinstungu

Sigfús Sigurðsson, Bjálmholti

—”—

—”—

—”—

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólfshaga í Holtamannahreppi, hinn 11. dag júnímán. 1887. og innfært í landamerkjabók Rangárvallasýslu. N^o 54. bl. 35.

vottar H. E. Jónsson

Borgun:

Fyrir þinglestur kr. 0,75

[Fyrir] bókun [kr.] 0,25.

kr 1,00.

er: ein – króna. H. E. Jónsson.



Landamerki jarðarinnar Sumarliðabæjar í Holtamannahreppi.

Að sunnan ræður Steinslækur, að vestan í Steinslæk rennur kelda sem er kölluð markakelda kemur hún úr dýi úr því dýi beina stefnu í vörðu á Móabarði austanvið Ferðamannalág. Að norðan frá nefndri vörðu beint í hornmarkavörðu milli Rappholts og Lýtingsstaða og þaðan í Mjóalækjarbotn og hann ræður fram í fyrnefndan Steinslæk.

Í október 1886.

Jarðareigendur Jóhann Þorsteinsson. Nefsholti Halldór Halldórsson á Vatnsleysu
Ábúendur. Þórður Þórðarson.

Samþykkt af ábúendum Efri-Hamra Ólafur Hallsson, Filippus Bjarnason

Bergsteinn Jónsson, Rappholti

Þórður Guðmundsson^{Íslason}, Lýtingsstöðum

—”—

—”—

—”—

Upplesið og bókað á manntalsþingi, að Þjóðólfshaga í Holtamannahreppi, hinn 11. dag
júnimán. 1887. og innfært í landamerkjabók Rangárvallasýslu N^o 55. bl. 35-36.
vottar H. E. Jónsson

Borgun:

Fyrir þinglestur kr 0,75

[Fyrir] bókun [kr] 0,25

kr 1,00.

er: ein – króna H. E. Jónsson.



Landamerki prestssetursins Kálfholts liggjandi í Holtamannahreppi eru þessi:

Að sunnan vestanfrá Þjórsá í Stóra-ós (syðstaósinn þaðann sjónhending í vörðu vestan við Gónholt, þaðan í Kálfalæk, og ræður hann mörkum að austan uppí Kolavatn, eptir Kolavatni miðju, og úr því eptir fornum garðlegg norður í Lónbotna, þaðan ræður lónið mörkum norður í Þjórsá, þá ræður Þjórsá að vestan, suður að fyrstnefndum Stóraós

Kálfholti 8. Júní 1887.

Fyrir Kálfholt samþykkir Oddg. Guðmundsen

Fyrir Syðri Hamra Jón Þórarson

Fyrir Sauðholt Sezelja Ásgrímsdóttir,

Fyrir Hamrahól Eiríkur Filippusson

Kálfholtskirkja á fjöru fyrir Þykkvabæjarlandi 400 faðma tólfræð, með þessum fjörumörkum, fyrir austan liggur Búrfell austan að Glæsihúsi „því sem stendur á hlaðinu á Þykkvabæ“; en vestur fjörumörk skal bera Búrfell austanað Eiðsmel og akhlið á milli

Svo er Stakksengi í Sauðholtslandi, sem kemur fyrir beit frá Sauðholti í Kálfholtsland fyrir málnýtu á sumar, 1 mánuð í bæði mál, eða tvæ mánuði í annað mál

Ath.gr. Þar eð þetta svokallaða Stakksengi er mjög af sjer gengið, mun eg leitast við að fá þessum samningi breytt á einhvern hátt þar eð afurðir Stakksengisins, eru enganveginn jafnvægi beitarinnar er Sauðholt hefir notið í Kálfholtslandi. –

Kálfholti 9. júní 1887.

Oddg. Guðmundsson.

—”

—”

—”

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólfshaga í Holtamannahreppi, hinn 11. dag júnímánaðar 1887. og innfært í landamerkjabók Rangárvallasýslu N^o 56 bl. 36.

Vottar H. E. Jónsson

Borgun

Fyrir þinglestur kr. 0,75.

[Fyrir] bókun [kr.] 0,25

kr. 1,00

er: ein króna H. E. Jónsson



Landamerki Jarðarinnar Mykjunes í Holtamannahreppi eru þannig:

Varða við flóðakeldu er hornmark milli jarðanna Mykjunes og Skammbeinsstaða, Hjallanes og Holtsmúla, og ræður sú flóðakelda í flóðkyl með vörðu í, sem er hornmark á milli Mykjunes og Köldukinnar, þaðan sjónhending í Bauluskurð, sem ræður á meðan hann endist og úr botni hans í Stakarima, og þaðan sjónhending í Markhól, sem er hornmark milli Mykjunes og Hreiðurs, Þverlækjar og Skammbeinsstaða, og þaðan sjónhending í krossmerktan stein á Mykjunes-ós, þaðan sjónhending í fyrstnefnt hornmark.

Við undirskrifaðir höfum allir samþykkt þessa merkjaskrá.

Árni Árnason á Skammbeinsstöðum, Jón Tómasson, sama bæ

Líður Árnason á Hjallanesi, Þórður Steindórsson, sama bæ

Þorsteinn Þorsteinsson á Holtsmúla Einar Gíslason á Sama bæ.

Jón Gíslason á Köldukinn Einar Þorsteinsson á sama bæ

Sigríður Sigurðardóttir á Pulu

Jón Guðmundsson á Hreiðri

Jón Jónsson á Þverlæk, Jón Ólafsson á Þverlæk

Jón Oddsson á Mykjunesi Brynjólfur Jónsson á sama bæ

Skrifað í Mykjunesi, þann 16. maí 1887.

Jón Oddsson

—”—

—”—

—”—

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólfs Haga, í Holtamannahreppi, hinn 11. dag júnímán. 1887. og innfært í landamerkjabók Rangárvallasýslu N^o 57 bl. 37.

Vottar: H. E. Jónsson

Borgun:

Fyrir þinglestur kr. 0,75

[Fyrir] bókun [kr.] 0,25

kr 1,00.

er: ein króna. H. E. Jónsson



Landamerki Jarðarinnar Uppsala í Hvolhreppi

Slægjumörkin, milli þeirrar jarðar og Brekkna eru þessi: Fyrst ræður Uppsalatún og nær það vestur á brúnina á brekkunni austanvert við lág þá, er þar liggur að túninu og ræður sú brún fram í hinn stóra Grástein er stendur ofarlega í brekkunni fyrir neðan túnið rjett fyrir austan áðurnefnda lág. Úr þessum steini liggja svo slægjumörkin þráð beina stefnu fram í gamalt garðlag í hólunum austanvert við ærhúsin á Brekkum og ræður svo það garðlag þaðan í frá fram í hinn forna farveg Þverár fyrir norðan Lambey; og ber alla markastefnu þessa úr áðurnefndum stóra-Grástein laust vestanvert við Álfsey.

Mörkin hefjast í landnorðurhorni á Hnúðholtskeldumynni, þar sem hún kemur saman við svo kallaða Leyrukeldu. Mynni Keldumynni þetta er hornmark milli Lækjar, Flagveltu, Hjallaness og Skammbeinstaða. Úr Hnúðholtskeldumynni ræður mörkum Hjallaneslækur allt suður að vörðu þeirri, sem stendur við svo kallaða Flóðakeldu; er varða sú hornmark milli Hjallaness, Holtsmúla, Mykjunes og Skammbeinstaða. Úr vörðu þessari ræður sjónhending mörkum í stein, sem er á ásnum milli Mykjunes og Skammbeinstaða, og er steinn sá auðkenndur á höggnum krossi; úr þessum steini ræður mörkum sjónhending vestur í svo kallaðan Markhól, þar sem er hlaðin varða, sem er hornmark milli Mykjunes, Hreiðurs, Þverlækjar og Skammbeinstaða. Úr þessari vörðu ræður mörkum sjónhendingin og norður í svo kallaðan Stokk, sem er grýttur hóll með hlaðinni vörðu á gagnvart Stúfholti; er varða sú hornmark milli Þverlækjar og Skammbeinstaða, enn hliðarmörk fyrir Stúfholtslandi. Úr vörðunni á Stokk ræður mörkum sjónhending í svo kallað Flóð, þar sem hornmark er fyrir Stúfholts- og Lækjarlandi; úr „Flóðinni“ ræður mörkum Hnúðholtskelda þar til er hún kemur í áður nefnda Leyru.

Eru þá mörk fyrir Skammbeinstaðalandi talin allt umhverfis Skammbeinstaðir eiga skógarítak í svo kölluðum Hraunteig í Næfurholtslandi, 13 viðarhesta 5. hvert ár; önnur ítök eiga Skammbeinstaðir ekki, enda engin jörð ítök í þeirra landi.

Skammbeinstöðum 12. jan. 1888.

Steinunn Melsteð.

Samþykkt fyrir Þverlækinn: Guðrún Vigfúsdóttir

fyrir ½ Mykjunes: Jón Oddsson (H.S.)

Loftur Finsson á Stúfholti

Jón Pétursson (fyrir Hjallanesi)

Böðv. Jónsson (handsalað)

Lýður Árnason

Bókun – – „ kr. 25 aur

Flyt „ kr. 25 aur.

Flutt – „ kr. 25 aur.

Þingl. „ [kr.] 75 [aur.]

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólshaga hinn 17. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 87. bl. 53.-54.

Vottar Páll Briem



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Landamerkjaskrá Hrafntófta og Steinstóftar í Holtamannahreppi í Rangárvallasýslu.

I. Milli Hrafntófta og Steinstóftar annarsvegar og Bjólu og Bjóluhjáleigu hinsvegar eru mörkin þessi samkvæmt gjörð, dagsettri á Odda 26. október 1888: Mörkin liggja að ofan í stefnu frá svo nefndum háa-smárima í suðurhallt útsuður fram að túngarðinum fyrir ofan bæina, hér um bil 9 föðmum fyrir vestan hlið það, sem nú er á garðinum og miðuð þaðan upp eftir liggur þessi markalína í norðurhallt landnorður og ber beint í slakka þann, er liggur milli þeirra tveggja austustu fjalla í Biskupstungum, er sjást frá garðium. Frá garðinum heldur svo markalínan sömu stefnu milli túnanna fram í upphlaðna þúfu bilkorn fyrir framan túnin og spölkorn frá Ytri-Rangá; og liggur þúfa þessi þar, sem hin ofanritaða markastefna ber austanvert við miðhólinn fyrir sunnan Oddaflóð, og þar, sem norðurendinn á Hrafntófta-heygarði ber í þann einstaka tind á Tryppafjöllum, er liggur næst fyrir sunnan Heklu. – Frá áðurnefndri hornmarkspúfu liggja svo mörkin beina stefnu fram í hornmarksvörðu upphlaðna þar, sem hún ber í vestra Bakkakotsbæ og í norðuröxlina á Ingólfsfjalli, og miðuð frá þessari hornmarksvörðu upp í hornmarkspúfuna fyrir framan túnin ber öll þessi landastefna yfir turninn á Árbæjarkyrkju austanvert í Skarðsfjall

II. Milli Hrafntófta og Steinstóftar annarsvegar og Ægissíðu hinsvegar er bein stefna úr svo nefndum Háa-smárima í svo nefnda Fossflataþúfu við Rangá.

Gnúpverjahreppi 24. apríl 1890.

Valdimar Briem (hreppsnefndaroddviti)

Bókun – „kr. 25 a.

Flyt „ kr. 25 a.

Flutt „ kr. 25 a.

Þingl. „[kr.] 75 [a.]

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólshaga hinn 17. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 88. bl. 54.

Vottar Páll Briem



Árið 1888 hinn 1. októbermánaðar vorum vér undirskrifaðir staddir að Bjólu og Hrafnatóftum í Holtamannahreppi innan Rangarvallasýslu til þess að skoða landamerki greindra jarða með undirliggjandi hjáleigum og síðan, að því leyti sem þræta er um þau, að ákveða þau með gjörðardómi samkvæmd svohljóðandi fullmakt:

„Það landamerkja ágreiningur hefir að undanfögnu átt sér stað milli jarðanna Bjólu annarsvegar og Hrafnatófta og Steinstóftar hinsvegar, þá höfum við undirskrifaðir hlutaðeigendur og þeirra fullmektugir komið saman í landi því, er greinir á um, enn samkomulag ekki náðst til að lagfæra mörkin. Nú það þetta hlýtur innan skamms að fást afgjört, höfum við komið okkur saman um að kjósa 3 óvilhalla menn til að ráða þessu máli til órjúfanlegra lykta. Fyrir oddamann kjósa báðir málsaðilar prófast herra Skúla Gíslason á Breiðabólstað í Fljótshlíð, enn fyrir sína hönd kjósa Bjólumenn Erlend bónda á Herríðarhóli og fyrir hönd Hrafnatófta og Steinstóftar kýs Einar bóndi Gestsson á Hæli, eftir fullmakt frá hreppsnefnd Gnúpverjahrepps, Þórð bónda Guðmundsson á Hala, og skal það, sem þessir til kvöddu menn gjöra, standa óraskað sem gjörðardómur væri.“

Bjólu þann 17. júní 1888.

„Vegna Bjólu: Jón Eiríksson Filippus Filippusson Ámundi Filippusson (handsalað)

Vegna Hrafnatófta og Steinstóftar: Eftir fullmakt frá hreppsnefnd Gnúpverjahrepps Einar Gestsson“

Það Erlendur bóni á Herríðarhóli, er Bjólumenn höfðu kosið, taldist undan þessu verki, mætti Jón bóndi Þórðarson á Berustöðum í hans stað, það Filippus Filippusson hafði vottanlega flutt fullmakt þá, sem Erlendi var gefin, yfir á hann, og hinir ábúendur og eigendur Bjóluhverfisins samþykkt það í áheyrn vorri að viðstoddum vottum.

Samkvæmt ofanskriðuðu áttum vér fund með oss og kváðum upp svolátandi gjörðardóm:

Landamerkin milli Hrafnatófta og Steinstóftar annarsvegar og Bjólu og Bjóluhjáleigu hinsvegar, liggja að ofan í stefnu frá svo nefndum Háa-smárima í suður hallt útsuður fram að túngarðinum fyrir ofan bæina, hér um bil 9 föðmum fyrir vestan hlið það, sem nú er á garðinum, og miðuð þaðan upp eftir, liggur þessi markalína í norðurhallt landnorður og ber beint í slakka þann, er liggur milli þeirra tveggja austustu fjalla í Biskupstungum, er sjást frá garðinum. Frá garðinum heldur svo markalínan sömu stefnu milli túnanna fram í upphlaðna þúfu, bilkorn fyrir framan túnin og spölkorn frá Ytri-Rangá; og liggur þúfa þessi þar, sem hin ofanritaða markastefna ber austanvert við miðhólinn fyrir sunnan Oddaflóð, og þar sem norðurendinn á Hrafnatófta-heygarði ber í þann einstaka tind á Tryppafjöllum, er liggur næst fyrir sunnan Heklu, og hafa þessi mörk verið óumþrætt Frá áður nefndri hornmarksþúfu liggja svo mörkin beina stefnu fram í hornmarksvörðu upphlaðna þar, sem hún ber í vestra Bakkakotsbæ og í norðuröxlina á Ingólfsfjalli, og miðuð frá þessari hornmarksvörðu upp í



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

hornmarkspúfuna fyrir framan túnin, ber öll þessi landamerkjastefna yfir turninn á
Árbæjarkyrkju austanvert í Skarðsfjall.

Staddir á Odda 26. október 1888

Skúli Gíslason

Jón Þórðarson

P. Guðmundsson

Bókun – „ kr. 25 aur.

Þingl. „ [kr.] 75 [aur.]

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólfshaga hinn 17. maí 1890 og ritað í
landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 89. bl. 54.-55.

Vottar Páll Briem



Landamerkjabréf fyrir jörðina Efri-Rauðalæk liggjandi í Holtamannahreppi í Rangárvallasýslu.

Úr garðlegg, sem er á Melholti í garðlegg á austurheiði og beint í Rangá þaðan eftir garðlegg út yfir heiði og svo beint í Fauskás. Þaðan út í austasta og hæsta Tóurimann, þaðan upp í Rauðalæk beina stefnu í Markhól, ræður svo lækurinn upp fyrir Litlutungu, þaðan beint í garðlegginn, sem er á Melholti.

Bjarni Jónsson eigandi jarðarinnar.

Fyrir Syðri-Rauðalækinn: R. Halldórsson

Fyrir Ægissíðuna: F. Guðmundsson og J. Guðmundsson

Fyrir Árbæjar landareign: Helgi Jónsson Þorleifur Guðmundsson

Bókun „ kr. 25 aur.

Þingl. „ [kr.] 75 [aur.]

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólshaga hinn 17. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 90. bl. 55.

Vottar Páll Briem



Landamerkjabréf fyrir jörðinni Syðri-Rauðalæk liggjandi í Holtamannahreppi í Rangárvallasýslu.

Úr hæsta og austasta Tóurima í Fenaugu, þaðan í Titlingagilsbotn, ræður svo gilið í Rauðalæk, ræður svo Rauðilækur í Steinagilsmyrni, svo ræður Steinagil. Úr Steinagilsbotni upp í Fenaugu, þaðan í Melrakkaholt. Úr Melrakkaholti í Markhól, þaðan aftur í áðurnefndan hæsta ~~end~~ og austasta Tóurima.

Ritað í maí 1890.

R. Halldórsson eigandi jarðarinnar.

Fyrir Efri-Rauðalækinn: Bjarni Jónsson

Fyrir Brekkurnar: H. Jónsson Á. Helgason

Fyrir Ægissíðuna: F. Guðmundsson og J. Guðmundsson

Fyrir Vetleifsholtið Ó. Ólafsson og S. Guðmundsson.

Fyrir Moldartunguna: Þorsteinn Magnússon Salvör Þorsteinsdóttir

Fyrir Arnkötlustaðina: Þorsteinn Jónsson.

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólshaga hinn 17. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 91. bl. 55.

Vottar Páll Briem

Gjald til landsjóðs:

Fyrir þinglestur „ kr. 75 aur

[Fyrir] bókun – „ [kr.] 25 [aur]

1 kr. „ aur. Ein króna. Páll Briem



Landamerkjabréf samþykkt 13. maí 1890 fyrir jörðinni Moldartungu í Holtamannahreppi og Rangárvallasýslu.

Úr Kastalabrúnarholti í Fenaugu, þaðan í miðja Giljatungu við Steinagilsbotn, ræður svo gilið fram í Rauðalæk, ræður svo Rauðilækur ^{vestur á} mótis við Titlingagilsmynni, þaðan í Yzpuhól, þaðan aftur í svo nefndan (Strokkhól) eða Markhól og í Skammalæk við svo nefnda Markakeldu, ræður svo lækurinn upp að svo nefndu austasta gili, ræður svo gilið upp í botn, úr gilbotninum upp í Sundhól, úr Sundhól í efri Sandhól, og það beint í áðurnefnt Kastalabrúnarholt.

Jón Jónsson

Salvör Þorsteinsdóttir

Þorsteinn Magnússon

Runólfur Halldórsson eigendur jarðarinnar.

Fyrir Brekkurnar: Á. Helgason.

Fyrir Rauðalækinn: R. Halldórsson

Fyrir Berustaðina: Þ. Jónsson

Fyrir Arnkötlust: Runólfur Þorsteýnsson

Fyrir Þjóðólfshagann: Þorsteinn Gunnarsson.

Bókun – „ kr. 25 aur.

Þingl. „ [kr.] 75 [aur.]

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólfshaga hinn 17. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 92. bl. 56.

Vottar Páll Briem



Afrit) Landamerki Fyrir jörðinni Vetleifsholti og þess afbýlum í Holtamannahreppi.

Hornmark að suðaustanverðu er í Bjóluósi þar sem Bjóla ber í Búrfjall Oddi í syðsta horn Þríhyrnings, og Dímun um hús þau sem ^{eru} sunnan til við Ártúnabæ, þaðan til vesturs beina stefnu á Geitafell út að Kálfalæk, þaðan ræður að vörðu þeirri sem er hjá svonefndri Markakeldu Syðst Kálfalækur þá Frakkavatn og nyrst Andalækur, og frá Markakeldu beina línu í Grænarima Úr Grænarima í Titlingagil úr Titlingagili í Fenaugu úr Fenaugum í Sandsholt ^{úr Sandholti} beina línu um vörðu þá í brúnunum þar sem kallað er Ystaskjól og í fyrstnefnt hornmark.

Undirskrifað af eigendum og í umboði eiganda ofanefndra jarða.

Vetleifsholti 5. maí 1887.

Sigurður Guðmundsson

Steinn Steinsson

Halldór Einarsson

Fyrir aðliggjandi jarðir undirskrifa:

Fyrir Háabæ Ólafur Ólafsson Bjarni Erlendsson

[Fyrir] Ás Jón Jónsson Filippus Jónsson

[Fyrir] Arnkötlustaði Runólfur Þorsteinsson

[Fyrir] Rauðalæk syðri Runólfur Halldórsson

[Fyrir] Ægissíðu Jón Guðmundsson

[Fyrir] Bjólu Jón Eyríksson F. Filippusson.

Bókun – „ – 25

Þingl. – „ – 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólfshaga hinn 17. maí 1890. og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 93. bl. 56.

Vottar Páll Briem



Landamerkjabréf fyrir Árbæjarhverfislandareign.

Að austan ræður bein stefna úr Hamarsholti í Markasteinininn á heiðinni og þaðan í Markasteinininn á markanefi og þaðan beint í Rangá ofanvert við Gullfoss, það á nefnilega að vera bein stefna úr Hamarsholti í Markasteinana og í Rangá, og svo ræður Rangá að sunnan suður á móts við Markavík.

Að vestan ræður bein stefna frá Rangá vestanvert upp úr Markavíki, í Markapúfuna á heiðarbrúninni og þaðan sjónhending eftir garðleggnum, sem liggur frá nefndri Markapúfu út yfir heiði beint í garðlegginn yfir um Melholt og í Rauðalæk fyrir neðan Litlutungu það á nefnilega að vera bein stefna frá Markapúfunni ^{og eftir garðleggnum} að sjá austanvert í túnið í Litlutungu. og svo ræður þaðan frá að norðan Rauðilækur upp að Hólmsporði og svo ytra hólmgilið upp á móts við markastein, sem stendur upp í gilbarðinn norðanvert við efsta hvamminn fyrir framan þverásinn, og svo er bein stefna austanvert við Tjaldhól og fyrir vestan Haukhóla upp í Hamarsholt það er nefnilega beina línu frá steininum á gilbarðinn og í áður nefnt Hamarsholt.

Árbæ 28. maí 1887.

Helgi Jónsson.

Þorl. Guðm.son.

Magnús Jónsson

Sesselja Ingvarsdóttir (handsalað)

Bjarni Jónsson

Einar Hinriksson

Bókun – „ – 25

Þingl. – „ – 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólshaga hinn 17. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 94. bl. 56.-57.

Vottar Páll Briem



Skrá yfir landamerki jarðarinnar Ölversholts með hjáleigunni Ölversholtshjáleiga liggjandi í Holtamannahreppi innan Rangárvallasýslu. – eru þessi:

Frá svonefndu gilmyggi (þar sem Ölversholtsgil fellur í Rauðalæk) ræður gilið í austurgilsbotn, úr austurgilsbotni ræður skurður með pyttum upp í flóð, úr flóðunum ræður kelda með pyttum upp í austurbrúnarhorn, frá austurbrúnarhorni ræður bein stefna í Klettholt (sem er hornmark milli jarðanna Ölversholts, Marteinstungu, Pulu og Köldukinnar) frá Klettholti ræður bein stefna suður í Hamarsholt (sem er hornmark milli jarðanna Ölversholts, Austvaðsholts, Snjallsteinshöfða og Árbæjar) úr Hamarsholti ræður bein stefna, norðanvert við Haukhól, í vörðu sem stendur í gilbrúninni við ytra Hólmgilið, frá Hólmsporðinum ræður Rauðilækur ofan að áðurnefndu gilmyggi.

Ölversholt, þann 14. nóvember 1885.

Einar Hinriksson (ábúandi)

Hinrik Vigfússon (jarðar eigandi)

Helgi Jónsson

Guðmundur Guðmundsson

Allir sem land eiga að nefndum ^{jörðum} eru beðnir að rita hér á nöfn sín. –

J. Jónsson

Ólafur Jónsson

Einar Þórsteinsson

Guðmundur Þórðarson

Kr. Jónsson

Rannveig Bjarnadóttir

Símon Eyjúlúfsson

Jón Gíslason

Sigríður Sigurðardóttir

Helgi Jónsson

Bókun – „ – 25

þingl. – „ – 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólshaga hinn 17. maí 1890 og ritað í landamerkbók Rangárvallasýslu Nr. 95. bl. 57.

Vottar Páll Briem



Landamerki jarðarinnar Hvamms í Holtamannahreppi.

Að austan ræður bein stefna úr Miðmundasnös í Fagurhól og þaðan beint í markavörðuna niður við gilið eða gilbotninn og svo ræður Marteinstungugil að sunnan og vestur á móts við þar sem ~~heitir~~ Markakelda ~~og~~ rennur í gilið, ræður svo keldan upp undir botn, og þaðan beint í Flatholtsrima. Þaðan beina stefnu í vörðuna neðst í Hvammsmóa og svo í Stórastein ^{og úr} Stórasteini í Krosshól, og svo þaðan beina stefnu í áðurnefnda Miðmundasnös.

Hvammi 13. maí 1887.

Í umboði jarðareigandans Arinbjarnar Ólafssonar Helgi Jónsson

Sem umráðamaður nokkurs af Nefsholtinu samþykkir B. Eiríksson

Eigandi jarðarinnar Lýtingstaða: S. Magnússon (handsalað.)

Eigandi jarðarinnar Raftholts: Jón Pjétursson (handsalað.)

Bókun – „ – 25

þingl. – „ – 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólfshaga hinn 17. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 96. bl. 57.

Vottar Páll Briem



Nr. 97.

Landamerkjaskrá fyrir Landmannafrétt.

Fyrst er Ófærugil, þaðan beint í Krakatind, þaðan beint í Fljótið syðst í Reykjadölum, síðan ræður Fljótið inn að Torfajökli; síðan ræður Torfajökull inn að upptökunum á Stórukvísl, sem ræður merkjum og rennur fyrir austan Kyrkjufell í Tungnaá, þaðan beint í Þveröldu, sem er fyrir norðan austurbotninn á Þórisvatni; þaðan beint í Þóristind; þaðan beint í botninn á Blautukvísl, síðan ræður hún merkjum í Tungnaá, síðan Tungnaá í Þjórsá, síðan ræður Þjórsá fram að syðri endanum á Búrfelli, síðan þaðan beint í áðurnefnt Ófærugil.

Framanskriðuð mörk samþykkjum vér undirskrifaðir.

Landmannahreppi 22. okt. 1886

Fyrir hönd Landmannahrepps:

Eyjólfur Guðmundsson

Kristófer Jónsson

Þorsteinn Þorsteinsson

Fyrir hönd Holtamannahrepps:

Jón Þórðarson

Runólfur Halldórsson

Ól. Ólafsson

Þ. Guðmundsson.

Fyrir hönd Rangárvallahrepps:

Steinn Guðmundsson

Gísli Felixson

Páll Jónsson.

Borgað 2 kr. 50 aur. að þinglesa í Holtum Rangárvöllum og Landi.

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Þjóðólfshaga hinn 17. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 97. bl. 57.-58.

Vottar Páll Briem



Landamerki Eystri og Vestri Tungu.

Landamerkjalinan á milli Eystri og Vestri Tungu og Bakka-bæjanna að norðan sem þegar byrjað er á vörðu við Kýraugapytt og beina línu vestur sem Tunguland endar í vörðu sem Þúfuland tekur við þaðan suður í vörðu á lækjamótatanga svo ræður farvegur lækjar fyrir austan Þúfubæ fram þar til austurlækurinn kemur saman við hann fyrir sunnan þúfu svo austur á milli Tungu og Skeggjastaða (Tungna og Skúmstaða torfu) ræður smjerkelda allt að vörðu við Kýraugapytt. Þessi markalína milli Bakkabæja og Tungna gjöri Kýraugavörðu lítið lausa framanvert við fremri enda Eyjafjalla. Eystri og Vestri Tungu land hefir sambeit með haga.

Staddir á Vestri Tungu 13. maí 1890

Eigandi Vestri Tungu (handsalar) Ólafur Magnússon.

Abúandi Eystri-Tungu: Guðni Þorstensson.

Sigurður Magnússon Danibrm. Skúmstaða eigandi.

Páll Pálsson bóndi á Eystra Fróðholti.

Abúandi á Þúfu: Kjartan Ólafsson

Bókun – „ – 25

Þingl. – „ – 75

ein króna borgað Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Fíflholti hinn 19. maí 18980 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 98. bl. 58.

Vottar Páll Briem



Nr. 99.

Landamerki Berjanestorfunnar.

Að austan milli Berjaness og Eystra-Fíflholts ræður gamall markagarður, er byrjar út við Fljót framanvert við svokallaðan Miðós og ber stefnuna af garði þessum í hól með rofi spölkorn fyrir innan Strandarhöfða enn austanvert við Fljótsveg, enn af þeim hól sem jaðrar Uxahryggsbæ ^{austanvert við Strandarhöfðabæ} og Dúfþekjabæ með Hvolfsfjalli að vestan; enn fram að Affalli ræður bein stefna mitt á milli Selsbæjar í Austur-Landeyjum og Elliðaeyjar. Að norðan ræður Fljótið milli Berjaness og Eyjar mörkum milli þeirra jarða austur í Kelduklofning innanvert við Berjanesshjáleigutún. Síðan liggja mörkin í þúfu í tungunni í útnorður frá ærhúsum frá Berjanesshjáleigu þar sem bæinn í Brók ber í vesturendann á Hvolfsfjalli; og liggur markastefnan af þúfu þessari í horn á gömlum heygarði frá austasta bænum í Ey; enn uppeftir liggur markastefnan frá þúfu þessari yfir upphlaðna vörðu í Kríutjörn og síðan norðanvert við Langamel beina stefnu í klettinn í útnorðurhorni Dímonar þangað sem Breiðabólstaðarland tekur við að innan.

Gjört í maí 1890

Sem samþykkir hlutaðeigendur undirskrifa

Eggert Pálsson

Páll Øgmundsson

Jónas Pálsson

Borgun: Bókun – „ – 25

Þingl. – „ – 75

ein króna borgað Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Fíflholti hinn 19. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 99. bl. 58.

Vottar Páll Briem



Hinn 6. dag maímánaðar 1890 var af undirskrifuðum áreið gjörð á landamerki jarðarinnar Hallgeirseyjar með hjáleigu, liggjandi í Austur-Landeyjahreppi innan Rangárvallasýslu.

Landamerkin voru samþykkt þau^{hin} sömu, sem áður hafa verið haldin.

Að vestanverðu ræður Affallið norður að þúfu þeirri sem er framanvert við Miðrof á Affallsbakkanum. Þaðan liggja svo mörkin beint austur í Hallgeirseyjarfljót; í þessum mörkum eru fjórar þúfur (vörður), sem allar eru í beinni línu, á milli Gularáshjáleigu að sjá og Káragerðis.

Að austanverðu ræður svo Hallgeirseyjarfljót fram í Gljá.

Ingveldur Brandsdóttir. (handsal)

Þóroddur Sigurðsson (handsal.)

Jón Guðnason

Jón Brandsson

Guðlaugur Nikulásson (handsal.)

Einar Sigurðsson (handsal)

Fjörumörkin eru að vestanverðu: þar, sem baðstofan á Bergþórshvoli ber í Öxlina á Árgilstaðafjalli; enn að austanverðu: þar, sem vesturbæjarbaðstofan á Hallgeirsey ber í Tómagil í Þríhyrningi. Fjaran mælist 5 hundruð faðma, tólfræð. –

H Ó Þorsteinsson

Jón Einarsson

Sigurður Einarsson (handsal.)

Jóhann Jónsson (handsal.)

Pjetur Petriusson (handsal.)

Einar Sigurðsson (handsal.)

Jón Guðnason

Guðlaugur Nikulásson (handsal)

Jón Brandsson.

Bókun – „ – 25

Þingl. – „ – 75

ein króna borgað Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Krossi hinn 20. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu nr. 100. bl. 59.

Vottar Páll Briem



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Hinn 10. október 1889 var af undirskrifuðum áreið gjörð, á landamerki jarðarinnar Syðri-Úlfstaða með Syðri-Úlfstaðahjálegiu liggjandi í Austur-Landeyjahreppi innan Rangárvallasýslu.

—

Landamerkin voru samþykkt þau^{hin} sömu, sem áður hafa verið haldin.

Að vestanverðu ræður Affallið suður að þúfu þeirri sem er framanvert við Miðrof á Affallsbakkanum. Þaðan liggja svo mörkin beint austur í Hallgeirseyjarfljót, í þessum mörkum eru fjórar þúfur (vörður), sem allar eru í beinni línu milli Gularáshjáleigu að sjá og Káragerðis. Að austan ræður svo Hallgeirseyjarfljót, norður að þúfu þeirri sem er á milli Brattavaðs og Hildiseyjarvaðs. Þaðan liggja svo mörkin ^{beint} vestur í Affall yfir túnið á milli Syðri-Úlfstaðahjáleigu og Efri-Úlfstaða.

Ingveldur Brandsdóttir (handsal.)

Þóroddur Sigurðsson (handsal)

Jón Brandsson

Jón Guðnason

Einar Sigurðsson (handsal)

Guðlaugur Nikulásson (handsal.)

Bókun — „ — 25

Þingl. — „ — 75

ein króna borgað Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Krossi hinn 20. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 101. bl. 59.

Vottar Páll Briem



Efri-Úlfstaðir í Austur-Landeyjum, bls. 59v-60r
Nr. 102.

Landamerkjaskjal fyrir jörðinni Efri-Úlfstöðum í Austur-Landeyjum.

Landamerki jarðarinnar Efri-Úlfstaða eru þau er nú skal greina:

Úr markabúfu sem er vestast á túninu mitt á milli bæjarins og Syðri-Úlfstaðahjáleigu og austur eftir túninu eftir gömlu garðbroti sem vel sést til í þúfu austast í túninu, og svo úr þeirri þúfu sjónhending í bæinn Gularás allt austur í Hallgeirseyjarfljót þaðan ræður fljótið upp að Litla-Hildiseyjarvaði, þar beygist markið vestur á við vestur fyrir Þýfisrima, og svo upp með honum upp í fjárhúshólinn í Oddakoti og þaðan beina línu upp í Grenshól (syðri). Þegar á Grenshól er verið ber bæinn Bryggjur í Álfsey, og Markhól í ^{bæinn} Strandarhöfuð og er bein stefna yfir hann (Markhól) upp í Affall, og ræður sú stefna á milli Kanastaða og Úlfstaða, úr því ræður Affallið mörkum fram úr, að áður nefndu marki á milli Syðri og Efri Úlfstaða.

Ritað í september árið 1889.

Fyrir hönd eiganda Efri-Úlfstaða: Tómas Sigurðsson. Ísleifur Magnússon

Bókun – „ – 25

þingl. – „ – 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Krossi hinn 20. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 102. bl. 59.

Vottar Páll Briem



Við undirskrifaðir eigendur og ábúendur jarðanna Stóruhildiseyjar og Litluhildiseyjar, sem eru: hin fyrnefnda 30 hndr. að fornu mati, enn 34 hndr. 60 ál. eftir nýjasta mati, hin síðarnefnda 10 hndr. f.m., enn 9 hndr. 36 ál. n.m., skrásetjum hér með í sameiningu landamerki nefndra jarða til ystu ummerkja eftir því sem við vitum þau sönnust og réttust vera, enda höfum við fengið samþykki þeirra manna sem lönd eiga aðliggjandi kringum þessar jarðir, eins og undirskriftir þeirra undir skjali þetta sýna; landamerkjastefnur og landamerkin eru þessi: Hornmark að austan og ofan er þúfa við svonefndan Árnaytt og er hún þar sem Miðeyjarbæ ber laust framan við Seljalandsfors og Borgarhól milli austur-Eyja og þaðan beina línu fram í svo kallaða Vítisvörðu og er hún þar sem Skíðbakkahjál. ber í Klifið á Vestmannaeyjum og Borgarhól í hamrana uppyfir Sauðhúsvelli og þaðan ræður Fljótið marki fram í Lómakíl í þúfu sem er á fljótsbakkanum og er hún þar sem Snotrubæ ber í Ystaklett og Miðey framan við Stóradalsbæ og þaðan beint í vörðu út við brúnir og er hún þar sem Kúfhólsbæ ber laust framan við Holtsnúp og Snotru í Ystaklett og þaðan beint í Ásgeirsholt, á því holti ber Kanastaði í Breiðabólstað og Stóruhildisey við Stórudimon að vestan og þaðan beina stefnu í vörðu við Brattavað og er hún þar sem Krossbæ ber í mitt Eyðið á Vestmannaeyjum og Selshjáleigu í austurhornið á Stórudimon, þaðan ræður Hólmsfljót að þúfu á suðurbakka fljótsins sem er á þeim stað sem Gularásbæ ber austanhallt í Blátind á Vestmannaeyjum, þaðan ræður Hólmsfljót enn áfram inneftir þangað til Selshjáleigu ber í öxlina á austurfjallinu uppyfir Stórumörk og Skíðbakka við Kleyfará í Heimakletti og þaðan beina stefnu í fyrnefnda þúfu við Árnaytt. Aðliggjandi jarðarlönd eru: að austan Skíðbakkaland, að sunnan Krossland og að ofan Selsland austan Hólmsfljóts. Þessu næst skal tekið fram, að landamerki og landaskil milli þessara okkar jarða Stóru og Litluhildiseyjar, eru samkv. þar um gjörðu skjali af beggja hendi dags. 16. þ. mán. þessi: að ofan úr ofannefndri þúfu við Hólmsfljót þar sem Gularásbæ ber austanhallt við Blátind beina stefnu þaðan suður í fyrnefnt Ásgeirsholt. –

Stóruhildisey og Litluhildisey 19. maí 1890

Magnús Jónsson eigandi

Þórður Guðnason

Sigurður Guðmundsson eigandi

Framanskriðu landamerkjaskjali erum við sem eigendur og ábúendur aðliggjandi jarða samþykkir.

Hreiðar Hreiðarsson

Oddur Pétursson

Guðmundur Brandsson

Einar Guðmundsson

Ísleifur Magnússon



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Árni Ólafsson

Ólafur Øgmundsson

Bókun – „ – 25

Þingl. – „ – 75

ein króna borgað Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Krossi hinn 20. maí 1890 og ritað í landamerkjabók
Rangárvallasýslu Nr. 103. bl. 60

Vottar Páll Briem



Skíðbakki með hjáleigum í Austur-Landeyjahreppi, bls. 60v-61r
Nr. 104.

Landamerki jarðarinnar Skíðbakka með tilheyrandi hjáleigum í Austur-Landeyjahreppi.

Frá markavörðunni fyrir framan Skíðbakkavatn, á svonefndum Þrætukrók, liggur markalínan móts við Ljótastaði fram að hornmarkspúfu þeirri móts við Snotruland, sem er upphlaðin í beinni stefnu milli áðurnefndrar þúfu og þúfunnar á innri endanum á Snoturrima, enn miklu nær hinni síðarnefndu þúfu, nefnilega þar, sem syðri endinn á Snotrutúngarði ber norðan við Krossbæ. Frá þessari upphlöðnu hornmarkspúfu liggja svo mörkin milli Skíðbakka og Snotru til útnorðurs í þúfu á Bláberjabrekku, enn hún er á sunnanverðum túnrananum frá Skíðbakkahjáleigu, þar sem Stóruhildiseyjarbæ ber í Gilnamynni og Selsbæ í vestanverðan Þríhyrning. Þaðan liggja mörkin móts við Gularás í þúfuna við framanverðan Lómakíl, og er hún þar, sem Snotrubæ ber í Ystaklett og Miðeyjarbæ framanvert við Stóradalsbæ. Þaðan ræður svo Fljótið mörkum móts við Hildisey upp að Vítispúfu, og er hún þar sem Skíðbakkahjáleigu ber í Klifið og Borgarhól í hamrana upp yfir Sauðsvelli. Þaðan liggja mörkin beina stefnu upp í þúfuna við Árnapytt, og er hún hornmark milli Hildiseyjar og Sels og liggur þar, sem Miðey ber laust framan við Seljalandsfors og Borgarhól milli Austureyja. Þaðan beygir svo markalínan móts við Sel eftir Silungslæk og yfir Sóleyjarflóð beina stefnu í upphlaðna þúfu austanvert við Miðvað í Selslæk og er hún þar sem Ljótastaði ber í Blátind og Kanastaði norðan við Hestfjall. Þaðan liggur svo markalínan í þúfu á garðlagsenda austan og sunnanvert við Króktjörn og liggur hún þar, sem Miðeyjarbæ ber vestantil í Þórólfsfell og Vaðmúlastaða Suðurhjáleigu í hæst Hvolfsfjall. Þaðan liggur svo markalínan móts við Lágafell á útsuður beint fram í Skíðbakkavatn austan við Lambhúshól, enn hann er þar sem Ljótastaðabæ ber í Bjarnarey. –

Gjört í október 1884 með samþykki undirskrifaðra hlutaðeigendur

R. Thorarensen

Ísl. Magnússon

Ólafur Magnússon (handsalað)

Magnús Björnsson

Einar Árnason

Skúli Gíslason

Magnús Jónsson

Hreiðar Hreiðarsson (handsalað)

Þórður Guðnason (handsalað)

Bókun – „ – 25

Þingl. – „ – 75

ein króna borg. Bjarnarson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Krossi hinn 20. maí 1890 og ritað í landamerkjabók
Rangárvallasýslu Nr. 104. bl. 60.-61.

Vottar Páll Briem



Landamerki jarðarinnar Bakka í Austur-Landeyjahreppi 23.2 hundruð að dýrleika eftir hinni nýjustu jarðabók.

Á útnorðurshorni Bakka lands er flatur rimi nefndur „Festikla“. Þegar staðið er á Ferstiklu sést fuglsbringa af Seljalandsforsni norður undan Klapparnefi þessari stefnu er haldið yfir Sandskarð, sem er á Álabökkunum, áfram í svonefndan Tíundardal, sem viðurkennt er að sé þar, sem bæinn Bakka ber í austurbrún Klifsins í Vestmannaeyjum og eystri rætur Hæringsfjælls taka að eins ~~eins~~ austar enn eystri rætur Stóru-Dímonar. Úr Tíundardal liggur markalínan beint til sjávar í sjó, í eystra fjörumark Maríufjöru, sem er elding milli austureyja og Urðartanga.

Frá Ferstiklu liggur markalínan beint til sjávar í svonefndar Þríþúfur, og eru þær þar sem Hafurshóll ber framan við bæjarröndina á Bakka og Norður-Búðarhólshjáleigu í Gilnamynni. Úr Þríþúfum liggur markalínan í Kristínarhól og er hann þar, sem bæinn Bakka ber í Sauðhússvöll og heygarðinn í Hólmum í Gilnamynni. Úr Kristínarhóli liggur svo markalínan beint til sjávar uns vesturendann á Elliðaey ber í stakkann austan við bunka á Bjarnarey og austurbæinn á Tjörnum í Drífanda. Þaðan liggur svo markalínan beina sjónhending í sjó þar, sem að eins sést elding milli Bjarnareyjar og Elliðaeyjar, sem einnig er vestra mark Fjórðungsfjöru. –

Rekaítak eiga á fjörum þeim, er liggja fyrir Bakka landi

I. á Maríufjöru: a. Breiðabólstaðarkyrkja í Fljótshlíð tvo þriðju parta af öllum reka að fráskildu leiguliðagagni og b. Holtskyrkja undir Eyjafjöllum einn þriðja part af öllum reka að fráskildu leiguliðagagni.

II. á Fjórðungsfjöru: a. Breiðabólstaðarkyrkja í Fljótshlíð einn fjórða hluta af sívölum reka að fráskildu leiguliðagagni og b. Eyvindarmúli í Fljótshlíð einn fjórða af sívölum reka sbr. Jónsbókar rekabálks II. kap.

Fjörumörk Maríufjöru er: að austan elding milli austureyja og Urðartanga, enn að vestan: Hábarð á Elliðaey og Bunki á Bjarnarey jafnt að vestan.

Fjörumörk Fjórðungsfjöru er: að austan Hábarð á Elliðaey og Bunki á Bjarnarey jafnt að vestan, enn að vestan elding milli Bjarnareyjar og Elliðaeyjar.

Kanastöðum og Bakka í mars 1887.

Ísleifr Magnússon Eigandi að nokkurum hlut jarðarinnar.

Jón Oddsson Eigandi að nokkurum hlut jarðarinnar og ábúandi.

Jón Jónsson ábúandi á Tjörnum

Lóptur Gúðmunsson ábúandi á Tjörnum.

Eggert Pálsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Þingl. —— 75

ein króna borgað Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Krossi hinn 20. maí 1890 og ritað í landamerkjabók
Rangárvallasýslu Nr. 105. bl. 61.

Vottar Páll Briem



Nr. 106.

Landamerkjabréf fyrir jörðina Sel.

Landamerki milli Sels og Stóruhildirseyjar. Hornmark að austan og framan er þúfan við Árnapytt og er hún þar sem Miðeyjarbær ber laust framan við Seljalandsfoss og Borgarhóll milli austur Eyja og þaðan beina stefnu í þúfuna út við fljót og er hún þar sem Selshjáleigubæ ber í Norðuröxlina á austurfjallinu og Skíðbakkabæ við Kleyfar á Heimaklett. Þaðan ræður fljótið í þúfuna ofan við Sandhól og er hún þar sem Kanastaði ber í norðurendann á Búrfelli og Ljótastaði í Ystaklett og úr þúfunni fyrir norðan Sandhól og yfrum miðja breiðudælu austráð þúfunni við Selslæk og er hún þar sem Kanastaðabæ ber mitt á milli Búrfells og Ingóflsfjalls og ræður lækurinn fram í þúfuna við Miðvað og er hún þar sem Ljótastaði ber í Bláatind og Kanastaði Norðan við Hestfjall og úr Miðvaðspúfu eftir Silungslæk Suðri þúfuna við Árnapytt, með samþykki viðkomenda að Sóleyjarflóð sé yrkt frá Seli eins og hefir verið undanfarna tíð,

Gjört í maí 1890

Vallír Brandsson

Guðmundur Brandsson

Ísleifur Magnússon

Magnús Björnsson

Magnús Jónsson

Einar Árnason

Árni Ólafsson

Hreiðar Hreiðarsson

Þórður Guðnason.

Guðmundur Þórðarson

Guðmundur Halldórsson

Ólafur Øgmundsson

Erlindur Erlinsson

Bókun – „ – 25

Þingl. – „ – 75

ein króna borgað Bjarnarson

Upplesið og bókað á mantnalsþingi að Krossi hinn 20. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 106. bl. 61.

Vottar Páll Briem



Landamerki jarðarinnar Snotru í Austur-Landeyjahreppi.

Móts við Skíðbakkaland liggja mörkin úr þúfunni á bláberjabrekku, enn hún er á sunnanverðum túnrananum frá Skíðbakkahjáleigu beina stefnu norðantil við Skrugghól, í upphlaðna vörðu austur við Ljótarstaðaland, þar sem syðri endann á Snotrutúni ber við Krossbæ, þaðan liggja svo mörkin móts við Ljótarstaðaland fram í Þríþúfur, austast á Snotruholti, og svo fram í upphlaðna hornmarksvörðu milli Ljótarstaða og Kyrkjulands, og er í landamerkjabréfum þeirra jarða getið hvar hún liggur, svo liggja mörkin móts við Bryggjaland vestur í þúfuna sem er norðust á Litlhól, þaðan svo beina stefnu í þúfuna í Markadælu, sem er líka engjarmark millum Kross og Gularás, og þaðan svo aftur móts við Gularásland upp í áðurnefnda þúfu á Bláberjabrekku.

Gjört í maímánuði 1887 með samþykki allra hlutaðeiganda sem við hafa verið staddir.

M. Björnsson.

Sem samþykkir hlutaðeigendur rita hér nöfn sín undir.

Jón Bergsson

Ísleifr Magnússon

Árni Ólafsson

Ólafur Øgmundsson

Erlindur Erlinsson.

Bókun – „ – 25

Þingl. – „ – 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Krossi hinn 20. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 107. bl. 62.

Vottar Páll Briem



Miðey með hjáleigum í Austur-Landeyjahreppi, bls. 62r-62v
Nr. 108.

Landamerki jarðarinnar Miðeyjar í Austur-Landeyjahreppi með tilheyrandi hjáleigum.

Úr Árnaþúfu, sem er þar sem Ønundarstaði ber vestanvert við Hákoll á Heimakletti og Selshjaleigubæ í fremri endann á Búrfelli. Þaðan bein stefna í þúfu á garðlagsenda austan og sunnanvert við Króktjörn og liggur hún þar sem Miðeyjarbæ ber vestantil í Þórólfsfell og Vaðmúlastaða Suðurhjáleiga í Hæst Hvolfsfjall. Þaðan beina stefnu vestur yfir Króktjörn og út í svonefnda Miðvaðspúfu og er hún þar sem Ljótarstaði ber í blátind og Kanastaði norðan við hestfjall. Svo ræður lækurinn upp á móts við stóra dal þar sem þúfan norðan við Sandhól er að bera í Ingólfsfjallsrætur. Þaðan bein stefna í vesturhornið á Sveppatorfu þar sem Vaðmúlastaðir í bera vestast í Hvolfsfjall og Miðeyjar sauðahús sunnan við Seljalandsfoss. Þaðan bein stefna í þúfu, sem er fyrir sunnan Þórðarsel þar sem Miðeyjarbær er að bera í blátind og Dalssel framan við Seljalandsmúla. Þaðan bein stefna í flóðkíl í Skiftingarhólmi þar sem Stóra Dalssand tekur við og svo bein lína til suðurs þar til Miðeyjar og Búðarhóls lönd koma saman og þaðan bein lína í fyrgreinda Árnaþúfu.

Gjört í maí 1890.

Einar Árnason

Guðjón Bárðarson

Ísleifr Magnússon

Bjarni Guðmundsson

Guðmundur Brandsson

M. Björnsson

Guðni Sigfússon.

Bókun – „ – 25

Þingl. – „ – 75

ein króna borgað Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Krossi hinn 20. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 108 bl. 62.

Vottar Páll Briem



Eystri-Skógar í Austur-Eyjafjallahreppi, bls. 62v-63r
Nr. 109.
Nr. 1.

Skrásetning um landamerki jarðarinnar Eystri-Skóga í Austur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu að fornu mati 12 hndr. enn eftir jarðabókinni 1861. 23.2 hndr. – Einungis er hér lýst mörkum á milli nefndrar jarðar Eystri-Skóga og Ytri-Sólheima í Dyrhólahreppi í Vestur-Skaftafellssýslu, bæði eftir sögn núlifandi manna, og svo líka eftir þeim skjölum og skilríkjum sem ég undirritaður í höndum hefi.

1. Fjöru á jörðin fyrir sínu landi. fjörumark er nú brúkað samkvæmt forlíkun sem gjörð er af undirrituðum ábúanda, að stórsteinn rétt ofan við fjöruna með hlaðinni vörðu á, á að bera við vestasta heiðarhornið á Ytri-Sólheimaheiði

2. Landmarkið. Hinn nefndi stóristeinn, sem brúkaður er fyrir fjörumark Úr honum er bein lína í Jökulsárgil, svo ræður gilið upp undir svonefnt Skóga-fjall þá liggur merkjalínan austur úr votugjá, fyrir framan Skógafjall og austur í gilgljúfrið sem er á milli Hvítmögu og Skógafjalls, svo ræður áin sem er í síðastnefndu gljúfri marki norður í jökul.

Allt það land sem er fyrir vestan nefnda markalínu tilheyrir Eystri-Skógum, allt út að mörkunum sem eru á milli Eystri og Ytri Skóga, sem skjal merkt Nr. 2. skýrir frá.

Eystri-Skógum dag 9. nóvember 1885.

Jón Hjörleifsson (ábúandi á Eystri-Skógum.)

Undirritaðir ábúendur og eigendur Ytri-Sólheima eru samþykkir framanskrifaðri markalýsingu

E. Eyólfsson (h.s.)

S. Magnússon (h.s.)

G. Eyólfssdóttir (h.s.)

Ejnar Guðmunsson

Sæmundur Árnason

Guðmundur Ólafsson (h.s.)

Jón Ólafsson handsalað.)

G. Ólafsson

Sveirn Sigurðsson (handsalað.)

Bókun – „ – 25

Þingl. – „ – 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Steinhelli hinn 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 109. bl. 62.-63.

Vottar Páll Briem



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Skrásetning yfir landa- og fjörumörk jarðarinnar Eyvindarhóla undir Eyjafjöllum.

1. Samkvæmt skilríkjum þeim (frá 17^{du} öld) er ég hefi í höndum sem umráðamaður prestsetursins Eyvindarhóla ásamt meðfylgjandi hjáleigum, sem hljóða um landa- og fjöruerki Eyvindarhólalands og samkvæmt þeirri brúkun, sem tíðkuð hefir verið frá ómunatíð sem og samkvæmt viðvarandi sögn manns fram af manni, leyfi ég mér hér með, í tilefni af lögum frá 17^{da} marsmánaðar 1882 að skrásetja lýsingu á landa- og fjörumörkum Eyvindarhólalands eins og ég veit þau réttust vera, sem er þannig: Fyrst að ofanverðu í móts við jarðirnar Hrútafell, Skarðshlíð og Drangshlíð; úr hornmarkinu Reinhól, sem er alþekktur, stór og óhagganlegur hóll skammt í austur-landnorður frá Efrahólakoti, sjónhending austur mitt á milli Dyrhóleyjar að sjá og Geitafjalls í Mýrdal austur í Skógaá, síðan ræður áin til fjöru fram. Þessi hér nefnda sjónhending liggur eftir endilöngum hinum svonefnda merkjagarði sem enn sést vottur af skammt austur af Reinhól þar austur í móann. Í öðru lagi fyrir landinu að vestanverðu í móts við jörðina Stóru-Borg úr áðurnefndum Reinhól sjónhending í útsuður til fjöru fram á þann stað sem Reinhóll ber vestanvert við Dagmálastein vestan við Hrútafellsfjall (Litlafjall) og ber þá Efrahólakot í steininn sjálfan. Þessi merkjalína liggur tæplega laus við kálgarðinn, sem er vestan við heygarðinn á bakvið bæinn í Efra-Hólakoti. Fjörumark að vestan milli Hóla og Borgar er: að standurinn í fjallinu fyrir ofan Rauðafell, austantil í Fagradalsbrúnum (sem kallaður er Skjanni) beri í vestasta túngarðshornið á Hólagerðum frá Fjörinni miðað. –

Enn að austan er fjörumark milli Eyvindarhóla og Ytri-Skógafjöru, að bryddi á Skóga-ár Fossi, austan undan Skóganúp svo mikið sem svarar Fuglsbringu.

Ytri Skógum 14. janúar 1885
prestur K. Jónsson

Framhald

2. Hólatungur (sem ítak) lambaafréttur Eyvindarhólatorfunnar, mark þeirra að framan er árgil mikið norðan við Hrútafellsheiði, einnig árgil að vestan milli þeirra og Rauðafellsheiði. – Sömuleiðis árgil að austan milli þeirra og Borgartungna; takmark þeirra að norðan Eyjafjallajökullinn.

Ytri-Skógum d. 27. apríl 1885
prestur K Jónsson.

Upplesið að Eyvindarhólum 4 sunnudag eftir páska á Kirkjufund 1886 af Sveini Sveinssyni

sem eigandi 2½ hndr. í Hrútafellstorfundi Sveinn Arnoddarson
sem eigandi 4 hndr. í Hrútafellingu og ábúandi þeirra sömu Tómas Tómasson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Bókun – „ – 25

Þingl. – „ – 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Steinhelli hinn 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók
Rangárvallasýslu Nr. 110. bl. 63.

Vottar Páll Briem



Landamerki jarðarinnar Leyrna í Austur-Eyjafjallahreppi 20 hundruð að dýrleika að fornu mati, enn 25.9 hundruð að dýrleika að nýju mati samkvæmt jarðabókinni frá 1861. –

Frá sjó er allt áframhaldandi sjónhending yfir þúfu, sem er á Gljábökkunum áfram austanvert í syðri enda garðsins, sem er hlaðinn næst fyrir vestan Leyrnatúngarðinn áfram norður í fjögra landar merkið, sem er milli Leyrna, Svaðbælis, Hlíðar og Berjaness. Úr nefndu fjögra landamerki er sjónhending til austurs í svo nefnda Steinkelling. Úr nefndri Steinkelling er sjónhending til sjávar austanvert við fjárhús, sem núverandi ábúandi á Ystabæli hefir byggt eða byggja látið, áfram yfir þúfu, sem er á Gljábökkunum. Þegar á þeirri þúfu er staðið, ber nefnda Steinkelling í Gylltuból, sem er neðsti hamarinn austan í Lambafellsfjalli.

Ritað að Núpakoti 1. mars 1887

P. Bjarnarson

Jón Jónsson (handsalað)

Kort Hjörleifsson

Sigríður Björnsdóttir

G. Jónsson

K. Jónsson

Sk. Árnason

P. Bjarnardóttir

K Guðmundsson.

Eigandi að 5 hndr. f.m. í jörðinni Hlíð, samþykkir ofangreind landa- landamerki að því er Hlíðinni við kemur.

Kyrkjubæ vestri 18. janúar 1889

Þuríður Þórðardóttir (handsalað)

Bókun – „ – 25

Þingl. – „ – 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Steinhelli hinn 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 111. bl. 63.-64.

Vottar Páll Briem



Landamerki jarðarinnar Berjaness í Austur-Eyjafjallahreppi 25 hundruð að dýrleika að fornu mati, enn 33.9 hundruð að dýrleika að nýju mati samkvæmt jarðabókinni frá 1861. –

Frá sjó er allt áframhaldandi sjónhending yfir þúfu, sem er á Gljábökkunum áfram austanvert í syðri enda garðsins, sem er hlaðinn næst fyrir vestan Leyrnatúngarðinn, áfram norður í fjögra landar merkið, sem er milli Leyrna, Svaðbælis, Hlíðar og Berjaness. Úr nefndu fjögra landa merki er svo bein stefna á Holtskyrkjugafli svo langt vestur allt þangað til kemur á merkþúfu, sem með því að standa á þúfu þeirri sem er í útsuðurhorni Núpakotsteigs, ber rétt vestanhallt við bæinn Berjaness. Frá merkþúfu þessari er svo sjónhending suðaustan á fjallið Litla-Höfða á Vestmannaeyjum allt þangað til kemur í djúpann grafkyl, sem rennur vestur á ósleyrurnar (tvær rásir falla í kýlinu, önnur nálægt frá norðaustri, hin nálægt frá austri) og svo austast úr kýlnum beina línu til sjávar, nálægt í suður, þannig að nefndan kyl beri í vestri stóra steininn, sem er í svo nefndri Bölt sunnan við garðinn, sem liggur fyrir sunnan sýsluveginna fyrir vestan bæinn Steina.

Fjörumark að vestan, er vestasta húsið á bænum Berjanesi, á að bera við bæjardyrnar á miðbænum í Hlíð.

Ritað að Núpakoti 1. mars 1887.

P. Bjarnarson

K. Jónsson

Kort Hjörleifsson

G. Jónsson

Anna Helgadóttir

Margrét Eiríksdóttir

Benedikt Magnússon

Sigríður Björnsdóttir

Sk. Árnason

P. Bjarnardóttir

K Guðmundsson

Jón Brandsson

Eigandi að 5 hndr. f.m. í jörðinni Hlíð samþykkir ofangreind landamerki, að því er Hlíðinni við kemur.

Kyrkjubæ vestri 18. janúar 1889.

Puríður Þórðardóttir (handsalað)

Gjald:

Bókun – „ – 25

Þingl. – „ – 75



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Steinhelli hinn 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók
Rangárvallasýslu Nr. 112. bl. 64.

Vottar Páll Briem



Landamerki jarðarinnar Steina í Austur-Eyjafjallahreppi 60 hundruð að dýrleika að fornu mati enn 61.2 hundruð að nýju mati samkvæmt jarðabókinni frá 1861.

Fjörumark Steinafjöru að vestan er þar, sem litla þúfan uppyfir Miðskálaegg ber við Holtsnúp. Á fjörunni þar sem miðum² þessum¹ ber saman hafa hlutaðeigendur komið sér saman um að grafa niður, til nákvæmrar glöggvunar, annan staurinn, sem ~~hvarf~~ árið 1885 hvarf sunnan af fjörum og hafði fundist heima á Steinum, og að nálægum tíma hafa legið í Steinahelli þingstað Austur-Eyfjellinga. – Verði eigi, eins eða annars vegna, þessi staur grafinn niður í merkinu, hafa hlutaðeigendur einnig komið sér saman um að grafa samt niður í merki einhvern staur. – Úr nefndu fjörumarki liggur markalínan sjónhending í neðri enda merkjagarðsins á milli Varmahlíðar og Steina; svo ræður merkigarðurinn þangað til hann endar; enn úr efri enda hans í merkigil; ræður svo gilið upp á fjallsbrún; svo er þaðan markalínan beint sunnarlega í Þver-tungnagil, sem er austan við Þvertungur enn vestan við Steinatungur í Núpakotslandi og úr sama gili að Núpakotslandi til útsuðurs beina stefnu á Leynir, sem er vestan við Skálir austan á Steinafjalli, og svo fram með efri brúnum á fjallinu fram á Faxe og svo vestur eins ofanvert með brúnum allt vestur í Arnargil og það niður svo langt það nær, enn þaðan sem það endar, ræður hinn forni Arnargilslækjar farvegur niður í dýið, sem er að sunnan og neðan við Hlíðartún, og svo ræður sá lækur eða kelda sem þaðan liggur úr nefndu dýi milli Núpakotsteigs og Hlíðarengja, allt þangað til kemur í markabúfuna, sem er á útsuðurshorni teigsins; svo úr þeirri þúfu sjónhending vestanhallt við bæinn Berjanes, þangað til kemur svo langt suður að fjöggra landa merkið (nl. Hlíðar, Svaðbælis, Leyrna og Berjanes) ber í landamerkið, svonefnda Steinakellingu, og svo / þaðan sjónhending suðaustanvert á fjallið Litla-Höfða á Vestmannaeyjum, allt þangað til kemur í djúpan grafkyl, sem rennur vestur á ósleyrurnar (tvær rásir falla í kýlinn, önnur nálægt frá norðaustri, hin nálægt frá austri) og svo austast úr kýlnum beina ~~stefnu~~ línu til sjávar, nálægt í suður, þannig, að nefndan kyl beri í vestri stóra steininn, sem er í svo nefndri Bölt, sunnan við garðinn, sem liggur fyrir sunnan sýsluvegin fyrir vestan bæinn Steina.

Reka á jörðin fyrir [Berj]aneslandi svo langt austur, er samanber við vestasta húsið á bænum [B]erjanesi beri við bæjardyrnar á miðbænum í Hlíð. Slægju ítak á jörðin Núpakot í landi jarðarinnar, sem nefnist Núpakotsteigur.

Ritað að Núpakoti 1. mars 1887.

P. Bjarnarson

Jón Hjörleifsson

Anna Helgadóttir.

G. Jónsson

Margrét Eiríksdóttir

Benedikt Magnússon

Kjartan Einarsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Sigríður Björnsdóttir

K. Jónsson

Kort Hjörleifsson.

Sk. Árnason

P. Bjarnardóttir

K Guðmundsson

Jón Brandsson

Eigandi að 5 hndr. f.m. úr jörðinni Hlíð, samþykkir ofangreind landamerki, að því er Hlíðinni viðkemur.

Kyrkjubæ vestri 18. janúar 1889.

Þuríður Þórðardóttir (handsalað.)

Bókun – „ – 25

Þingl. – „ – 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Steinhelli hinn 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 113. bl. 64.-65

Vottar Páll Briem



Landamerki jarðarinnar Núpakots í Ausur-Eyjafjallahreppi 12 hundruð að fornu mati, enn 15.9 hundruð að nýju mati samkvæmt jarðabókinni frá 1861. –

Steinn er nefndur ýmist Grásteinn eða Slóðasteinn. Liggur hann norðanvert við sýsluvegin og norður frá austurenda á garðinum, sem liggur sunnanmegin sýsluvegarins, og hefir sá garður verið gjörður frá Hlíð austur með veginum Úr steini þessum liggur markalínan sjónhending upp í Hamarsnefið eða hinn svonefnda Gjábólsklett, sem er neðst í hömrunum vestan við svo nefnt Gjából og það sömu stefnu upp á fjallið og svo beygist línan austur á við meðfram fjallsbrúninni að ofan austur á Faxa, og svo þaðan norður eftir efri brúninni norður eftir svo nefndum Leynir vestan við svo nefndar Skálir, og svo úr norðanverðum Leynir beina stefnu sunnarlega í Þvertungnagil og ræður svo það gil til jökuls. Ræður svo jökullinn austur í gilið sem liggur austanmegin með Steinatungum. Ræður svo áin í gilinu fram í gilmyggi og svo liggja mörkin þaðan allt af fram með dalbrekkunum, þangað til kemur í lækinn, sem rennur fram með þeim, þá ræður lækurinn þangað til kemur í nyrðri enda túnmarkrústarinnar, sem er á millum Núpakots- og Svaðbælis-túna; þaðan ræður rústin svo langt suður, sem hún nær og frá suðurenda hennar sjónhending í upphaflega nefndan stein.

Slægju ítak, svo nefndan Núpakotstiegi, á jörð þessi austast í landi jarðarinnar Steina, sunnan og austanvert við Steina tún.

Ritað að Núpakoti 1. mars 1887.

P. Bjarnarson.

J. Hjörleifsson.

K. Jónsson

P. Bjarnardóttir

G. Jónsson

Jón Brandsson

Eigandi að 5 hndr. ^{f.m.} í jörðinni Hlíð, samþykkir ofangreind landamerki að því er Hlíðinni við kemur.

Kyrkjubæ vestri 18. janúar 1889

Þuríður Þórðardóttir (handsalað.)

Bókun – „ – 25

Þingl. – „ – 75

ein króna Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Steinhelli hinn 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 114. bl. 65.

Vottar Páll Briem



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Landamerki jarðarinnar Svaðbælis í Austur-Eyjafjallahreppi 20 hundruð að fornu mati, enn 26.6 hundruð að nýju mati samkvæmt jarðabókinni frá 1861. –

Hornmark fjöggra jarða, nefnilega: Leyrna, Ystabælis, Lambafells og Svaðbælis er svo nefnd Steinkelling. Úr henni liggur markalínan „beina stefnu eða sjónhending í austur-landnorður framanhallt við há-hnúkinn að ofanverðu á hæsta fjallinu, sem er að sjá frá áðurnefndri Steinkellingu innanhallt fyrir ofan Selkot þar til komnir eru fjögur hundruð (tíræð) og þrjátíu og sex faðmar frá greindri Steinkellingu mældar þrjár álnir danskar í hverjum faðmi og svo þaðan aftur upp á við beina sjónhending í neðsta og stærsta fossinn, sem er austanmegin í Svaðbælisheiði vestanhallt við Merkigil, að neðanverðu, og ræður sú stefna allt þangað til að kemur í lækinn, sem kemur rennur fram úr Merkigili að neðanverðu og síðan ræður Merkigil upp í jökul.“ Ræður svo jökullinn vestur í gilið, sem liggur austanmegin með Steinatungum. Ræður svo áin í gilinu fram í gilmyrri og svo liggja mörkin þaðan allt af fram með dalbrekkunum, þangað til kemur í lækinn, sem rennur fram með þeim; þá ræður lækurinn þangað til kemur í nyrðri enda túnmarkrústarinnar, sem er á millum Núpakots- og Svaðbælistúna; þaðan ræður rústin svo langt suður, sem hún nær og frá suðurenda hennar sjónhending í stein, sem er nefndur ýmist Grásteinn eða Slóðasteinn og liggur hann norðanvert við sýsluvegin og norður frá austurenda á garðinum, sem liggur sunnanmegin sýsluvegarins og hefir sá garður verið gjörður frá Hlíð, austur með veginum. Úr steini þessum liggur markalínan sjónhending suður í fjöggra landa merkið, nefnilega jarðanna: Hlíðar, Berjaness, Leyrna og Svaðbælis. Merki þetta er þúfa í garðshorni. Úr henni sjónhending í áðurnefnda Steinkelling og þegar á henni er staðið, á hið nýnefnda fjöggra landa merki að bera í Hotlskyrkjugafli.

Ritað að Núpakoti 1. mars 1887.

P. Bjarnarson

J. Hjörleifsson

K. Jónsson

Guðmundur Gíslason (handsalað.)

Jón Jónsson

G. Jónsson

Sigríður Björnsdóttir

Kort Hjörleifsson

Sk. Árnason

P. Bjarnardóttir

K Guðmundsson.

Eigandi að 5 hndr. ^{f.m.} í jörðinni Hlíð samþykkir þessi ofangreind landamerki, að því er Hlíðinni við kemur.

Kyrkjubæ vestri 18. janúar 1889



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Puríður Þórðardóttir (handsalað.)

Bókun – „ – 25

Þingl. – „ – 75

ein króna borgað Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Steinhelli hinn 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók
Rangárvallasýslu Nr. 115. bl. 65.-66.

Vottar Páll Briem



Landamerki jarðarinnar Rauðafells í Austur-Eyjafjallahreppi 52½ hundrað að fornu mati, enn 61.8 hundruð að ^{dýrleika} að nýju mati samkvæmt jarðabókinni frá 1861. –

Úr þúfu, sem er rjett fyrir norðan sýsluvegin, norðan við Vestri-Helgubakka, er bein sjónhending í hinn forna markgarð, sem er á milli Rauðafells og Raufarfells, og það sömu beina línu yfir svo nefndan Sandhál austan til og upp í Högnaklett, og þaðan sömu beina línu í jökul eftir Kálfaskálaegg.

Úr áðurnefndri þúfu er bein sjónhending, sem næst í austur-landsuður með fram Bakkakotslandi og Hörðuskálandi, að sem hesteyra sjáist af fjallinu Pétursey framundan Hrutafellsfjalli allt þar til kemur austur á þúfuna, sem er hornmark milli Rauðafells og Hörðuskála, hver þúfa að liggur í horninu að austan og norðan á svonefndum Drangshlíðarhólma sunnan við sýsluvegin. Úr nefndri þúfu er bein sjónhending í háa þúfu, sem er á neftanganum, er liggur syðst vestanvert við Kaldaklifsárgil. Ræður svo áin í gilinu marki allt til jökuls.

Ritað að Núpakoti 1. mars 1887

P. Bjarnarson

Jón Jónsson

K. Jónsson

P. Bjarnardóttir

Tómas Stefánsson

í umboði Vilborgar Jónsdóttur (J. Hjörleifsson)

Bárður Pálsson

Einar Einarsson

Halldorjón Steffánsson

Þórdur Tómasson

J. Hjörleifsson

Sk. Árnason

P. Guðmundsdóttir.

Bókun – „ – 25

Þingl. –„ – 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Steinahelli hinn 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 116. bl. 66.

Vottar Páll Briem



Eystri-Skógar í Austur-Eyjafjallahreppi, bls. 66v-67r

Nr. 117

Nr. 2.

Skrásetning

Í áframhaldi af markalýsingarskjali merkt Nr. 1. um landamerki jarðarinnar Eystri-Skóga í Austur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu, og er hér lýst einungis markalínu á milli Eystri-Skóga og Ytri-Skóga í nefndum hreppi og sýslu eftir þeim skjölum og skilríkjum, sem ég í höndum hefi og svo líka eftir sögn núlifandi manna, og er markalínan sem nú skal greina:

Fjörumark milli Eystri-Skóga og Ytri-Skóga er grjótvarða á Öldunum fram við fjöru, sem á að bera í dalagilsárfoss, ur þessari vörðu er bein lína á sandinum sem næst til útnorðurs, það langt, að þangað til að sjá má Kvarnarhólsárfoss, liggur þá markið upp á milli svonefndrar Austustu fitar og miðfitar og það beina sjónhending upp í Kvarnarhólsá, svo ræður áin í gílinu þangað til að kemur á móts við efri Þverbrekknabryr, liggur þá markið austur á við með brúnunum og það austur að miðtungugili og með þeim brúnum ofan við svo nefnt laufenni og álfhól og kofaskjól, úr því ræður dalagil þangað til að það fer að beygjast austur á við vestan við svonefnda hrauka, þá liggur markalínan í laufatungugilið og það áfram sem næst í hánorður, norður í jökul. Allt það land sem er fyrir austan hér nefnda markalínu frá jökli til sjóar að mörkunum á milli Eystri-Skóga og Ytri-Sólheima tilheyrir allt Eystri-Skógum.

Eystri-Skógum dag 14. desember 1885.

Jón Hjörleifsson.

Bókun – „ – 25

Þingl. – „ – 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Steinahelli hinn 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 117. bl. 66.-67.

Vottar Páll Briem



Drangshlíð í Austur-Eyjafjallahreppi, bls. 67r-67v
Nr. 118.

Nr 1.

Skrásetning yfir landamerki jarðarinnar Drangshlíðar í Austur-Eyjafjallahreppi Rangárvallasýslu að fornu mati 60 hndr. hundruð, enn eftir jarðabókinni 1861. 60.1 hndr. hundruð – að Drangshlíðardal og Skarðshlíð með töldum, einungis verður hér lýst mörkum á milli Drangshlíðar og Ytri-Skóga, eftir þeim skjölum og skilríkjum, sem við undir höndum höfum, og svo líka eftir sögu núlifandi manna, og er markið sem hér greinir:

Skógá ræður merki frá jökli allt fram að Skóganúp svo ræður sjónhending til suðurs að sem fuglsbringa sjáist af Skógafossi austur undan Skóganúp í hornmarkið að austan, sem er grjótvarða framarlega á Skógáaröldum austanmegin við Skógá, hver nefnd varða að er hornmark að austan á milli nefndrar jarðar Drangshlíðar í aðra síðu enn Eyvindarhóla á hina. Þegar á þessari nefndu vörðu er staðið ber Reinhól í bæinn Hlíð.

Fjöru í Drangshlíð og Skarðshlíð í sameiningu fyrir framan Skógasand (vestantil) fjörumark er að austan stórsteinn, upp á sandinum, sem á að bera í mitt Úlfhildarklof, sem er láginn framan í löngu torfunni sem nefndist Úlfhildi, austan við Ytri-Skóga.

Drangshlíð 28. dag desember m. 1885.

J. Hjörleifsson

í umboði E. Kjartanssonar (J. Hjörleifsson)

Jón Guðmundsson

K Guðmundsson

Björn Jónsson.

Bókun – „ – 25

Þingl. – „ – 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Steinahelli hinn 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 118. bl. 67.

Vottar Páll Briem



Nr. 119.

Nr. 2.

Skrásetning

Í áframhaldi af skjali merkt Nr. 1. yfir landamerki jarðarinnar Drangshlíðar, og er hér einungis lýst merki milli hennar og Eyvindarhóla, og er hér farið eftir skjölum og skilríkjum, sem við í höndum höfum og svo líka sögn eldri manna, og eru þau sem nú skal greina:

Grjótvarða syðst á Skógáröldum austanmegin við Skógá og sést eins og fyr segir í skjali merkt Nr. 1. að eins sem fuglsbringa af Skógafossi austur undan Skóganúp, úr þessari nefndu grjótvröðu er sjónhending vestur í Grástein, sem er hornmark að vestan á Drangshlíðar landi, nefndur Grásteinn liggur ofan og austanvert við hólahæðir, þegar á þessari oftnefndu vröðu er staðið ber nefndan Grástein í Reinhól, enn þegar á nefndum Grástein er staðið ber framannefnda vröðu fyrir framan dyrhólaey.

Drangshlíð 28. dag desember m. 1885

J. Hjörleifsson

í umboði E. Kjartanssonar (J. Hjörleifsson)

Jón Guðmundsson

K Guðmundsson

Björn Jónsson.

Bókun – „ – 25

Þingl. –„ – 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Steinhelli hinn 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 119. bl. 67.

Vottar Páll Briem



Nr. 120.

Nr. 3.

Skrásetning

Í þriðja máta áframhald af markalýsingarskjölum merkt Nr. 1. og 2. og er hér lýst einungis marki á milli Drangshlíðar og Skarðshlíðar á aðra síðu, enn Hrútafells á hina, og er farið eftir skjölum og skilríkjum, sem við í höndum höfum, og svo líka sögn núlifandi manna og er markið sem nú skal greina:

Grásteinn sem liggur ofan³ og² austan¹ vert við hólahæðir (er hornmark að vestan) úr honum er sjónhending í austurhornið á Rútshelli og það sömu sjónhending upp á fjallsbrúnina, svo liggur markið með brúnum austur í Grettisskarð og þaðan með brúnum austur í Þorláksnýpu og svo sjónhending úr Þorláksnýpu í stóra steininn í Yxnadalsöxl, úr steininum er sjónhending í Hornfellsnýpu, og þaðan sömu sjónhending í jökul.

Fjöru á Drangshlíð og Skarðshlíð í sameiningu framan við Skógasand (vestantil) og er fjöromark að vestan grjótvarða á sandinum sem á að bera í mitt Losaberg, sem er fyrir austan Löngutorfu í Drangshlíð.

Engja ítak á Drangshlíð tvö, annað í Hörðuskálalandi hitt í Bakkakotslandi.

Engja ítak á Skarðshlíð tvö, eitt í Hrútafellslandi annað í Hörðuskálalandi.

Innan framangreindrar markalínu á þrjá vegu kringum Drangshlíðarland, á enginn ítak í, nema ef vera skyldi Hrútafell, slægjustykki austan við Rútshelli, kölluð Kinn, austur að garðrústinni, er liggur á snið í brekkunni; fyrir þetta slægjustykki hefir Hrútafell lagt Skarðshlíð slægjustykki nefnt enn í dag Skarðshlíðarhólmar.

Drangshlíð 28. dag desembermánað 1885

J. Hjörleifsson

í umboði E. Kjartanssonar J. Hjörleifsson

Jón Guðmundsson

K Guðmundsson

Biörn Jónsson.

Sæmundur Árnason.

Bókun – „ – 25

Þingl. – „ – 75

ein króna borgað Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Steinahelli hinn 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 120. bl. 68.

Vottar Páll Briem



Um landamerki jarðarinnar Ystabælis í Austur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu og er hér lýst mörkum bæði eftir sögusögn núlifandi manna og svo líka eftir brúkun ómunatíð og eru mörkin sem nú skal greina:

Að vestan að Leirnalandi er bein sjónhending frá sjó í fjögra landa mark, nefnda Steinkerling og á hún að bera í Gylltuból, sem er neðsti hamarinn austan í Lambafellsfjalli (jaðri), svo úr nefndri Steinkerling beina línu meðfram Lambafellslandi að Miðbælislandi, svo langt austur, að hinn forna markgarð, milli Ystabælis og Miðbælis beri í Marklæk og er þá líka áðurnefnd Steinkerling að bera í Holtskyrkjugafli, og svo þaðan beina sjónhending í markagarðinn og marklæk og úr honum sömu beina línu til sjós, og er þessi síðast nefnda markalína þegar til fjalls er miðað, í fyrnefnd Gylltuból. Reka á jörðin fyrir öllu Leirnalandi, og Berjanes að nokkuru. Fjörumark að vestan milli Ystabælis og Berjanes er: vestasta húsið á Leirum á að bera í milli húsa á Svaðbæli, svo að þrjú hús á Svaðbæli séu fyrir vestan; fjörumark að austan milli Ystabælis og Miðbælis, vestasta húsið á Leirum á að bera við Setberg, sem er stór steinn í túngarðinum fyrir vestan Hlíð.

Ystabæli dag 15. mars 1886.

J. Hjörleifsson

Sveinn Arnoddsson

í umboði Gísla Engilbertssonar (J. Hjörleifsson)

Sveinn Sveinsson

Árni Magnusson

Halldór Magnússon

K Guðmundsson

K. Jónsson

Guðmundur Gíslason

Jón Jónsson

Sigríður Jónsdóttir

Magnús Arnoddsson

Snorri Sigurðsson

Jón Einarsson

Björn Jónsson.

Bókun – „ – 25

Þingl. – „ – 75

ein króna borgað Bjarnarson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Steinhelli hinn 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók
Rangárvallasýslu Nr. 121. bl. 68.

Vottar Páll Briem



Landamerkjalysing

Fyrir jörðinni Hlið í Austur-Eyjafjallahreppi, sem er 20 hndr. fornt mat, til móts við þá sem land eiga að téðri jörð, sem er Svaðbæli að austan, upp að þjóðvegi, Berjanes að sunnan, Steinar að vestan. Hornmark að sunnan og austan fjögra landa þar sem koma saman Svaðbæli Leirna Berjanes og Hliðarland, úr því skal taka sjónhending eða beina línu til landnorðurs upp að þjóðvegi í garðrúst þá sem er landamerki milli Núpskots og Svaðbælis túna, úr áður sögðu marki framan við þjóðveginn skal taka sjónhending vestur í svonefndan Slóðastein, sem liggur austan við Hliðarbrúarendann, úr áður sögðu fjögra landa merki skal taka stefnu til útsuðurs í keldu þá sem er fyrir framan Hliðareyrar og ræður hún vestur í markakelduna þangað til kemur að þúfunni við sefkýlinn, sem er Hornmark milli Hliðar og Steina; mið við þessa þúfu eða vörðu er Hamarinn, sem lengst skagar niður í Hvammsnúp fyrir framan nóntorfu á að bera yfir heygarðinn í Hellnahól norðanundir bænum, enn að austan Standurinn sem er fyrir austan Hvannagjót í Núpakotsnúp á að bera í Svarta hraun-hnúkinn í jöklinum inn af Raufarfellseggjum, svo skal taka stefnu til landnorðurs í stein þann sem er í Engjagarðinum við austustu skákar endann í Steina engjum, úr þeim steini beina stefnu í markhólinn, sem er mark að ofan milli Teigsins og Steins engja, úr þeim hól beint í austur í syðri endann á garðinum sem liggur upp og suður milli Teigsins og Steina túna og ræður sá garður upp að þjóðvegi, úr þessum efri garðsenda skal fara um 30 faðma austur eftir og taka svo stefnu ^{upp} eftir láginni milli Hliðar og Steinatúna, úr þessari lág beint í Arnargil sem ræður upp eftir hömrnunum úr Arnargili að ofan beint norður eftir hryggnum fyrir ofan Hliðar Skákir í nyrsta hausinn á Steinafjalli. Enn á milli Núpakots og Hliðar veit enginn annað enn hafi verið sambeitarland.

Slægjustykki það sem kallað hefir verið Núpakotsteigur sem liggur upp af Hliðarslægjum að vestan, sem alla tíð hefir sagt verið að lagt hafi verið fyrir beit í Núpakotsdal frá Hlíðinni og allt af brúkað óátalið þangað til Þorvaldur núverandi bóndi á Núpakoti fyrir fáum árum bannaði beitina í téðum dal, án þess hann hafi sýnt Hliðar ábúendum nokkura sönnun fyrir téðu banni á löglegan hátt.

Hlið 6. maí 1890

Vigfús Þórarinsson ábúandi

Vigfús Einarsson ábúandi

Sigurður Tómasson

Bókun – „ – 25

Þingl. – „ – 75

ein króna borg. Bjarnarson



Vottar Páll Briem

Hrútafell í Austur-Eyjafjallahreppi, bls. 69v-70r
Nr. 123.

Skrásetning yfir landamerki og landamerkjastefnur sem og rekafjörutakmörk jarðarinnar Hrútafells í Austur-Eyjafjallahreppi eftir því sem við undirskrifaðir eigendur og umráðamenn jarðarinnar vitum þetta sannast og réttast að vera, sem er með báðu Hrútafellskotunum 38.9 hndr. að dýrleika eftir jarðabókinni frá 1861.

Í móts við Eyvindarhólaland að vestanverðu er landamerkið Reynihóll, úr honum er stefnan austur um hinn svo kallaða merkigarð (sem er þar austur af og sem ^{en} sést glöggmt móta fyrir) allt austur í málón sunnanvert, þaðan upp á við, í móts við Skarðshlíðarland (Drangshlíð), beina stefnu í Grettisglugga, svo í bláa nefið á fjallsrótunum (Litlafjalli) þar upp af, síðan austur með rótum fjallsins og í Þorláksnýpu svo beint í yxnadalsöx, þaðan beint í Hornfellsnýpu og þaðan í Finnvarðarháls.

Aftur að vestanverðu móts við Klömbruland, Hörðuskála og Rauðafellsland, úr Reynhól, fyr nefndum, í vesturátt beint í markavörðu, sem er á þeim stað sem Rauðafellsbæ ber í Högnaklett, þaðan upp eftir nefnda stefnu að Rauðafellsbæ beri í Högnaklett, þar til sunðið á milli bæjanna að Hrútafelli ber um fremstu brún Skógarnúps, þá beygist merkjalínan vestur á við í keldu, sem merkjavarða verður við sett ef þessi skrásetning samþykkist af öllum hlutaðeigendum, úr keldunni aftur í Brúarendann sem þar er upp af ^{sem líka verður sett merki við ef samþykkist, og þaðan beina stefnu í Háuþúfu við Kaldaklifsárgil} og síðan ræður Kaldaklifsárgil og farvegur upp til jökuls vestan Þorvaldstungna.

Hrútafellsfjara hefir þessi takmörk: varða suður við sjó eða fjöru beina stefnu í Losaberg, sem er í fjallinu austan við Löngutorfu í Drangshlíðar fjörumark milli Hrútafellsfjöru og Drangshlíðar, enn milli Hrútafells og Hóla, að sjáist sem fuglsbringa austan undan Skóganúp.

Hrútafelli 14. maí 1886.

Tómas Tómasson

Ólafur Guðmundsson

Þorsteinn Þorsteinsson

K. Jónsson

B. Tómasson.

Sveinn Arnoddsson

Bókun – „ – 25

Þingl. – „ – 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Steinhelli hinn 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 123. bl. 69.-70.

Vottar Páll Briem



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Skrásetning Yfir landa og fjörumörk Ytri-Skóga undir Eyjafjöllum sem hálf er bænda og hálf kyrkjueign með 14 kyrkjukúgildum. –

Þá samkvæmt þeirri brúkun sem bæði vegsummerki og örnefni votta að tíðkuð hafi verið frá ómunatíð og samkvæmt viðvarandi sögusögn manna fram af manni, leyfum við okkur hér með í tilefni af lögum frá 17. marsmánaðar 1882 að skrásetja lýsingu á lands og fjörumörkum eins og vér vitum þau réttust vera:

1. er þá á austurhliðina: Steinhjúga suður á sjávarkamp, sem er bæði fjöru og landamark, hún á að bera eða miðast beina sjónhending í miðjan Dalagilssfoss, Dalagil aðskilur síðan nokkuð langt til norðurs Ytri og Eystri-Skóga heiðarland hvort frá öðru; síðan beygist sama gilið til austurs og er úr því kallað Hnaukagil og ræður það mörkum millum áður nýnefndra Ytri og Eystri Skóga heiðarlanda meðan nokkur þess farvegsmerki eru, enn úr því bein stefna til landnorðurs inn á svo nefndan Bolagilstanga sem er í vesturbrún Fjallgils. Bolagil afmarkar Ytri-Skóga heiðarlönd (sem kallast Sultartungur) frá Eystri-Skógaheiði austur að Fjallgili, frá Bolagilstanga er Fjallgilsáin, sem kemur undan jökli, mark milli Ytri-Skóga-afréttar, sem nefnist Skógafjall, og Eystri-Skógaheiðar; þangað til hún rennur aftur undir jökulinn við fremri enda Skógafjalls, og er fjallið þar umkringgt jökli, að austan afmarkar Skógafjall eins og við höfum lýst, frá Hvítmöguafrétti Ytri-Sólheima Jökulsárgil og svo nefnt Lónið sem liggur innan við fulljökulinn.

2. Að vestan markar syðst Skóga-áin, Eyvindarhóla, Drangshlíðar og Skarðshlíðarland frá Ytri-Skógalandi frá fjöru til fjalls beina sjónhending í Vörðu á Skóganúp, sem mun vera felld eða fallin (síðan Drangshlíðar eigendur hafa sjálfir tekið sér rétt á dalnum Øuestionis, sem er þrætuland millum þeirra og Ytri-Skóga ^{eigenda}, úr nefndri vörðu eða hennar stöðvum, er mark, beinlínis sjónhending inn á svo nefnt Krókshöfuð, sem er innarlega í austurbrún Skógargils. – Þaðan er Skógargilið sem liggur fyrst til norðurs, þar eftir til austurs að landnorðurstunguánni, sem rennur fyrir vestan Landnorðurtungur undan jökli, landamerki millum Ytri-Skóga og Drangshlíðar heiðarlands. –

3. Fjörumark að vestan milli Ytri-Skóga og Eyvindarhólafjöru, er að bryddi á Skógafossi sem svarar fuglsbringu austur undan Skóganúp. – Getið skal þess, að ítaksfjörur frá Drangshlíð, Skarðshlíð, Hrutafelli og Hrutafellskotum eru á vesturparti Ytri-Skóga-fjöru og er stór strýtusteinn suður við sjó, sem markar Ytri-Skóga-fjöru frá þeim, þannig, að steinninn beri í Úlfhildarklof, sem er á neðri enda Úlfhildartorfu. –

Ytri Skógum 22. maí 1886.

sem eigandi og ábúandi Kjartan Jónsson

[sem eigandi og ábúandi] Oddur Sveinsson

[sem eigandi] fyrir handsal Högni Ólafsson.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Þingl. —— 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Steinhelli hinn 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók
Rangarvallasýslu Nr. 124. bl. 70.

Vottar Páll Briem



Um landamerki jarðarinnar Miðskála í Vestur-Eyjafjallahreppi Rangárvallasýslu, sem er að dýrleika eftir jarðabókinni 1861, 28.6 hundruð, og eru mörkin sem hér greinir:

Hornmarkið á vesturhorni Miðskálalands að sunnan er steinn. Þar liggur hann sem Holt ber í söðulinn á fjallinu Pétursey, þaðan er bein sjónhending til fjalls að þúfuna á háa bakkanum í Lónsbakkaskákum beri í útidyr á Ystaskála (suðurbæ) allt þangað til að kemur á Steinvörðu saman við bæjarmýrina á Ystaskála, þar beygist markið til austurs í grjót- eða steinvörðu, sem er á mýrinni sunnan við markagarðinn sem er á milli túnanna á Miðskála og Ystaskála, úr síðastnefndri vörðu liggur markið í nefndan markgarð, sem úr því ræður marki með sínum krókum og bugum upp í fjallið og svo er bein lína upp á háa egg (Miðskálaegg) svo ræður eggin marki til jökuls.

Úr fyrstnefndum steini er sjónhending til austur-landsuðurs, á markapúfuna á Lónsbakkaskák að sunnan, og er þá stefnan til þess að hitta þúfuna, á burstirnar á Syðstugrund og það sömu sjónhending áfram á þúfuna sem er á bökkunum vestan við blöndukíl, og ber þaðan Holtskyrkju framan til í söðulinn á fjallinu Pétursey, þaðan er sjónhending á þúfuna hjá merkigarðinum á Miðskálabökkum, þaðan er bein lína í Miðskálaá, þar sem hún fellur fram úr gljúfrinu á milli brekkanna, svo ræður áin í gljúfrinu merki til jökuls austan við Miðskálatungur.

Reka á jörðin fyrir Holtlandi, fjörumark að austan, Björnskot á að bera í dagteigsgilið austan við Ásólfskála, fjörumark að vestan, bæinn Rimhús á að bera í vondaból, sem er austan við Flauthelli. Upprekstur á jörðin tiltölulegan við Holtssóknarmenn á afréttarlandið Almenna

Ritað í Eystri-Skógum dag 20. maí 1887.

Í umboði Magnúsar Magnússonar sem á 1/3 í jörðinni J. Hjörleifsson.

Í umboði kaupm. Gísla Engilbertssonar í Vestmannaeyjum, sem á 2/3 jarðarinnar Sighv. Árnason.

Kjartan Einarsson eigandi og umráðamaður 1/3 Ásólfsskálatorfunnar

Í umboði jarðeiganda að ¼ og eiganda að 1/8 jarðarinnar Ystaskála Einar Jónsson.

Eftir umboði jarðeiganda að ¼ Jón Einarsson

Í umboði jarðeigenda að 3/8 jarðarinnar Sk. Árnason Einar Jónsson.

Fyrir 1/6 part Kjetill Eyólfsson.

Bókun – „ – 25

Þingl. – „ – 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kverkarhelli hinn 23. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 125. bl. 70.-71.



Vottar Páll Briem

Sandar með hjáleigum (Sandhólmajarðir í Vestur-Eyjafjallahreppi), sem eru Fornusandar, Hjáleigu-Sandar, Helgusandar ásamt Syðri- og Efri-Rot, bls. 71v-72r
Nr. 126.

Landamerkjaskjal fyrir Sanda landi.

Vér undirskrifaðir ^{sem} eigendur og umráðamenn að svokölluðum Sandhólmajarðum í Vestur-Eyjafjallahreppi, sem eru Fornusandar, Hjáleigu-Sandar (eyðijörð), Helgusandar, Syðri og Efri Rot, kunngjörum hér með að vér skrásetjum hér landamerki kringum þessa landeign vora, til ystu ummerkja við annara manna lönd; enn þar vér höfum engin gömul skjöl, við að styðjast, frá eldri tíðum, þá verður mér að fara eftir munnmælasögnum sem gengið hafa, samanbornum að nokkuru leyti við þá brúkun, sem nú að undanförunu hefir viðgengist, einnig við lögfestur, máldaga og gamalla manna vitnisburði, sem land eiga að Sanda landi.

Tiltökum vér þá fyrst Víghól, sem eftir gömlum sögnum hefir verið álitinn hornmark milli þriggja jarða. Nýjabæjar, Sanda og Fitjarmýrar, úr honum sjónhending í suður, í svokallað Slýlækjarmynni, þessi lækur myndast af keldu fyrir austan og ofan Fornusanda og raun fram úr Gljábökkum, sem nú fyrir 60 árum voru fyrir framan alla Sandabæi og eru nú komnir í sand, svo á þessi lína úr Slýlækjarmynni í Víghól að bera í Hrafnabjörg, sem er klettur í austur af bænum á Seljalandi; aftur er markið að norðanverðu úr Víghóli elding milli Sels og Sökku (sem er markið milli Sanda og Fitjarmýrar) að Seljalands marki, sem er nú hið sama og Sanda, frá þessu hornmarki beina stefnu í Sefpoll vestanundir Efri-Rota túngörðum, úr honum í Syðstupolla (sjást nú ekki), úr þeim beina stefnu í miðjan Bunka á Bjarnarey; mörkin fyrir Sandafjöru eru þessi, að austanverðu, milli Sanda og Nýjabæjar, vestasta hús- eða bæjarrönd á Fornusöndum á að bera í Tána á Seljalandsmúla, niður við aurinn, kölluð Setberg, enn að vestan sama bæjar-rönd, að bera í Drífanda; svo liggur einnig fyrir Sanda landi, Stóradalskyrkju fjara, og eru mörk fyrir henni, að vestan, elding milli Bjarnar- og Miðaeýjar niður við sjónn.

Þessi framanskriðuðu landamerki vonum vér að verði samhljóða landamerkjum þeirra þriggja jarða, sem land eiga að Sanda landi, Nýjabæjar, Fitjarmýrar og Seljalands.

Barkarstöðum í marsmánuði 1884.

Auður Einarsson fyrir eiganda Helgusanda og Syðri-Rota.

Sig. Ísleifsson eigandi Hjáleigusanda.

J. Hjörleifsson í umboði Jóns Vigfússonar

Fyrir Nýjabæ Kjartan Einarsson

Bókun – „ – 25

Þingl. – „ – 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kverkarhelli hinn 23. maí 1890. og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 126. bl. 71.-72



Vottar Páll Briem

Vesturholt, Lambhúshóll og Lambhúshólskot í Vestur-Eyjafjallahreppi, bls. 72r-72v
Nr. 127.

Landamerkjaskrá fyrir kyrkjujörðina Vesturholt ásamt Lambhúshól og Lambhúshólskoti í Vestur-Eyjafjallahreppi.

Að vestan, milli Vesturholtslands og Nýjabæjarlands, er markið sunnan frá sjó svo langt norður, að elding sjáist milli Sels og Sökkuhóls, í þá stefnu, að hellurnar á syðsta Hafurshól beri í Miðklett í Hvammsskörðum. Þaðan liggur markalínan milli Vesturholtlands og Efriholtlands í þá stefnu, að elding sjáist milli Sels og Sökkuhóls, allt austur að upphlaðinni vörðu, sem er hornmark, þar sem Efriholtland og Vesturholtland mæta Holtslandi, og bera þá fjárhúsin á Rimhúsum í Flautahelli, sem er skúti í hömrnunum vestan við Írá. Síðan milli Vesturholtlands og Holtslands er markalínan frá hinni áðurnefndu vörðu allt til sjávar í þá stefnu, að fjárhúsin á Rimhúsum beri í Flautahelli, og er merkivarða á gjabökkunum í þeirri stefnu.

Fyrir Vesturholtslandi er Vesturholtsfjara, sem Holt á, innan þessara marka: að vestan á vestasta húsið í Efriholtum að bera í Kálfhamar, sem er klettur austan við túnið í Hvammi; að austan á hæsti tindurinn á Hafurshól að bera við austurhornið á heygarðinum í Vesturholtum.

Enn fremur eiga Efriholt sívalan reka og hvali fyrir Vesturholtlandi milli Vesturholtafjöru og Nýjabæjarfjöru, og Núpur og Ystiskáli eiga sívalan reka og hvali fyrir sama landi austan við Vesturholtafjöru, að undanskildu leiguliðagagni.

Afréttarlandið Almenna eiga Vesturholt hlutfallslega við aðrar jarðir, sem þá eiga líka.

Holti undir Eyjafjöllum 10. maí 1890.

Kjartan Einarsson prestur í Holtprestakalli

Landamerkjaskrá þessa samþykkja:

Fyrir Efriholtatorfuna: Jón Sighvatsson Sigurður Jónasson.

Bókun – „ – 25

Þingl. – „ – 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kverkarhelli hinn 23. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 127. bl. 72.

Vottar Páll Briem



Miðmörk í Vestur-Eyjafjallahreppi, bls. 72v
Nr. 128.

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Miðmörk í Vestur-Eyjafjallahreppi.

Á eina hliðina, í móts við Stórumerkurland, úr Grásteini bein stefna í Merkurárgil að neðanverðu; ræður svo gilið svo langt sem það nær upp til heiðarinnar og svo bein stefna í afstöðu af gilinu allt í jökul.

Á aðra hliðina, í móts við Syðstumerkurland, úr fyrnefndum Grásteini bein stefna í Kambagil; ræður svo gilið svo langt sem það nær inn til heiðarinnar, og svo bein stefna í jökul eftir afstöðu af gilinu.

Á þriðju hliðina ræður jökullinn

Afréttina Steinsholt á jörðin hlutfallslega við aðra sameigendur; takmörk þess eru þessi: Jökulsá að framanverðu á móts við Langanes, enn Steinsholtsá að innanverðu í móts við Stakkholt, sem báðar falla úr jökli þvert í Markarfljót, enn það ræður niðri á aurnum. –

Holti undir Eyjafjöllum 17. maí 1890

Kjartan Einarsson prestur í Holtsprestakalli.

Landamerkjaskrá þessa samþykkja:

Fyrir Stórumörk Einar Ólafsson Þorgils Þorgilsson Ólafur Jónsson

Fyrir Syðstumörk Jón Sigurðsson Jón Hjörleifsson.

Bókun – „ – 25

Þingl. – „ – 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kverkarhelli hinn 23. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 128. bl. 72.

Vottar Páll Briem



Landamerkjaskrá fyrir kirkjujörðinni Nýjabæ í Vestur-Eyjafjallahreppi.

Að vestan, milli Nýjabæjarlands og Sandalands, er markalínan frá sjó í þá stefnu, að upphlaðin varða á gljábökkunum ber í Víghól, sem þá ber líka í hamrabeltið austan við Seljaland, sem nefnist Hrafnabjörg, og helst sú lína norður í Víghól. Síðan er markið milli Nýjabæjarlands og Fitjarmýrarlands, bein lína úr Víghól austur á leirurnar, þar sem mætist Efriholtaland og Vesturholtaland og bera þá hellurnar í syðsta Hafurshól í Miðklett í Hvammsskörðum, og helst sú stefna sem mark milli Nýjabæjarlands og Vesturholtalands allt til sjávar.

Fyrir Nýjabæjarlandi er Nýjabæjarfjara, sem Holt á, innan þessara marka: að vestan á vestasta húsið í bæjarröðinni á Fornusöndum að bera í Setberg, sem er neðsta klöppin á Seljalandsmúla; að austan á vestasta húsið á í Lambhúshól að bera í Kálfhamar, sem er klettur austan við túnið í Hvammi.

Afréttarlandið Almenninga á Nýibær hlutfallslega við aðrar jarðir, sem þá eiga líka.

Holti undir Eyjafjöllum 10. maí 1890

Kjartan Einarsson prestur í Holtsprestakalli.

Landamerkjaskrá þessa samþykkja:

Fyrir Sandatorfuna Jón Hjörleifsson í umboði Jóns Vigfússonar.

Ekki samþykkir fyrir Efri-Rotin. Fyrir Fitjarmýri ekki samþykkir.

Hjálmar Eiríksson Bergsteinn Einarsson B. Biörnsson

Bókun. – „ – 25

Þingl. – „ – 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kverkarhelli hinn 23. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 129. bl. 73.

Vottar Páll Briem



Landamerkjaskrá fyrir heimajörðina Ásólfskála, sem er hálf kyrkjueign enn hálf bændaeign, ásamt hjáleigunum Skálakoti Moldgnúp og Rimhúsum og Björnskoti.

Á eina hliðina móts við Ystaskáland er marklínan bein stefna úr Rimhúsa fjárhúsum á stein á Lónsbökkum og úr þeim steini bein stefna í þúfu á bakkanum vestan við Blöndukíl; því næst, móts við Miðskáland úr nefndri þúfu vestan við Blöndukíl bein sjónhending í þúfu á merkigarðinum á Miðskálabökkum; þaðan er bein sjónhending í Miðskálaá, þar sem hún fellur fram úr gljúfrinu milli brekknanna; svo ræður áin í gljúfrinu marki allt til jökuls austan við Miðskálatungur.

Á aðra hlið móts við Holtland er marklínan úr áðurnefndum Rimhúsafjárhúsum í vörðu á vestari bakka Rimhúsaáls; síðan úr þeirri vörðu er markið bein lína sunnanvert við svonefndan Stebbakotshól í stóra steina fyrir ofan Efstugrund; þaðan sjónhending í Grettishaf á Fosshólum, og ræður sú sjónhending allt upp að brekku; síðan er markið inn með brekkunni allt í Holtsá; svo ræður áin inn í jökul.

Jörðinni fylgir afréttarlandið Almenningar hlutfallslega við aðrar jarðir, sem þeir fylgja líka.

Fyrir Holtalandi á Ásólfskálatorfan reka innan þessara marka: að austan á Björnskot að bera í útidyr suðurbæjarins á Ystaskála. Að vestan á Björnskot að bera í Dagteigsgil í túni vesturjarðarinnar á Ásólfskála.

Holti undir Eyjafjöllum 17. maí 1890.

Kjartan Einarsson prestur í Holtsprestakalli.

Landamerkjaskrá þessa samþykkja:

Fyrir 1/3 Ásólfskála: Kétill Eýólfsson

Fyrir Skálakot Jón Einarsson Guðmundur Jónsson

Fyrir Moldgnúp: Grímur Guðmundsson

Fyrir Björnskot: Snorri Jónsson Eýulfur Kjetlsson

Fyrir Rimhús: Jón Guðmundsson

Fyrir Ystaskála: Einar Jónsson Jón Einarsson

Fyrir 1/3 Miðskála: J. Hjörleifsson

Fyrir 2/3 Miðskála: Sighv. Árnason.

Bókun – „ – 25

Þingl. – „ – 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kverkarhelli hinn 23. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 130. bl. 73.-74.

Vottar Páll Briem



Holt undir Eyjafjöllum ásamt hjáleigunum: Hellnahóll, Brenna, Efstakot, Efsta-Grund, Mið-Grund, Syðsta-Grund. Einnig Varmahlíð, Ormskot, Vallatún, Gerðakot og Indriðakot, bls. 74r-74v

Nr. 131.

Landamerkjaskrá fyrir prestsetrið Holt undir Eyjafjöllum ásamt hjáleigunum: Hellnahól, Brennu, Efstakoti, Efstu-Grund, Mið-Grund, Syðstu-Grund, og kyrkjujörðunum: Varmahlíð, Ormskoti, Vallatúni, Gerðakoti og Indriðakoti.

Að austan, milli Holtslands og Steinalands, er markalínan úr marki milli Holtsfjöru og Steinafjöru, sem er þar sem litli hnúkurinn uppi yfir Miðskálaegg ber við ^{Holtsnúp sjónhending yfir Holtsá} í neðri enda merkigarðsins milli Varmahlíðar og Steina, svo ræður merkigarðurinn og úr efri enda hans er markalínan bein stefna í svo nefnt merkigil; síðan ræður gilið upp í fjallsbrún; þaðan er markalínan beint sunnarlega í Þvertungnagil, sem skilur Þvertungur og Steinatungur; síðan ræður gilið inn í jökul milli Holts og Núpakots.

Að vestan, milli Holtslands og Vesturholtlands, er markalínan frá sjó beint í vörðu á gljábökkunum í þá stefnu, að fjárhúsin á Rimhól vestan við Rimhús beri í Flautahelli, sem er skúti í hömrnunum vestan við Írá, síðan sama stefna í vörðu, þar sem landnorðurhorn Vesturholtlands og landsuðurhorn Efriholtlands koma saman við Holtsland; þaðan enn sama stefna allt norður að áðurnefndum fjárhúsum á Rimhól. Úr þessum fjárhúsum er markalínan milli Holtslands og Ásólfskálalands í vörðu á vestari bakka Rimhúsaáls, þar sem, baka til að sjá, fjárhúsin á Rimhól bera í svonefndan Nónstein, sem er í brekkunum vestan við Núpstúnin. Úr þeirri vörðu er markið bein lína sunnanvert við svonefndan Stebbakotshól í stóra steina fyrir ofan Efstu-Grund; þaðan sjónhending í Grettishaf á Fosshólum, og ræður sú sjónhending allt upp að brekku; síðan er markið inn með brekkunni allt í Holtsá; svo ræður áin inn í jökul.

Fyrir Holtslandi austast liggur Holtsfjara innan þessara marka: að austan á litli hnúkurinn upp yfir Miðskálaegg að bera við Holtsnúp; að vestan á Björnskot að bera í útidyr suðurbæjarins á Ytstaskála, Holt á Vesturholtafjöru, og eru mörk hennar: að vestan á vestasta húsið í Efriholtum að bera í Kálfhamar, sem er klettur austan við túnið í Hvammi; að austan á hæsti tindurinn á Hafurshól að bera við austurhornið á hyegarðinum á Vesturholtum.

Einnig á Holt Nýjabæjarfjöru, og eru mörk hennar: að austan á vestasta húsið í Lambhúshól að bera í Kálfhamar; að vestan á vestasta húsið á bæjarröðinni á Fornusöndum að bera í Setberg, sem er neðsta klöppin á Seljalandsmúla.

Enn fremur á Holt 1/3 alls reka á Maríufjöru, sem liggur fyrir Bakkalandi í Austur-Landeyjum, og eru mörk þeirrar fjöru: að austan elding milli austureyja og Urðartanga; að vestan Hábarð á Elliðaey og Bunki á Bjarnarey jafnt að vestan.



Holti fylgir skógur á Þórsmörk, 7 skógarteigar: Í Stöng Gamlanatur og Loptnatur, Lækjarskógur og Gatnaskógur og Tungur inn í gil frá Höfðaskógi, og 2 á Ákstöðum. Og sömuleiðis Sauðungsnes allt með útvöxtum öllum undir Sauðungshömrum og Sauðungshamrar og helmingr skógar í öllu Lauganesi.

Önnur ítök, sem nefnd eru í máldögum og lögfestum Holts, hafa svo hundruðum ára skiftir ekki verið notuð, og um flest þeirra er svo, að enginn núlifandi manna veit hvar þau hafa verið, og eru þau því ekki talin upp í þessari landamerkjaskrá.

Afréttarlandið Almenna á Holt hlutfallslega við aðrar jarðir, sem þá eiga líka. Og sömuleiðis á Holt afrétt fyrir naut á Langanesi og útvöxtu hálfu fyrir öllu Langanesi.

Fyrir Holtslandi vestan við Holtsfjöru eiga Ásólfskáli og Miðskáli sívalan reka og hvali að undanskildu leiguliðagagni.

Holti undir Eyjafjöllum 10. maí 1890

Kjartan Einarsson prestur í Holtsprestakalli

Landamerkjaskrá þessa samþykkja:

Fyrir Steina: Þ. Bjarnarson Jón Hjörleifsson Þuríður Bjarnardóttir M. Jónsson

Fyrir 1/3 Ásólfskála Kétill Eýólfsson

Fyrir Skálakot: Jón Einarsson Guðmundur Jónsson

Fyrir Moldgnúp: Grímur Guðmundsson.

Fyrir Björnskot: Snorri Jónsson Eýúlfur Kjetilsson

Fyrir Rimhús: Jón Guðmundsson

Bókun – „ – 25

Þingl. – „ – 75

ein krona borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kverkarhelli hinn 23. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 131. Bl. 74.-75.

Vottar Páll Briem



Nr. 132.

Landamerki Stórumerkur.

Stafrétt eftirrit af frumskjali í nr. 58 fol. Stgr. í landsbókasafninu bls. 95.

Eftir því við underskrifader þikjustumm underokaðer og ockur stór örettur giórdur af jnnann og utannsveitar fólks sem gióra sier það að skilldu, að hóggva, skiera, rýfa og beita Stórumerkur skög og gras, hvað við treystustum ei leingur að þola ummtalslaust, hvar fyrer við eignarmenn og ábuendur, samt ummboðshaldenn Stórumerkur, liggjande under Eyafióllum og Störadals kirkjusökn, lögfestum hier i dag hina sómu jórð, hennar tóður, eingiar, holt, haga, reka og allar landsnytiar, þær er hennar lande eiga að fylgja, til ummerkia þeirra, er adrer menn eigaimöte og nú greinum við þesse: fra Grasteine, er stendur á fitenne mille Stórumerkur og Eyvindarholts, og þängad J bærgiled sem first siest J það, so rædur Stórumerkur ä til Merkurbotna, þaðan til Jökuls austur, þä úr Grästeine J Hesteyra J Störu Dimonar, þaðan J Hakolla frá Hæköllum sionhending J Þurragil J Þorolfsfelle, ur Þurragile J Jöldustein og þaðan sionhending J Jökul austur, Firerbiöðum vier hveriumm manne Jrkia edur sier hagnytia tilteked Stórumerkur land Jnnann adurnēfndra takmarka, hvort helldur vera kann skogaryrking, hestabeit, veideskapur eda hver ónnur Jnitia ölógleg än leifess, hvar med og underskillst J þessare lögfestu Stórumerkur reke, gefande þar ä saker sem lóg leifa ef nockur ä möte þessare lögfestu brýtur; enn sieu þeir nockrer, er þar þikjast eiga skog eda ónnur Jtók Jnnan ädur lögfestrar Stórumerkur landamerkia, öskum við alvarlega þeir hinir sómu syne þau med skilrýkium hvar liggia, so bæde þeir og vier megum syns niöta med riettu.

Þessare ofanskrifadre lögfestu til stadfestu skrifum við og latum skrifa vor nófn hier under að Stórumörk þann 2. Septembris Anno 1741.

Sæmundur Jonsson.

Magnus Brandsson

Sygurdur Sueinsson

Jon Arna son

Þesse framann og ofann skrifada lögfesta var openberlega uppelsenn við Störadalskirkiu epter afstadna Hl. þionustu giord 14^{da} Sunnudag epter Trinitatis 1741, sófnudenum äheyrande, vitna underskrifader.

Jon Magnusson.

Ofeigur haäkonarson.

Upplesed við Holts kirkju i safnadarens äheyrn þann 15. Sunnud. eftar Trinitatis að endadre Hl. þionustugiord (Jnverande árs) vitna

Arne Arnason

Þordur Axelsson.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

—,—

—,—

—,—

Að þetta sé rétt ritað eptir mér sýndu frumriti í skjalasafni Steingríms biskups í landsbókasafninu, það vottast hér með notarialiter eptir nákvæman samanburð. -

Notarius publicus í Reykjavík 27. ágúst 1887

Halldór Daníelsson (L. S.)

Borgun 25 a.

Tuttugu og fimm aurar Halldór Danielsson

Fyrir Miðmörk samþykkir Kjartan Einarsson

Fyrir ½ jörðina Eyvindaholt samþykkir Jón Sigurðsson Sighv. Árnason.

Bókun —,— 25

Þingl. —,— 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kverkarhelli hinn 23. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 132. bl. 75

Vottar Páll Briem



Seljaland og Tjarnir í Vestur-Eyjafjallahreppi, bls. 75v-76v
Nr. 133.

Landamerkjaskjal fyrir Seljalands og Tjarnalandi.

Ég undirskrifaður eigandi að jörðinni Seljalandi í Vestur-Eyjafjallahreppi kunngjöri hér með og skráset þessara jarða landeign til ystu ummerkja móts við næstliggjandi jarða lönd, sem er samkvæmt lögfestu sem samin var af fyrverandi eiganda Seljalands umboðshaldara Jóni Johnsen á Ármóti í Árnass. árið 1831, og sem brúkað hefir verið um næstl. 100 ár að minnsta kosti. Landamerkjastefnur og landamerkin eru þessi: Frá Seljalandsfossi ræður áin inn eftir heiðinni að upptökum hennar sem eru á móts við Stórhöfða, úr Stórhöfða liggur fjallshryggur allt fram á fjallsbrún að þessum hrygg liggur Núpsheiði að austan að innanverðu enn þegar neðar dregur myndast gil, kallað merkigil sem ræður merkjum fram á fjallsbrún; merkin þar neðanundir fjallinu eru: Steinn sem stendur í brekkunni milli eystri og vestri Ítölu, úr honum sjónhending í Sefpoll vestanundir Efireota túngarði og þaðan í Syðstupolla, þaðan beina stefnu í flæðarmál þar sem elding sést við sjó milli Bjarnareyjar og Elliðaeyjar. Þess skal getið að þessi áður nefnd stefna frá fjallinu í nefndan Sefpoll liggur yfir túnið á Fitjarmýri og er lagt fyrir þann hluta túnsins sem liggur í Seljalandslandi engjastykki frá Fit sem nefnd er eystri Ítala og eru mörk fyrir því, að austan; úr lækjarsíki vestan við Paradísarhellir og þaðan í þúfu niður á bakkanum. Að vestanverðu eru landamerkin þessi: frá Seljalandsfossi ræður Seljalandsá til Markarfljóts, þaðan sjónhending í vesturútsuður í þúfur á Geldingatanga, á þeirri línu á að sjást fuglsbringa vaka við af Seljalandsfossi, frá þessum þúfum sömu sjónhending í þúfu á Hraunsnefi, þessi markalína frá Markarfljóti er á milli Tjarnar og Brúna. Úr síðastnefndri þúfu liggur merkjastefnan áfram (að fuglsbringan vaki af fossinum) út í Tíundadal þar sem saman kemur Bakka Búðarhóls og Stóradalsland, þaðan suður í sjó, til flæðarmáls, þar sem elding er við sjó á milli austureyja og Urðarlands.

Stórumerkur fjara liggur fyrir Seljalands og Tjarnalandi með þeim takmörkum: að austan elding við sjó milli Elliðaeyjar og Bjarnareyjar, enn að vestan elding við sjó á milli Elliðaeyjar og Urðarlands. Þareð þetta er ítaksfjara, þá skiftist rekinn milli landeigenda og fjörumanna sem lög ákveða.

Afrétturinn Almennungur fylgir jörðum þessum Seljalandi og Tjörnum eftir því sem tala rennur til í móts við aðra sameigendur, og eru takmörk hans þessi: Þröngá að framanverðu, Markarfljót að vestanverðu og fremri Emstra-áin að innanverðu.

Barkarstöðum 12. apríl 1890.

Sigurður Ísleifsson.

Sem hlutaðeigendur að Stóradalslandi undirskrifa Sighv. Árnason Jón Sigurðsson. líka: (eignadi að 5 hndr. í Núpi)

Fyrir hönd eiganda jarðarinnar Brúna Guðjón Sigurðsson

Fyrir hönd jarðarinnar Fitjarmýrar undirskrifa: Bergsteinn Einarsson Biörn Biarnarson

Sem eigandi að ½ jörðinni Fit undirskrifar Einar Ólafsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Bókun –,— 25

þingl. —“— 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kverkarhelli hinn 23. maí 1890, og ritað í
landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 133. bl. 76.

Vottar Páll Briem



Syðsta-Mörk í Vestur-Eyjafjallahreppi, bls. 76v-77r
Nr. 134.

Skrásetning

Yfir landamerki og landamerkjastefnur jarðarinnar Syðstu-Mörk liggjandi í Vestur-Eyjafjallahreppi eins og við eigendur þessarar jarðar vitum þau sönnust og réttust vera þannig:

Í fyrstu úr „Grásteini“ – sem er vestanundir Merkurhólum – beina stefnu neðst í „Kambagil“. Það gil er norðanvið Rauðahraun, svo ræður gilið upp í efri brún Magradals sem er austan við Rauðahraun, þaðan ræður efri fjallsbrúnin beina línu fram í Hádegishnúk, sem er hæsti hnúkurinn á fjallinn fyrir ofan Hrafnagil aftur úr Hnúknum beina línu efst í Hrafnagil, þaðan ræður gilið niðureftir niður á móts við dalbrúnina og þaðan fram eftir allri dalbrúninni fram í Hraunsnef eður í Stein sem er uppi á nefinu, úr þeim steini beina línu í áðurnefndan Grástein.

Að því leyti hálf jörðin er Stóradals kirkjujörð ber henni að tiltölu trjáreki af Stóradalsfjöru við aðrar kyrkjujarðir enn fjörumörkin eru þessi: Að austanverðu að drífandafoss beri vestast um bæinn á Fornusöndum, enn að vestan að elding sjáist að næðanverðu í millum Elliðaeyjar og Bjarnareyjar og beri Bjarnarey austurundan.

Afréttarlandið Stakkholt sem liggur sunnan Krossár á millum Steinsholtsár og Hvannár, er afréttur jarðarinnar að réttri tiltölu við aðrar jarðir Stóradalstorfunnar.

Skógarítak hálftrar jarðarinnar er á Þórsmörk í húsadal sunnanmegin við lækjarfarveginn er rennur eftir dalnum og allt upp í brúnir að hlutfalli við aðrar jarðir Stóradalstorfunnar.

Eystri-Skógum og Syðstu-Mörk 12. maí 1890

eigendur jarðarinnar: J. Hjörleifsson (eigandi að $\frac{1}{4}$ jarðarinnar) Jón Sigurðsson. (eigandi að $\frac{3}{4}$ jarðarinnar)

Sameigandi að hálfu Eyvindarholti samþykkir: Sighv. Árnason.

Fyrir Miðmörk samþykkir Kjartan Einarsson.

Bókun –„– 25

Þingl. –„– 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kverkarhelli hinn 23. maí 1890. og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 134. bl. 76.-77.

Vottar Páll Briem



Neðridalur í Vestur-Eyjafjallahreppi, bls. 77r-77v
Nr. 135.

Skrásetning

Yfir landamerki og landamerkjastefnur jarðarinnar Neðridal liggjandi í Vestur-Eyjafjallahreppi eins og við eigendur þessarar jarðar vitum þau sönnust og réttust að vera þannig:

Garðlag eður þúfnaröð er á Neðradalsbökkum sem er engjamark milli Neðradals og Dalskots, þúfnaröð þessi er austur af Lambhúshól sem er Hóll fyrir vestan Markarfljót, úr nefndu garðlagi svo beina stefnu í Dagmálavörðu að frá skildu norðurjaðar af Neðradalstúni er fyrir norðan áminnst mark liggur; svo frá dagmálavörðu beina stefnu í hraunið á milli Alftadala, aftur frá miðju þessu hrauni í upptök Gljúfurár, svo ræður áin ofanefrir vestur í Markarfljót, vestur í austurmark Stóradalstorfunnar og svo beina línu í áðurnefnt garðlag á Neðradalsbökkum austuraf Lambhúshól.

Afrétt á jörðin: Stakkholt er liggur sunnan Krossár á millum Steinsholtsár og Hraunár að réttri tiltölu við aðrar jarðir Stóradalstorfunnar.

Skógarítak á hálf jörðin eður það sem af henni er kyrkjujörð í Þórsmörk í Húsadal fyrir vestan lækjarfarveg þann er liggur eftir endilöngum dalnum allt vestanmegin allt upp í brúnir að tiltölu réttri við aðrar jarðir Stóradalstorfunnar. - Rekaítak fylgir kyrkjuhlutanum af Stóradalsfjöru eftir því sem tala rennur til.

Neðridal, Syðstu-Mörk og Eyvindarholti 22. maí 1890.

Ingvar Hallvarðsson eigandi að ½ jörðinni

Jón Sigurðsson. eigandi að 3/8 jarðarinnar.

Sighv. Árnason eigandi að 1/8 jarðarinnar.

Fyrir hönd jarðarinnar Stóradals undirskrifar Sigurður Ísleifsson á Barkarstöðum

Bókun —,— 25

Þingl. —,— 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kverkarholti hinn 23. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 135 bl. 77.

Vottar Páll Briem



Landamerkjaskrá fyrir jörðina Ystaskála í Vestur-Eyjafjallahreppi með hjáleigunni Aurgötu sem er bændaeygn.

Á eina hliðina sem er milli Ystaskála og Núps er markið þannig: Úr Rimhúsafjánhúsunum í þufuna á Skæringshólma (sem er vestanmegin Rimhúsaáls). Úr henni bein lína þar til elding er milli Hafurshóls og drifanda fjallsbrúnar og er það hornmark í svokölluðu Langavatni, þaðan bein lína í grástein neðan við Borgarsteina sem á að bera í Flauthellir, svo frá honum ráða brýr austur í Ýráarfossbrún, úr því ræður Ýráargil inn úr vestanvið Ystaskálatungur og áin úr því til jökuls.

Á aðra hlið, nl. að sunnan, úr Rimhúsafjánhúsum bein lína í Stein á Lónsbökkum, þaðan bein lína í þúfu á háa Lónsbakkaskákarbakkanum sem á að bera í útidyr á Suðurbænum Ystaskála, þaðan bein lína allt þangað til kemur í Steinvörðu sunnan við bæjarmýri á Ystaskála, þar beygist markið í austur í grjótvörðu sem er í mýrinni sunnan við merkigarðinn sem er á milli túnanna Ystaskála og Miðskála, úr síðastnefndri vörðu liggur markið í nefndan merkigarð sem er með sínum krókum og bugum, síðan ur efri enda garðsins bein lína upp á Miðskálaegg svo ræður egginn marki til jökuls. -

Fjara fylgir jörðinni fyrir Holtlandi og er austurmark hennar Rimhús í Vondaból sem eru fyrir austan Flauthellir, enn að vestan Efrihóll í Hvammi, hún á að vera fjögur hundruð tólfræðir faðmar.

Afrétt á jörðin Almenninga hlutfallslega við aðrar jarðir sem þann afrétt eiga.

Ystaskála 14. maí 1890.

Undir þessa landamerkjaskrá skrifa

fyrir Ystaskála Einar Jónsson Jón Einarsson

fyrir Núpinn Jón Sigurðsson Jón Einarsson Grímur Guðmundsson

Fyrir 1/3 í Miðskála jarðarinnar í umboði M. Magnússon J. Hjorleifsson

Fyrir 2/3 í Miðskála Sighv. Árnason

Fyrir 2/3 heimajarðarinnar Ásólfsskála Kjartan Einarsson

Fyrir 1/3 í Ásólfskála Ketill Eyólfsson.

Bókun —,– 25

Þingl. —,– 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kverkarholti hinn 23. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 136. bl. 77.-78.

Vottar Páll Briem



Skrásetning yfir landamerki og landamerkjastefnur jarðarinnar Hlíðarenda í Fljótshlíð, eftir því sem ég undirskrifaður veit þetta sannast og réttast að vera, sem er með hjáleigunum Hlíðarendakoti, Nikulásarhúsum og Hallskoti, 80.5 hndr. að dýrl. eftir jarðabókinni frá 1861, enn að fornu mati 60 hndr.

Hornmarkið á móts við Teigsland að vestan og Þverárland að ofanverðu er niðurbrotið í Þverárfarveg, enn merkjastefnan í milli Hlíðarendalands og Teigslands er: bein stefna úr dí-auga, sem er neðan við miðja sporðinn á Þrætutungu er liggur austan og neðanvert við Deild í miðja norðurhamra Stóradímonar, í þessari stefnulínu liggur áðurnefnt hornmark í Þverárfarveg á því svæði sem háa hæðin austast í Ámundakotstúni jaðrar að sjá við Núpsfjall að framan (á þessari hæð standa lambhús frá Ámundakoti) enn inneftir að sjá ber tána á Þórólfsfelli um opinn Húsadal á Þórsmörk. Úr þessu þannig miðuðu hornmarki liggur merkjastefnan inn á við, í móts við Þverárland, beint í litlu Þverárfarveg, að sjá á bæinn Hlíðarenda, og liggur þessi stefna um hinn forna litlu-Þverárfarveg norðan við Rembutagl svo kallað, svo ræður litluþverá upp og [...]im til heiðarinnar allt upp undir Oddstorfutanga, þaðan ræður bein stefna [...]n í Stórahæringsfelli og þaðan í Tindfjöll austur þar til stefnan úr Merki[...]botnum tekur við sem síðar segir Merkin og merkjastefnan í móts við Eyvind[armúlatorfuna er: Merkiárgljúfur, gil og farvegur hennar inneftir heiðinni allt til Merkiárbotna; ^{síðan beina stefnu úr Merkiárbotnum} mið-gilinu í hánorður upp til fyrnefndrar stefnu úr Hæringsfelli í Tindfjöll. Aftur úr Merkiárgljúfri að neðanverðu ræður bein stefna á láglandinu þar sem tveir fossar eru opnir í gljúfrinu og fuglsbringu að sjá í hinn þriðja, að ofan talið, og svo frameftir beina stefnu í fyrnefnda norðurhamra Stóradímonar þar sem þeir eru vestast að bera á þeirri leið að sjá.

Afréttarlöndin Græna fjall og Þórsmörk, á Hlíðarendatorfan í sameiningu við aðra sameigendur þeirra eftir því sem tala rennur til.

Að endingu skal þess getið, að við hefir gengist, og að sögn að fornu svo um samið af Hlíðarenda og Þverármönnum, að ábúendur Hlíðarendatorfunnar hafi torfskurð í Þverárlandi í móti kúabeit handa Þverármönnum fram á slátt (Túnasláttarloka), er sé hálfan tímann fram á aurum og hálfan inn til heiða, í hinni svo kölluðu Mosamýri.

Hlíðarenda hinn 10. maí 1886.

fyrir hönd aðaleiganda Hlíðarendatorfunnar Stefáns prests Thórarinssonar á Kálfatjörn

Árni Guðmundsson (meðeigandi)

Erlindur Árnason

Ólafur Pálsson (meðeigandi)

Framanskriðuðu landamerkjaskjali er jeg samþykkur fyrir hönd Eyvindarmúlans ½ Árkvarnar, hálf Háamúla og hálftrar Dúðu Jón Þórðarson

Sem Rangárvallahreppsmaður samþykkir Árni Guðmundsson (hrepptjóri)



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Sem eigandi og umráðamaður að jörðinni Teigi og fyrir ½ jörðina Neðri-Þverá samþykkir
Guðmundur Guðmundsson

Fyrir ¼ úr Neðri-Þverá samþykkir Tómas Sigurðsson

Fyrir Rauðnefsstaði Þuríður Jónsdóttir.

Bókun —,— 25

Þingl. —,— 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kyrkjulæk hinn 27. maí 1890 og ritað í landamerkjabók
Rangárvallasýslu Nr. 137. Bl. 78.

Vottar Páll Briem



Landamerki Aurasels og Lambeyjarlands (hagaland frá Breiðabólstað)

Mörkin móts við Berjanes liggja frá Affallinu í miðjan Krossdalshöfða miðuð frá landsuðri úr Neðradalsgili til útsuðurs þangað sem Eyjarland tekur við fyrir innan innstar sjáanlegar leyfar af Langamel litlu innar enn Arnargerðisbæ ber í austanverðan Þórunúpsnúp þaðan liggja mörkin í sömu stefnu móts við Eyjarland yfir Botnavaðspúfu út á þúfuna á Eyjarmessu rífi, er liggur í beinni stefnu við gilið fyrir austan Erilsgerði og klifið á Vestmannaeyjum. Þaðan liggja mörkin ^{beina stefnu} framantvert úr Þórólfsfellsta fram í vörðu þá sem myndar hornmark við Hemlu og stendur varða þessi þar sem beina línu ber í austurhornið á Ystakletti í Stóra-Moshvolsbæ og ræður sú lína mörkum móts við Hemlu að vstan og liggur upp í hinn forna Þverárfarveg á sandinum fyrir ofan Hemlubót og Lambey. Að norðan ræður svo bein stefna inn á milli Launfitar og Lambeyjar og liggur yfir Þverá í svonefndum Bjargarkotskrók inn eftir hinum forna farvegi undir sandbríkum þeim, er liggja fram af hinum lága sandi niður af Sámstaðafit allt inn að Hundamel. Síðan ræður Þverá inn á móts við Kyrkjulækjarland. Enn mörk móts við Kyrkjulækjarland eru bein lína úr miðjum fjallshnúknum norðanvert við Rjúpubotna laus við Eyjafjallaendann (Seljalandsmúla) fram í Affall.

Staddir á Breiðabólstað 10. maí 1890.

Sem samþykkir hlutaðeigendur undirskrifa

Eggert Pálsson

Jón Sveinsson

Sigurður Øgmundsson

Andrjes Andrjesson.

Fyrir Kyrkjulækjarland Árni Guðmundsson

Bókun —, — 25

Þingl. —, — 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kyrkjulæk hinn 27. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 138. bl. 78.-79.

Vottar Páll Briem



Landamerkjabréf fyrir Teigslandi í Fljótshlíðarhreppi ásamt hjáleigunum Butru, Finshúsum, Ámundakoti, Miðkoti og Bollakoti: og eru landamerki sem hér segir: Úr Stóra-Hæringsfelli beina stefnu í austurhornið á Þríhyrningi þangað til Geitafell ber í hábrúnina uppi yfir Suðurhlíðum, svo beina stefnu í nefnda brún, þaðan í vestasta Grjóthólinn, þaðan í vestra gilið í Klofningunum, svo ræður Grjótá niður að Þverá. Úr Grjótáarmynni sem verið hefir suður af lambhúshólum í Hellishólum beina stefnu í Lausöldu sem þaðan ber austan við Elliðaey, og helst sú stefna þangað til Markþúfan á Töglunum, (svonefnd Hrossleggjapúfa) ber í Hákoll á Dímon, svo beint í nefnda þúfu og í Hákoll á Dímon. Þaðan aftur beina stefnu á dýaugað niður af miðri Þrætutungu upp að Þverá, sem er mark út að Eltingarlæk, svo er hann mark og Skellir upp úr engjunum og túnunum, þaðan sem túnunum sleppir beina stefnu í vörðuna á Langadalshrauni og þaðan beint í Stóra Hæringsfell.

Afréttarítök á Teigur: Teigstungur: Skógarhögg og sauðabeit í Þórsmörk eftir tiltölu við aðrar jarðir í Fljótshlíð; og sömuleiðis afrétt Græna fjall.

Teigi 14. maí 1890

Guðmundur Guðmundsson

Árni Guðmundsson

Ísleifr Magnússon fyrir Ossabæjarland

Þ. Bjarnarson

Sighv. Árnason

Fyrir hönd ómyndugra barna Einars sál. Sveinssonar á Neðri-Þverá Jón Sveinsson

Fyrir hönd aðaleiganda Hlíðarendatorfunnar St. Thorarensens samþykkir Erlendr Árnason

Ari Stephansson Magnús Sigurðsson

Bókun —,— 25

Þingl. —,— 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kyrkjulæk hinn 27. maí 1890 og ritað í landamkerjabók Rangárvallasýslu Nr. 139. bl. 79.

Vottar Páll Briem



Landamerkjaskjal fyrir Barkarstaðalandi.

Í umboði prófestsins séra Sæmundar Jónssonar á Hraungerði í Árnessýslu, sem eiganda og umráðamanns jarðarinnar Barkarstaða í Fljótshlíð, skráset ég undirskrifaður ábúandi nefndrar jarðar, landamerki jarðarinnar, til ystu ummerkja við næstliggjandi jarða lönd; og tiltek þá fyrst að vestanverðu á mill[i] Barkarstaða og Eyvindarmúlatorfunnar, að þar ræður Bleiksá eða Bleiksárglúfur, allt frá upptökum hennar upp í hraunum, og niður að jafnsléttu (nema hvað sagt er að Eyvindarmúli eigi vestri part af Lambatungum, enn þær liggja fyrir norðan Barkarstaðaheiði upp við hraunin). – Aftur frá jafnsléttu fram yfir þvera aura ræður foss, er fellur vestanmegin í gljúfrið, ofanvið hábrúnina og „Síðjarfur“ heitir, þannig, að hann á alltaf að sjást og er það í hádegisstað, allt austur að Stórumerkurlandi, sem talið er úr landnorðurhorni á stóra „Dímon“ beina stefnu í „Lausöldu“, sem stendur á aurunum vesturundan Þórsmekurrana.

Aftur tiltakast mörkin á milli Barkarstaða og Fljótsdals þessi: Viðargil, neðan frá jafnsléttu neðan við Selhóla og inneftir Stórhólsgili, og svo á fjall upp í norður, á milli Hrutabotna og Smérbrekna, líka kallaðar Þrætutungur. – Enn aftur að neðanverðu úr Viðargilsmynni, fram yfir þvera aura í hádegisstað, að áður nefndu Stórumerkurlandi.

Afrétt á jörðin Græna fjall og Þórsmörk, að tiltölu við aðrar jarðir sveitarinnar.

Hvað þessi landamerki snertir á milli Barkarstaða og Fljótsdals, þá hefir verið farið eftir forlíkunarskjali gjörðu að Fljótsdal 1675, á milli eiganda Fljótsdals, séra Odds Eyjólfssonar, og eiganda Barkarstaða, bræðranna Jóns og Erlendar Eiríkssona, og er þar áskilið: „að beit í Þrætutungum fyrir vestan Hrutabotna, skuli vera Fljótsdalseigendum eða ábúendum frjáls og heimil, án allrar klögunar og eftirtals, þá þeir í Fljótsdal þyrftu það land að brúka, annaðhvort í misgangi eða nauðsynjanafni;“ einnig er þar ákveðið að þessi landamerki skuli standa, um aldur og æfi“ þessum landamerkjum eru líka samhljóða vitnisburðir gamalla manna, er hér voru unglingar, vinnuhjú hjá Jóni prófasti Halldórssyni. –

Barkarstöðum 30. júní 1888.

Tómas Sigurðsson

Hvað framanskriðuð landamerki snertir á milli Barkarstaða og Eyvindarmúlatorfunnar erum við samþykkir

Jón Þórðarson

Sigurður Tómasson

Ósamþykkur fyrir Fljótsdalinn Ágústjónsson.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kyrkjulæk hinn 27. maí 1890 og ritað í landamerkjabók
Rangárvallasýslu Nr. 140. bl. 79.-80.

Vottar Páll Briem



Landamerki fyrir jörðinni Fljótsdal liggjandi í Eyvindarmúlakyrkjusókn og Fljótshlíðarhreppi eru þessi sem hér greinir:

Að austanverðu milli afréttar Fljótshlíðarhepps og jarðarinnar Fljótsdals ræður mörkum það gil sem nefnt er: fremsta Kanastaðagil; að neðanverðu þar sem gilið ~~gilið~~ í hálendinu þrýtur ræður mörkum bein stefna í suður allt að Stórumerkur-marki; enn að ofanverðu tekst markið úr fyrnefndu gili (Kanastaðagili) þar sem bein stefna frá austri til vesturs lendir í efri Þórólfsárklofning; ræður svo Þórólfsá frá fyrnefndum klofning merkjum á fjall upp í norður allt að mörkum á milli Fljótshlíðar og Rangárvalla.

Jörðin Fljótsdalur á upprekstur á Grænafjallsafrétti; skógarhögg og hagbeit á Þórsmörk eftir hlutfalli réttu móts við aðrar jarðir í hreppnum.

Að þetta séu hin réttu og sanngjörnu landamerki millum jarðarinnar Fljótsdals og afréttar Fljótshlíðarhepps höfum vér undirskrifaðir komið okkur saman um og samþykkt hver með öðrum, hverju vér til sannindamerkis og vitnisburðar ritum nöfn var með eigin hendi.

Fljótsdal 24. maí 1890.

Jón Jónsson m.e.h.

Ágúst Jónsson m.e.h.

Úlfar Jónsson m.e.h.

Fyrir afrétt hreppsins er hreppsnefndin ósamþykk Guðm. Guðmundsson oddviti.

Bókun —,— 25

Þingl. —,— 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kyrkjulæk hinn 27. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 141. bl. 80

Vottar Páll Briem



Nr. 142.

Landamerkjabréf fyrir Þveráalandi að austan og Heylækjarlandi að vestan, og jarðanna þar í milli, Valstrýtu og Deildar: Úr Stórahæringsfelli til útsuðurs beina stefnu í Skelligi Vörðuna á Langadalshrauni, og svo beina stefnu í Skelligilið milli túnanna á Teigi og Heylæk, svo ræður Skellir og Eltingarlækur niður í Stóru-Þverá; svo Stóra-Þverá inn að Litlu-Þverármynni, svo ræður Litla-Þverá upp í Oddstorfutanga og þaðan beina stefnu í Stórahæringsfell.

Ofangreindar jarðir eiga afrétti Grænaþjall og Þórsmörk og svo líka skógarhögg í Þórsmörk til jafns við aðrar jarðir í Fljótshlíð eftir hundraðatali.

Staddir á Heylæk 14. maí 1890

Fyrir Heylækjarland Guðm. Guðmundsson Magnús Sigurðsson

Fyrir Þverárland Guðm. Guðmundsson.

Fyrir Hærrí Þverá: Guðrún Magnúsdóttir.

Fyrir ¼ í Neðri Þverá Tómas Sigurðsson

Fyrir Valstrýtu og Deild: Ari Stephansson Guðm. Guðmundsson.

Fyrir Hlíðarenda land Erlendur Arnason.

Bókun —,— 25

Þingl. —,— 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Kyrkjulæk hinn 27. maí 1890. og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 142. bl. 80.-81.

Vottar Páll Briem



Nr. 143.

Landamerki Langagerðis í Hvolhreppi.

Frá miðjum hinum forna farvegi Þverár fyrir norðan Lambey liggja mörkin milli Brekkna og Lambagerðis upp í vörðu frammi á bökkunum, - er stendur þar sem Bjargarkot ber í austurhornið á Heylækjarbæ og Sauðhamar í austasta háhornið á Þríhyrningi – beina stefnu í vörðu á bökkunum hólunum fyrir sunnan Langagerðis- og Brekknamýri, þaðan beina stefnu í vörðu á nefndri mýri, þaðan beina stefnu í vörðu á rímanum fyrir ofan Brekknadýin, þaðan beina stefnu í vörðu á ásnum fyrir norðan Langagerði, og þaðan síðast beina stefnu í vörðu með steini í botni á næstum ósýnilegu garðlagi, og stendur sú varð þar, sem neðsta táin á Hvolfsjalli norðanverðu nemur við vesturbrúnina á Minnahofstúni, og Stóra-Moshvolsbær ber í vestanverðan Dufþekjubæ. – Móts við Gilnaland liggja svo landamerkin eftir áðurnefndu garðlagi í útsuðurhornið á túngarðinum í Langagerði, og þaðan svo að vestanverðu eftir gömlu garðlagi á austurbrún Gilnamynnis, og síðan er túninu sleppir ræður enn gamalt garðlag, er gengur í sömu stefnu suður eftir mýrinni, og alla leið suður í hinn forna farveg Þverár.

Odda 17. maí 1890

Skúli Skúlason

Landamerki þessi samþykkja:

Halldóra Gunnarsdóttir

Guðm. Þorkelsson

Eggert Pálsson.

Bókun –,,– 25

Þingl. –,,– 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Stórólfshvöli hinn 28. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 143. bl. 81.

Vottar Páll Briem



Vestri-Garðsauki, Garðsauhjáleiga og Miðkrika í Hvolhreppi, bls. 81v
Nr. 144.

Landamerki Oddakyrkjujarðarinnar Vestri-Garðsauka í Hvolhreppi, ásamt
Garðsauhjáleigu og bændaeygninni Miðkrika.

Að norðaustan, móts við Stórólshvolsland liggja mörkin úr vörðu á syðri Øldubakkanum austan við Skaravað – og stendur sú varða þar, sem bærinn Strandarhöfði ber í Blátind á Vestmannaeyjum og Oddakyrkja sunnantil í Geitafell í Ølvesi – sjónhending í Fásavað á Garðsauhálæk, og er þetta vað þar, sem Selsundsfjall yddir vesturundan Hvolfsfjalli, og vesturtúngarðshornið í Dufþekju ber í Eyðið á Vestmannaeyjum; úr vaði þessu sjónhening til suðurs í vörðu í mýrinni fyrir norðan Dufþekju, og stendur sú varða þar sem Langagerðisbær ber í slakkann á Þríhyrningi, og vesturtúngarðshornið í Dufþekju ber í miðjan Heimaklett; frá þessari vörðu liggja mörkin móts við Dufþekjuland sjónhending til vesturs í vörðu í mýrinni fyrir norðan Heljarkeldumynni, og stendur sú varða þar sem Eystri-Kyrkjubær ber astantil við Skarðsfjall og Eystra-Fróðholt norðanvert við Geitafell í Ølvesi; þaðan sjónhending til norðurs í vörðu á syðri Øldubakkanum, er stendur þar sem Blátindur á Vestmannaeyjum ber vestast í Strandarbæ og turninn á Oddakyrkju jaðrar með norðurhorninu á Geitafelli; síðan ræður aldan mörkunum að norðan móts við Stórólshvolsland allt að fyrstnefndri vörðu við Skaravað.

Odda 17. aprílmán. 1890

Skúli Skúlason (beneficiarius)

Landamerki þessi samþykkja:

Jón Árnason Eigandi Miðkrika Stórólshvols og Dufþekju

Elín Sigurðardóttir Abúandi Eystri-Garðsauka.

Þorst. Thorarensen eigandi og abúandi Móeiðarhvols

Bókun –,,– 25

þingl. –,,– 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Stórólshvoli hinn 28. maí 1890 og ritað í
landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 144. bl. 81.

Vottar Páll Briem



Landamerki jarðarinnar Móeiðarhvals í Hvolhreppi ásamt Bergvaði í sama hreppi. –

Að austan liggja mörkin móts við Garðsauka- og Miðkrika-land úr vörðu á syðri Øldubakkanum – er stendur þar sem Blátindur á Vestmannaeyjum ber vestast í Strandarbæ og turninn á Oddakyrkju jaðrar með norðurhorninu á Geitafelli – sjónhending til suðurs í vörðu á mýrinni fyrir norðan Heljarkeldumynni – og stendur sú varða þar sem Eystri-Kyrkjubær ber austantil við Skarðsfjall og Eystra-Fróðholt norðanvert við Geitafell í Ølvesi; þaðan liggja mörkin móts við Dufþekjuland í sömu stefnu allt suður í Þverá. Að sunna ræður syðri farvegur Þverár mörkum. Að vestan Eystri-Rangá. Að norðaustan móts við Stórólfshvoltsland ræður hinn forni farvegur Rangár, sem er fyrir norðan svonefndan Stórhól – þar, sem Eystri-Kyrkjubær ber í vestri Búrfellsöxl á Hreppamanna afrétti, – allt að Svartabakka. Síðan liggja mörkin frá vörðu á Svartabakka beina stefnu í fyrstnefnda vörðu að syðri Øldubakkanum.

Móeiðarhvoli 22. maí 1890.

Þorsteinn Thorarensen eigandi og ábúandi Móeiðarhvals og Bergvaðs.

Landamerki þessi samþykkja:

Skúli Skúlason (umráðandi Vestri-Garðsauka)

Jón Árnason eigandi Miðkrika og Dufþekju.

Björn Árnason sem umráðamaður og ábúandi Suðurhjal.

Bókun –,— 25

Þingl. —,— 75

ein króna borgað Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Stórólfshvoli hinn 28. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 145. bl. 82.

Vottar Páll Briem



Uppteiknun á landamerkjum umhverfis land jarðarinnar Moshvols í Hvolhreppi gjörð eftir tilsögn ábúendanna þar og á kringumliggjandi jörðum í nóvembermánuði 1883.

Sjónhending frá garðshorninu austanhallt fram af Gilnamynni sést víða hvar til gamals garðbrots til haf útsuðurs allt fram að hinum forna Þverárfarvegi sést það glöggt austast á torfunni fram við farveginn. Þetta garðbrot er í mörkum millum Langagerðis og Moshvols síðan ræður Þverárfarvegur fyrir norðan Hemlubót mörk= rauðós (Leirós) minni var ós þessi kelda nokkur og mynni teimar spölkorn fyrir vestan síkisvaðið á Þverá enn er nú að mestu uppbornuð. Úr Rauðósmynni liggja mörkin sjónhending norður í Ormsvallarþúfu það er upphlaðin þúfa rétt vestan við brúna á almenningsveginum. Frá Ormsvallarþúfu liggja mörkin enn nú sjónhending upp í lækinn austan við lækinn austan við Ormsvöll þar sem mætist Ormsvallargirðing og Benagerði á þessum kafla vottar líka fyrir garðbroti fornu sem virðist eiga að vera markagarður enn hefir verið klaufalega lagður því hann er með talsverðum hlykkjum úr því ræður lækurinn og gilið mörkum inn í Svartabakka úr Svartabakka liggur enn nú gamalt garðbrot til austurs landsuðurs austur að Vindás túni stefnir það hér um bil á bæinn í Vindási og er það markagarður, þegar kemur að túngarðuinum á Vindási ráða þeir og Gilna túngarðar mörkum austur í Gilnamynni þaðan liggja mörkin fram í upphaflega nefnt garðshorn.

Samþykkt af undirskrifuðum 12. sept. 1889.

Ólafur Magnússon á Vestri-Tungu

Steinun Øgmundsdóttir á Skipagerði

Fyrir Litla-Moshvol Guðmundur Gunnarsson

Fyrir Litla-Moshvol Halldóra Gunnarsdóttir

Fyrir Langagerði Skúli Skúlason

Jón Árnason eigandi Dufþekju og Hvolstorfu.

Bókun —,— 25

Þingl. —,— 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Stórolfshvoli hinn 28. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 146. bl. 82.

Vottar Páll Briem



Landamerki Dufþekju í Hvolhreppi.

Úr Ormsvallarpúfu, sem stendur þar sem býlið Skeið ber laust fyrir norðan túngarðshornið í Dufþekju og býlið Eystri-Garðsauki jaðrar við norðurhornið á Vörðufjalli á Skeiðum; þaðan í suður, að þúfu sem stendur laust fyrir ofan Þverá skammt frá rauðs þar sem Breiðabólstaðarkyrkja ber fremst í Oddann á Núpsfjalli og býlið Miðkriki ber rétt fyrir austan túngarðshornið á Dufþekju; þaðan í vestur ræður Þverá allt að vörðu sem stendur þar sem Móeiðarhovoll ber í austurenda Búrfjalls í Grímsnesi og Dufþekju norðurtúngarðshornið ber fremst í Núpskletta; þaðan í norður þangað sem Heljarkelduvarða stendur, sem er hornmark milli þriggja jarða og stendur þar sem Eystri-Kyrkjubær ber astantil við Skarðsfjall og Eystra Fróðholt norðanvert við Geitafell í Ølves; þaðan beint í austur að vörðu sem stendur fyrir norðan Dufþekju þar sem Langagerðisbær ber í slakkann á Þríhy[rn]ingi og vesturtúngarðshornið á Dufþekju ber í miðjan Heimaklett í Vestmannaeyjum svo þaðan enn í austur í áður nefnda Ormsvallarpúfu (vörðu)

Gjört í Hvolhreppi 14. maí 1890.

Jón Árnason eigandi Dufþekju.

Elín Sigurðardóttir ábúandi á Eystri-Garðsauka.

Halldóra Gunnardóttir eigandi Litla-Moshvols 1/3

Ólafur Magnússon eigandi að hálfum Stóra-Moshvol.

Einar Einarsson fyrir hönd Steinunnar Øgmundsdóttur eiganda að hálfum Stóra-Moshvoli.

Guðmundur Gunnarsson eigandi 2/3 Litla-Moshvols.

Skúli Skúlason (umráðandi Vestri-Garðsauka)

Þorsteinn Thorarensen eigandi og ábúandi Móeiðarhovols.

Þorsteinn Thorarensen eigandi og umráðamaður Móeiðarhovols, Norðurhjál. og Bergvaðs.

Þjörn Árnason sem umráðamaður og ábúandi Suðurhjál.

Bókun —, — 25

Þingl. —, — 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Stórolfshvoli hinn 28. maí 1890 og ritað í landamekrjabók Rangárvallasýslu Nr. 147. bl. 82.-83.

Vottar Páll Briem



Landamerki Stórólshvols, Kornhúsa Þinghóls, Króktúns, Gerða, Götu og Ormsvallar.

Úr vörðu, sem stendur í Svartabakka skamt fyrir ofan Bergvað þar sem býlið Kotvöllur ber í miðjan Þríhyrning og býlið Ægissíða í mitt Hestfjall í Grímsnesi; þaðan suðaustur beint stryk í vörðu sem stendur á syðri Öldubakkanum þar sem Blátindur í Vestmannaeyjum ber vestast í býlið Strönd í Landeyjum og turninn á Oddakyrkju jaðrar við norðurhornið á Geitafelli í Ølvesi; þaðan ræður aldan í austurátt, allt að vörðu sem stendur á syðri öldubakkanum við Skararvað svokallað þar sem býlið Strandarhöfði ber í Blátind á Vestmannaeyjum og Oddakyrkja sunnanvert við Geitafell í Ølvesi; þaðan sjónhending í suðaustur í vörðu sem stendur hjá Fásavaði á Garðsaukalæk, og er þessi varða þar sem Selsundsfall yddir vesturundan Hvolfsfjalli og vesturtúngarðshornið á Dufþekju ber í mitt eyðið á Vestmannaeyjum; þaðan ræður í austur Garðsaukalækur allt að svokölluðu Eystri-Garðsauka-vaði, sem er á læknum í norðaustur frá býlinu Eystri-Garðsauka; þaðan í suður beint stryk í Ormsvallarvörðu (þúfu), sem stendur þar sem býlið Skeið ber laust fyrir norðan túngarðshornið á Dufþekju og býlið Eystri-Garðsauki jaðrar við norðurhornið á Vörðu[...] á Skeiðum; þaðan í norðaustur að Garðsaukalæk eður Hvolsgili þar sem hvolsvöllur og benagerði koma saman; þaðan ræður áðurnefnt gil allt að vörðu sem stendur beint í suður frá bænum Miðhúsum, þar sem bærinn Þinghóll ber laust fyrir vestan Skrápskletta og bærinn Hemla á að hverfa aðeins undir Moshvolshól að vestan; þaðan í norður beint stryk allt norður í Rangá í vörðu þar sem bærinn Dufþekja ber í miðjan Heimaklett á Vestmannaeyjum og bærinn Markaskarð ber í suðurhornið á Þríhyrningi; þaðan ræður Rangá í vestur allt að svo kölluðum Stórhól; svo þaðan í suður að fyrnefndri vörðu sem stendur á Svartabakka fyrir ofan Bergvað.

Gjört að Stórólshvoli 19. maímánaðar 1890

Jón Árnason eigandi Stórólshvols, Kronhúsa, Þinghóls, Króktúns, Gerða og Ormsvallar.

Jón Þjetursson ábúandi á Götu.

Árni Guðmundsson eigandi að nokkuru af Miðhúsum.

Sigurður Guðmundsson fyrir hönd eiganda nokkurs af Miðhúsum Jónasar Pálssonar frá Fíflholti.

Jón Tómasson fyrir eigendur í Vestmannaeyjum að parti úr Miðhúsum.

Elín Sigurðardóttir sem umráðamaður og ábúandi Eystri-Garðsauka.

Ólafur Magnússon eigandi að hálfum Stóra-Moshvoli.

Einar Einarsson fyrir hönd Steinunnar Ögmundsdóttur eiganda ½ Stóra-Moshvols.

Guðmundur Gunnarsson eigandi að 2/3 Litla-Moshvols.

Halldóra Gunnarsdóttir eigandi að 1/3 Litla-Moshvols.

Skúli Skúlason (umráðandi Vestri-Garðsauka).

Þorsteinn Thorarensen eigandi og umráðamaður Móeiðarhvols, Norðurhjal. og Bergvaðs.

Þjörn Árnason sem umráðamaður og eigandi Suðurhjal.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Bókun –,- 25

Þingl. –,- 75

ein króna borgað Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Stórolfshvoli hinn 28. maí 1890 og ritað í
landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 148. bl. 83.

Vottar Páll Briem



Nr. 149.
Landamerki Skeiðs.

Þessi eru mörk milli Skeiðs og Uxahryggjar úr markapytti og í enda á markagarði og svo ræður hann stefnu í vestri enda á Hagafjalli og upp að Þverá og svo ræður hún að norðanverðu austur að mörkum milli Skeiðs og Hemlu, nú aftur að framan úr Markapytti og flóðkíl sem nefndur er Ferstikla milli Strandar og Skeiðs og so aftur úr Ferstiklu og í markarima sem er hornmark milli Skeiðs, Hemlu og Strandarhöfða og svo úr markarima sjónhending upp í vörðu, sem stendur á Þverárbökkum og ber í öxlina á hagafjalli.

Staddir á Skeiði í apríl 1890

Guðm. Pálsson á Skeiði.

Margrét Andrésdóttir.

Guðm. Guðmundsson.

Jón Halldórsson.

Magnús Magnússon.

Andrjes Andrjesson.

Bókun —,— 25

Þingl. —,— 75

ein króna borgað Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Stórólfshvöli hinn 28. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 149. bl. 83-84.

Vottar Páll Briem



Nr. 150.

Landamerki jarðarinnar Árgilstaða í Hvolhreppi eru:

Að norðan ræður Eystri-Rangá frá Fiskármynni, upp að Þorgeirssteini, við Rangá, að austan bein sjónhending úr Þorgeirssteini í kollinn a Hnauk, hæsta hnúknum á Árgilstaðafjalli, þaðan í vörðu á Helgafelli, þaðan í vörðu á vestanverðu Vörðuholti, sem er hornmark milli Árgilstaða og Vatnsdals, að sunnan á móts við Torfastaði ræður sniðhöll sjónhending til vesturs útnorðurs í vörðu norðarlega og vestarlega á Sléttafellsrana, og er stefnan milli seinastnefndra markavarðna miðuð við einstakan klett í brúninni á Þórunúpsfjalli, að vestan bein sjónhending úr áðurnefndri vörðu á Sléttafellsrana beint til norðurs í vörðu sem er sunnanvert við Markagils botn, þaðan í Grástein efst í engjamörkum milli Árgilstaða og Vallarhverfisins, ráða svo engjamörkin norður í Fiská, sem úr því ræður mörkunum.

Gjört með samþykki undirskrifaðra hlutaðeigenda í maímanuði 1890.

Fyrir Árgilstaði: H. E. Johnsson Kristýán Jónsson Ólafur Arnbjarnarson

Fyrir Vallarhverfið: H. E. Johnsson.

Fyrir Reynifellið: Árni Guðmundsson

Fyrir Torfastaði Jón Þorvarðarson Eggert Pálsson Páll Jónsson Þuríður Jónsdóttir Sveinn Ólafsson.

Fyrir Vatnsdal: Helga Guðmundsdóttir.

Fyrir Þórunúp: Eggert Pálsson

Bókun —,— 25

Þingl. —,— 75

ein króna borgað Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Stórólfsþvoli hinn 28. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 150. bl. 84.

Vottar Páll Briem



Landamerki jarðarinnar Brekkna í Hvolhreppi

Slægjumörkin milli Brekkna og Uppsala eru þessi: Fyrst ræður Uppsalatún, og nær það vestur á brúnina á brekkunni austanvert við lág þá, er þar liggur að túninu, og ræður sú brún fram í hinn stóra Grástein, er stendur ofarlega í brekkunni fyrir neðan túnið rétt fyrir austan áðurnefnda lág. Úr þessum steini liggja svo slægjumörkin þráðbeina stefnu fram í gamalt garðlag í hólunum austanvert við ærhúsin á Brekkum og ræður svo það garðlag þaðan í frá fram í hinn forna farveg þverár fyrir norðan Lambey, og ber alla markastefnu þessa úr áðurnefndum stóra Grástein laust vestanvert við Álfsey. –

Löndum Uppsala og Brekkna hefir aldrei svo menn viti verið skift fyrir ofan túnin að högum, enda væri ómögulegt að skifta þeim eftir beinum-slægjumörkum, og allt virðist benda til að Uppsalir séu byggðir úr Brekkna landi, ætti því að skifta þessum högum milli áðurnefndra jarða, yrði það að vera eftir jarðarmegni, og því kom hlutaðeigendum saman um, að hvað húsasetning á högum og aðra yrkingu þeirra snertir, gildi sama regla og hingað til og að Uppsalir yrki framanverða hagana fyrir austan sig, er liggja næst högum jarðarinnar Núps. – Hagamörk beggja jarðanna móts við Núp liggja frá vörslugarðinum ofan og austanvert við Erilsgerði, svo að segja þar, sem eystri lækurinn rennur í gegnum garðinn, og liggur aðalmarkastefnan frá garði þessum þar sem hana ber í vesturhornið á Eyjarbæ. Svo heldur þessi markastefna áfram nokkuð fyrir vestan gil það, sem áðurnefndur lækur kemur úr, vestanvert við Kjóamýri, yfir miðja svonefnda Bakkalæki, og síðan yfir vörðu hlaðna á hárananum austanvert við Kotamannafjall þar, sem bæði má sjá Eyjar og Þórunúpsbæ, þó hinn síðarnefndi bær liggja austar enn í rétta stefnu. Þaðan heldur svo markalínan í beinni stefnu áfram austanvert við Kringlumýri, sker síðan kyrkjuveginn úr Vallarhverfinu neðanvert við leirflag það, sem þar er brúað og endar á vestustu ták af hól þeim, fyrir sunnan Þórúnúpsengjagarð, sem gamalt skjólgarðsbrot liggur á og kallaður er Gráhóll nyrðri. Úr þessu hornmarki liggur svo markalínan móts við Þórúnúp vestur í og norður eftir botni þeim, er liggur spölkorn fyrir vestan áðurnefndan Þórúnúpsengjagarð og fellur norður í Þórúnúpsgil þar móts við, er Þórúnúps og Efrahvolslönd mætast fyrir norðan gilið og er þessi botn kallaður vestasti botn. Mörkin móts við Efrahvol liggja síðan eftir áframhaldinn af áðurnefndu Þórúnúpsgili vestur á móts við Efrahvolshella. Þaðan liggja svo mörkin móts við Giljar beina stefnu upp í hornmarksþúfu upphlaðna þar, sem Þórúnúpsbær ber vestanvert við Þríhyrning og innri Efrihvolshellir í Stórahofs bæ. Úr þessari þúfu liggja svo mörkin móts við Giljur í stefnu á vestanverðan hnjúk þann, er ber næst fyrir vestan Heklu; og þaðan þvert fram yfir ofanverða gilbotnana í vestanverðu Kotamannafjalli fram í gamalt garðlag, er síðan ræður mörkum allt þangað til að Langagerðisland tekur við, enn mörkin móts við þá jörð eru frá vörðu – með steini í botni – á nefndu garðlagi, og stendur sú varða þar, sem neðsta táin á Hvolfsfjalli norðanverðu nemur við vesturbrúnina á Minnahofstúni og Stóra-Moshvol sbær ber í vestanverðan Dufþekjubæ – beina stefnu í vörðu sunnar á holtinu, þaðan beina stefnu niður á milli bæjanna Brekkna og



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Langagerðis eftir slægju og haga mörkum í vörðu fram á bökkunum og stendur hún þar sem Bjargarkot ber í austurhornið á Heylækjarbæ og Sauðhamar í austasta háhornið á Þríhyrningi. Þaðan ræður svo bein stefna fram í hinn forna farveg þverár fyrir norðan Lambey. –

Gjört með samþykki undirskrifaðra í október 1888.

Guðmundur Þorkelsson

Skúli Gíslason

Skúli Skúlason.

Bókun –,,– 25

Þingl. –,,– 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bokað á manntalsþingi að Stórólfsþvoli hinn 28. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 151. bl. 84-85.

Vottar Páll Briem



Landamerki Jarðarinnar Lambhaga á Rangárvöllum, eru að suðvestan, úr vörðu við Eystri-Rangá á holtinu upp af Fögrubrekku, þaðan beina stefnu í Rauðkoll, svo frá Rauðkoll sjónhending í svokallaðan Markamel, er stendur við þjóðveginn, og svo úr Markamel, beina stefnu í vörðu er stendur við þjóðveginn og Strandartúnsenda, og þaðan beina línu í Djúpadalshellir, svo ræður Rangá að fyrst nefndri vörðu

Lambhaga þann 20. maí 1890

Guðlaugur Erlendsson (ábúandi á Lambhaga)

Gísli Felixson á Stórahofi

Stefán Filippusson.

Bókun —,— 25

Þingl. —,— 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni hinn 30. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 152. bl. 85.

Vottar Páll Briem



Landamerki Oddakyrkjujarðarinnar Neðri-Strandar í Rangárvallahreppi.

Að norðanverðu liggja mörkin úr Linghól sjónhending í vörðu á Geitasandi, er stendur þar sem kyrkjuvegurinn frá Stórahofi liggur yfir þjóðveginn og er sú stefna á milli Heimaeyjar og Bjarnareyjar; úr nefndri vörðu sjónhending í þúfu á svokölluðum Strandarrana við þjóðveginn; úr nefndri þúfu sömu stefnu í Markamel, er einnig stendur við þjóðveginn á svokallaðri Langróu; síðan liggja mörkin úr Markamel beina stefnu í fyrstnefndan Linghól.

Odda 29. maí 1890

Skúli Skúlason (umráðandi Neðri Strandar)

Kristín Skúladóttir (eigandi Efri-Strandar)

Guðlaugur Erlendsson (ábúandi Lambhaga.)

Bókun —,– 25

Þingl. —,– 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni hinn 30. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 153. bl. 85.

Vottar Páll Briem



Landamerki Oddakyrkjujarðarinnr Bolholts í Rangárvallahreppi.

Að norðaustan liggja mörkin (móts við Svínhagaland) frá Geldingabæli sjónhending í vörðu norðvestanmegin við Járlausstaðabæjartóftir. Að suðaustan liggja mörkin (móts við Kotsland) frá Geldingabæli sjónhending í Hvítamel. Hvítimelur er þar, sem Fálkahamar ber í Hágeldingafjall og Akbrautraholt ber í Birnistaði á Skeiðum. – Að suðvestan liggja mörkin úr Hvítamel vestanvert við Djúphól beina stefnu í Ytri-Rangá. Þessi lína liggur þar sem Hrútshellir ber í Hesteyru á Hestfjalli. Að norðvestan ræður Ytri-Rangá mörkunum.

Staddir að Kaldbak 7. októbermán. 1889.

Skúli Skúlason

Landamerki þessi samþykkja:

Páll Jónsson (ábúandi Bolholts)

Ólafur Jónsson

Sæmundur Guðmundsson

Grímur Hallsson

Bókun –,,– 25

Þingl. –,,– 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni hinn 30. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 154. bl. 85.

Vottar Páll Briem



Landamerki Oddakyrkjujarðarinnar Odda í Rangárvallahreppi ásamt undir-liggjandi hjáleigum.

Að austan ræður Eystri-Rangá mörkunum, að sunnan Þverá, að vestan Ytri-Rangá allt þangað til á móts við Bjólubæ. Að norðaustan, móts við Lambhagaland ræður bein lína frá vörðu við Eystri-Rangá – og stendur sú varða þar, sem Uxahryggjarbær ber austanvert við Eyðið á Vestmannaeyjum og Eystri-Kyrkjubær ber neðst í austanvert Bjólfell – sjónhending í Rauðkoll, sem er varða austanvert við götuna milli Odda og Varmadals, og stendur þar sem Vestri-Kyrkjubær ber mitt í Selsundsfjall og Lambhagabær í Króktunsbæ. Að norðan, móts við Selalækjarland, liggja mörkin úr Rauðkollu sjónhending í vörðu á Smalaskálaholti og stendur sú varða þar sem Vallarbær ber í miðhornið á Þríhyrningi og Veleifsholtsbær ber mitt á milli Hrafntóftar og Steinstóftar. frá þessari vörðu á Smalaskálaholti liggja svo mörkin út yfir Oddaflóð sjónhending í Bjólubæ.

Þessi ítök fylgja jörðinni og eru notuð af ábúandanum:

I.^o Fjara fyrir Grímsstaðalandi, sem á að vera 12 hundruð faðma tólfræð á lengd.

II.^o Fjara fyrir Bergþórshvolslandi 8 hundruð faðma tólfræð á lengd.

III.^o Afréttur hálfur í miðja Þórsmörk.

Odda 22. maí 1890.

Skúli Skúlason (umráðandi Odda)

Landamerki þessi samþykkja:

Brynjólfur Stefánsson (ábúandi á Selalæk).

Guðlaugur Erlendsson (ábúandi á Lambhaga).

Bókun –,— 25

Þingl. —,— 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni hinn 30. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 155. bl. 86.

Vottar Páll Briem



Landamerki Oddakyrkjujarðarinnar Helluvaðs í Rangárvallahreppi.

Að sunnan liggja mörkin móts við Gaddstaðaland úr Markasteini, – er liggur spölkorn austur á sandinum þar sem Selsundsfall ber í austanverðan slakkann milli Heklu og Tryppafjalla og lítill hnúkur norðan í Vatnsdalsfjalli ber í syðsta háhornið á Þríhyrningi – til vesturs yfir holtið milli Helluvaðs og Gaddstaða í hinu nýja * markagarð, er síðan ræður að Rangá-ytri. Að austan liggja mörkin móts við Grafarland úr nefndum Markasteini til norðausturs beina stefnu í vörðu vestanmegin við Skollhólagróf og stendur sú varða þar, sem Selsundsfall ber í austanverðan slakkann milli Heklu og Tryppafjalla og þar sem neðsta norðurtáin á Vatnsdalsfjalli ber í miðhornið á Þríhyrningi. – Að norðanverðu liggja mörkin frá þessari vörðu beina stefnu til norðvesturs fram hjá norðurhorninu á Traðarholti alla leið vestur í Ytri-Rangá og ber þessi stefna fast norðan við Vörðufell. Að vestan ræður Ytri-Rangá mörkunum.

Odda 19. maí 1890

Skúli Skúlason (umráðandi Helluvaðs)

Landamerki þessi samþykkja:

Nikulás Stefánsson (ábúandi á Gaddstöðum).

Þorst. Thorarensen Fyrir hönd Kristínar Skúladóttur eiganda og ábúanda Kyrkjulekjar^{bæjar}.

Bókun –,— 25

Þingl. —,– 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni hinn 30. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 156. bl. 86.

Vottar Páll Briem

* Markagarður þessi er ekki þráðbeinn, eftir stefnunni, enn með samþykki hlutaðeigenda var hann þó látinn ráða mörkunum.



Landamerki á jörðunum Kaldbak og Þingskálum.

Að austnorðan hornmark í hvítamel. hvítimelur er þar sem fálkhamar ber í hágeldingafjall og Akbrautarholt ber í Birnistaði á Skeiðum. Þaðan ræður lína móts við Boltholtsland suðvestanvert við djúphól línan er þar sem Hrólfstaðahellir be í Hesteyru í Hestfjalli Úr hvítamel í Ballarholt móts Steinkrossland sem er hornmark og þrjár vörður standa á þaðan ræður lína í móts við Heiðarland í Mýrarhól þaðan framan við norðar Frústeinsholt þaðan í síkisfarveginn milli Vaðnestanga og Kaldbakshólma og svo eftir þeim litla læk sem þar rennur í Rangá þaðan ræður að síðustu Rangá þar til Hrólfstaðahellir ber í Hestfjall sem fyr segir.

27. maí 1890.

Kaldbakshólminn sem er fyrir framan síkisfarveginn er sérstök eign Kaldbaksins.

Grímur Hallsson eigandi³ og² ábúandi¹ á Kaldbak.

Sæmundur Guðmundsson ábúandi.

Magnús Sigurðsson

Páll Jónsson á Svínhaga.

Böðvar Jónsson Dagverðarsnesi.

Olafur Jónsson Selsundi.

Bókun —,— 25

Þingl. —,— 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni hinn 30. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 157. bl. 86-87.

Vottar Páll Briem



Landamerki jarðarinnar Vestri-Kyrkjubæjar á Rangárvöllum, að austan eru mörkin úr svokallaðri Eyfalág beina stefnu í gamalt garðlag á holtinu eða svokölluðum ás, – þaðan svo sjónhending í vestri öxlina á Búrfelli á Hreppamanna afrétti allt norður í Hróarslæk, innanvert við svokallað Grænabergi úr nefndri Eyfalág beina stefnu í svokallaðan Markamel sem er hornmark milli Stórahofs og Efri-Strandar; úr Markamel liggja svo mörkin beina stefnu í Tréhól, sem er þar sem Vestri-Kyrkjubær ber í mitt Hafrafell og Árbæjarkyrkja í Búrfell á Botnsheiði, úr Tréhól liggja mörkin beint að gili því sem næst er fyrir sunnan svonefndar Dagmálagilslágar og ber þá í kvennagönguhóla á Selvogsheiði, og svo í Hróarslæk, þaðan ræður svo lækurinn að fyrnefndu Grænabirgi

Vestri-Kyrkjubæ 28. maí 1890.

Jón Árnason búandi á Eystri-Kyrkjubæ.

Kristín Skúladóttir. (eigandi og ábúandi Vestri-Kyrkjubæjar)

Bókun –,,– 25

þingl. –,,– 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni hinn 30. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 158. bl. 87.

Vottar Páll Briem



Landamerki eyðijarðarinnar „Grafar“ í Rangárvallahreppi.

Að sunnan, móts við Gaddstaðaland, liggja mörkin úr svonefndum Markhól við Hróarslæk, eða Varmadalslæk, beina stefnu til vesturs í Markastein, er liggur á sandinum fyrir austan Gaddstaði þar sem Selsundsfjall ber í austanverðan slakkann milli Heklu og Tryppafjalla og lítill hnúkur norðan í Vatnsdalsfjalli ber í syðsta háhornið á Þríhyrningi. Úr Markasteini liggja svo mörkin móts við Helluvaðsland til norðausturs beina stefnu í vörðu vestanmegin við Skollhólagróf, og stendur sú varða þar sem Selsundsfjall ber í astuanverðan slakkann milli Heklu og Tryppafjalla og þar sem neðsta norðurtáin á Vatnsdalsfjalli ber í miðhornið á Þríhyrningi. Frá þessari vörðu liggja mörkin til norðvesturs fram hjá norðurhorninu á Traðarholti alla leið í Ytri-Rangá og ber sú stefna fast norðan við Vörðufell. Úr nefndri vörðu liggja svo mörkin til suðurs í vörðu, er stendur á Øldubrúninni við Grafarnes, og úr henni í vörðu sem stendur við lækinn lítið fyrir norðan heybandsveginn frá Vestri-Kyrkjubæ, svo ræður lækurinn að fyrstnefndum Markhól.

Vestri-Kyrkjubæ 28. maí 1890

Kristín Skúladóttir (ábúandi Grafar.)

Puríður Jónsdóttir (umráðandi Grafarbakka)

Nikulás Stefánsson (ábúandi á Gaddstöðum.)

Tómas Böðvarsson (umráðandi Grafarbakka)

Bókun –,— 25

Þingl. —,— 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni hinn 30. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 159. bl. 87.

Vottar Páll Briem



Landamerkjabréf jarðarinnar Varmadals á Rangárvöllum.

Að austan liggja mörkin frá gili því, sem næst er fyrir sunnan svonefndar Dagmálagilslágar, beina stefnu í Tréhól, sem liggur þar sem Vestri-Kyrkjubær ber í mitt Hafrafell og Árbæjarkyrkja í Búrfell á Bosheiði. Þaðan liggja mörkin sjónhending í svokallaðan Lynghól, sem er þar sem Ægissíðubær ber norðanvert við Kvennagönguhóla á Selvogsheiði. Úr Lynghól liggja mörkin beint í Rauðkoll, sem er þar sem Vestri-Kyrkjubær ber í mitt Selsundsfjall og býlið Helluvað í svonefnt Þuríðarskarð, sem er mark milli Varmadals og Selalækjar, og þaðan beina stefnu í Varmadalslæk. Úr Varmadalslæk í öldurnar, sem eru fyrir vestan lækinn. Ræður síðan öldubrúin allt að Tröllkonugili og þaðan ræður lækurinn að gili því, sem er næst fyrir sunnan Dagmálagilslágar.

Vestri-Kyrkjubæ, 28. maí 1890.

Kristín Skúladóttir eigandi hálftrar jarðarinnar Varmadals.

B. Stefánsson ábúandi á Selslæk.

Guðlaugur Erlendsson ábúandi á Lambhaga.

Bókun —,— 25

Þingl. —,— 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni hinn 30. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 160. bl. 87.-88.

Vottar Páll Briem



Landamerki jarðarinnar Varmadals á Rangárvallahreppi.

Eru úr svokölluðu Þuríðarskarði við Varmadalslæk, beina stefnu í Rauðkoll, úr Rauðkoll sjónhending í Markamel, er stendur sunnan við Þjóðveign á svokallaðri Langróu, úr Markamel sjónhending í Linghól, og svo sömu stefnu í Tréhól og svo úr Tréhól beina stefnu í Bergnefið við lækinn. innanvert við hinn nýbyggða garð er girðir fyrir innra Fossnesið. Þaðan ræður svo lækurinn að fyrstnefndu Þuríðarskarði.

Varmadal 28. maí 1890 –

Stefán Filippusson

Þ. Filpusson.

Samþykkir

Br. Stefánsson (ábúandi á Selalæk)

G. Erlendsson.

Aths. frá Grafarnesi og fram að ferðamanna-öldu ræður sandbrúnin fyrir norðan lækinn.

Bókun –,,– 25

Þingl. –,,– 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni hinn 30. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 161. bl. 88.

Vottar Páll Briem



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Gaddstaðir í Rangárvallahreppi, bls. 88r-88v

Nr. 162.

Landamerki Jarðarinnar Gaddstaða í Rangárvallahreppi.

Að sunnanverðu (við Grafarland) ræður svokallaður Markhóll sem er við Hróarslæk, úr Markhól beina stefnu í Markstein, sem er einstakur steinn utarlega á Sandinum, úr Marksteini sömu beina stefnu í Rangá ytri, sem ræður svo mörkum þar til hún fellir saman við Hróarslæk fyrir framan svokallaða þungasandsmela, svo ræður lækurinn að fyrnefndum Markhól. Einnig fylgir jörðinni hin svokallaða Gaddstaða-Ey í Rangá ytri, og enn fremur ferhyrndur engjablettur (nefndur Gaddstaðateigur) í Hrafnatóftalandi rétt hundrað faðmar í hvert horn.

Gaddstöðum 19. maí 1890

Nikulás Stefánsson

Skúli Skúlason (umráðandi Helluvaðs)

Jón Jónsson bóndi á Hrafnatóftum

Kristín Skúladóttir (eigandi og umráðam. Grafarlands)

Bókun —,— 25

Þingl. —,— 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni hinn 30. maí 1890. og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 162. bl. 88.

Vottar Páll Briem



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Selalækur í Rangárvallahreppi, bls. 88v

Nr. 163.

Landamerki Jarðarinnar Selalækjar í Rangárvallahreppi.

Eru: úr svokölluðu Þuríðarskarði við Varmadalslæk sjónhending í Rauðkoll, úr Rauðkoll sjónhending í vörðu á Smalaskálaholti, og frá nefndri vörðu beina stefnu í tvær vörður við Ytri-Rangá móts við Bjólu, svo ræður Rangá og lækurinn að fyrstnefndu Þuríðarskaði.

Selalæk 19. maí 1890

Brynjólfur Stefánsson

sem viðkomandi nágðrannar samþykkja:

Skúli Skúlason (umráðandi Odda)

Stefan Filippusson ábúandi á Varmadal.

Bókun —,— 25

Þingl. —,— 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni hinn 30. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 163. bl. 88.

Vottar Páll Briem



Gunnarsholt í Rangárvallahreppi, bls. 88v-89r
Nr. 164.

Landamerki, örnefni og ítök er tilheyra jörðinni Gunnarsholti í Rangárvallahreppi innan
Reyðarvatns þingsóknar.

Að suðvestanverðu er Titlingagil, sem fellur í Hróarslæk, þaðan í Vakhól þaðan í Hátúnahól, sem báðir eru hliðarmörk, þaðan í Stelpu, sem er norðvesturshornmark, og þaðan sjónhending austur í stóran stein á svokallaðri innri brún, sem er landnorðurshornmark, og þaðan í Búkonuhól og svo fram beint sjónhending í fyrnefndan Hróarslæk og ræður lækur sá mörkum ofan að fyrnefndu Titlingagili.

Svo fylgir téðri jörð fyrnotuð selstöð, sem heitir Grákollustaðir, og liggur hún vestur við Ytri-Rangá. Og sunnan að fyrnefndu stykki liggur Helluvaðsland; norðan að Geldingalækjarland og austan að liggur Grafarbakkaland.

Einnig fylgir fyrtéðri jörð eyja sem liggur í Ytri-Rangá suður frá Ægissíðu og er hún nefnd Gunnarsholtsey.

Svo fylgir jörðinni fjörupartur við sjó í Austur-Landeyjahrepps-þinghá – Austan að fjörustykki þessu liggur fjórðunafjara, enn vestan að því Ønundarstaðafjara.

Líka fylgir fyrtéðri jörð skógarítak liggjandi í Næfurholtslandi í Rangárvallahreppi.

Gunnarsholti þann 20. maí 1890.

eigandi og ábúandi Halldór Einarsson

Ófeigur Jónsson

Ejnar Guðmundsson

Jón Loptsson. –

Bókun –,,– 25

Þingl. –,,– 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni hinn 30. maí 1890 og ritað í
landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 164. bl. 88.-89

Vottar Páll Briem



Landamerki á Minnahofslandi í Rangárvallahreppi.

Bergsnef, sem er við Rangá að norðan og rétt þar sem (Stotalækur) Stokkalækur fellur í Rangá, er mark milli Minnahofs að austan og Stokkalæks að vestan, ur bergsnefi beina stefnu í (Titlingagil) Markagil norður úr gilinu á milli tveggja gil~~klofa~~ klofninga, í vörðu þá sem stendur þar á rofbarði, aftur úr téðri vörðu, beina línu, í vörðu þá sem stendur við upptök Eystri-Kyrkjubæjar-síkis, aftur beina stefnu í Markamel sem er landsuðurhornmark Eystri-Kyrkjubæjar, austurhornmark Vestri-Kyrkjubæjar, útnorðurhornmark Stórhofs, úr Markamel beina línu í Mónefnslækjarbotn, lækurinn ræður svo þar til hann kemur í (Sveiflulæk) bolalæk, lækurinn ræður síðan mörkum milli Stóra og Minna-hofs til þess hann fellur í Rangá. Rangá ræður marki á Minnahofslandi að sunnan, frá bolalækjarmynni að utan og Stokkalækjarmynni að austan.

Minnahof á skógarítak í svonefndri Minnahofstorfu sem liggur í Næfurholtslandi fyrir innan svokallað Myrkviði, torfan skerst í sundur í tvo parta, annan lítinn, einnig fylgir nú Minnahofslandeign 1/7 partur ú Grafarlandi, nú nefnt Grafarnes. Mark á þessu stykki er, að austan og sunnan, þar sem svonefndur hálækur rennur í Grafarneslæk, Grafarneslækur ræður síðan merki vestur fyrir útrás á svonefndu Syðstaflóði í keldudrag sem verður á sjálfum bakkanum þar hjá er svo lítill hóll, sem varða er á, sem er vesturhornmark á nefndu stykki, úr þeirri vörðu á annan hól austar á norðurenda þess hól, stendur varða, sem er markavarða, úr henni eftir beinum vörðum sem liggja sjónhending að sjá norðanhallt í hákoll Heklu upp að há læk, lækurinn ræður síðan marki þar til hann fellur í Grafarneslæk.

Sömuleiðis fylgir nefndu stykki skógartorfa nefnd Grafartorfa í Næfurholtslandi á milli Minnahofstorfu og Myrkviðis.

Minnahofi 23. maí 1890. –

Steinn Guðmundsson

Gísli Felixsson

Kristín Skúladóttir

Puríður Jónsdóttir

Jón Árnason búandi á Eystri-Kyrkjubæ.

Bókun –,– 25

Flyt 25.

Fluttir –,– 25

Þingl. –,– 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni hinn 30. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 165. bl. 89.



Vottar Páll Briem

Brekkur í Rangárvallahreppi, bls. 89v

Nr. 166.

Landamerki og örnefni fyrir Brekknalandi í Rangárvallahreppi innan Reyðarvatns
þingsóknar.

Að austan er svonefnd Skiftislág sem liggur upp frá Hróarslæk, skammt fyrir vestan Reyðarvatnshöfða, úr Skiftislág sjónhending í axarvörðu, landnorðurshornmark, þaðan sjónhending í Ballarholt, útnorðurshornmark, þaðan sjónhending í Búkonuhól, hliðarmark, þaðan sjónhending í fyrnefndan Hróarslæk að Búkonuhól beri beina línu í Ballarholt, svo ræður mörkum áðurnefndur lækur að sunnan, þar til fyrnefnd Skiftislág, ber sjónhending í fyrnefnda axarvörðu.

Halldór Einarsson

Tómas Böðvarsson

Böðvar Jónsson

Sömuleiðis er undir Brekkurnar lagt engjastykki, úr eyðijörðinni Gröf, eða Grafarnes í sama hrepp og þessa slægjustykkis mörkum ræður rennandi lækur, að sunnan og vestan, vestur fyrir hátt öldunef, og er þar grasblettur í gili sem nefnist Tröllkonugil, svo ræður aldan austur í vörðu á öldubrúninni, og frá þeirri vörðu beina stefnu í rima hjá keldu, sem hefir útrás þar í lækinn og lækurinn rennur þar í krók.

21. maí 1890.

Einar Guðmundsson

Mörkum á þessu engjastykki er ég samþykkt

Kristín Skúladóttir.

Steinn Stuðmundsson

Bókun –,— 25

Þingl. —,— 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni hinn 30. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 166. bl. 89.

Vottar Páll Briem



Landamerkjalysing fyrir jörðina Uxahrygg með Stórholti.

Að vestan ræður lína frá vörðu eða garðlagi sem er á bakkanum fyrir austan Markhól; skal varða sú bera í hæsta hnúkinn á vestanverðu Hagafjalli í Eystrahrepp; ræður lína sú mörkum sjónhending í vörðu, sem er við Kýraugapytt; enn sú varða er hornmark að sunnan og vestan.

Að sunnan ræður mörkum lína úr vörðunni við Kýraugapytt og í vörðu, sem er við svokallaðan Markapytt, sem er hornmark að sunnan og austan.

Að austan ræður bein lína úr Markapytti og í garð eða vörðu á bakkanum fyrir vestan Skeið; og skal varða sú bera astantil á mitt Hagafjall í Eystrihrepp. – Að norðan ræður mörkum fremri Þverár farvegur.

Uxahrygg 26. apríl 1890

Guðm. Guðmundsson, ábúandi á Uxahrygg.

Margrét Andrésdóttir, ábúandi á sama bæ.

Guðmundur Pálsson, bóndi og eigandi að Skeiði.

Jón Halldórsson, eigandi að Strönd.

Páll Pálsson, bóndi að Eystra-Fróðholti.

Þorst. Thorarensen, eigandi og ábúandi að Móeiðarhvoli.

Bókun –,- 25

Þingl. –,- 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni hinn 30. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 167. bl. 89.-90.

Vottar Páll Briem



Eystra-Fróðholt, Galtarholt og Blábringa, bls. 90r-90v
Nr. 168.

Landamerkjalysing fyrir jarðirnar Eystra-Fróðholt, Galtarholt og Blábringu.

Að austan ræður lína frá vörðu eða garðlagi, sem er á bakkanum fyrir austan Markhól, skal varða sú bera í hæsta hnúkinn á vestanverðu Hagafjalli í Eystrahrepp, ræður lína sú mörkum sjónhending í vörðu, sem er við Kýraugapytt; [e]nn sú varða er hornmark að sunnan og að austan. Að norðan ræður fremri Þverárfarvegur. Að vestan skapast lína frá vörðu á bökkunum fyrir austan Fróðholtshjáleigu sjónhending fyrir vestan svonefnan Fornabæ, beina línu suður að Landeyja mörkum, sem er þegar varðan við Kýrauga jaðrar við Múla endann, (lítið laus) sem er almennt kallaður „Fjallsendi“.

Til staðfestu okkar undirrituð nöfn.

Staddir að Fróðholti 28/5 – 1889.

Páll Pálsson, ábúandi að Fróðholti.

Guðm. Pálsson, ábúandi að Galtaholti.

J. Guðmundsson, ábúandi, að Blábringu.

Hallur Pálsson, ábúandi að Hólum

Halldóra Nikulásdóttir, ábúandi að Fróðholtshjál.

Magnús Eyjólfsson, ábúandi að Vestra-Fróðholti.

Guðm. Guðmundsson og Margrét Andrésdóttir, ábúendur að Uxahrygg.

Þ. Thorarensen, eigandi og ábúandi að Móeiðarhnavoli.

Ólafur Magnússon, ábúandi að Vestri-Tungu.

Guðni Þorstensson ábúandi á Eystri-Tungu.

Bókun –,— 25

Þingl. —,— 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni hinn 30. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 168. bl. 90.

Vottar Páll Briem



Landamerkjalyking fyrir jarðirnar Vestra og Eystra Bakkakot.

Að austan skapast lína frá vörðu og garðlagi sem er á bakkanum skammt fyrir austan Eystra-Bakkakot, skal varða sú bera vestan í hæsta hnúkinn á austanverðu Skarðsfjalli. Ræður lína sú mörkum sjónhending fram að Landeyja mörkum (Tunguland) sem eru þegar varðan við Kýraugapytt jaðrar við Múlendann (lítið laus). – Að sunnan skapast lína frá vörðu sem er við Tunguland (hornmark austan og sunnan bein lína sjónhending í vörðu á Jónsborgarrifi hornmark að vestan og sunnan, skal sú lína miðuð að varðan við Tunguland sé lítið laus við Múlendann (Fjallsendann). – Að vestan skapast lína frá vörðu á Jónsborgarrifi sjónhending í vörðu og garðlag á Þverábökkum sem miða skal austantil í mitt Skarðsfjall.

Að norðan ræður þverá sunnan Oddeyra.

Til staðfestu eokkar undirskrifuð nöfn.

staddir að Bakkakoti 29. apríl 1890

Steinn Steinsson ábúandi að Eystra Bakkakoti

Katrín Magnúsdóttir ábúandi að Vestra Bakkakoti

Magnús Eyjólfsson ábúandi að Vesta-Fróðholti

Páll Pálsson bóndi að Eystra-Fróðholti

Eigandi Þúfu lands Sigurður Magnússon

Kjartan Ólafsson ábúandi að Þúfu.

Bókun –,,– 25

þingl. –,,– 75

ein króna borg. Bjarnarson.

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni hinn 30. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 169. bl. 90.

Vottar Páll Briem



Vestra-Fróðholt, Fróðhotlshjáleiga og Fróðholtshóll, bls. 90v-91r
Nr. 170.

Landamerkjalysing fyrir jarðirnar Vestra-Fróðholt, Fróðholtshjáleigu og Fróðholtshól.

Að austan skapast lína frá vörðu á bakkanum fyrir austan Fróðhotlshjáleigu, sjónhending fyrir vestan svonefndan Fornabæ, beina línu suður að Landeyja mörkum (Tunguland) sem er þegar varðan við Kýraugapytt jaðrar við Múlendann (lítið laus). – Að norðan ræður Þverá. – Að vestan skapast lína frá vörðu og garðlagi sem er á bakkanum skammt fyrir austan Eystra-Bakkakot, skal varða sú bera vestan í hæsta hnúkinn á austanverðu Skarðsfjalli, ræður lína sú mörkum sjónhending fram að Landeyja mörkum (Tunguland) sem eru þegar varðan við Kýraugapytt jaðrar við Múlendann (lítið laus) sem er almennt kallaður Fjallsendi.

Til staðfestu okkar undirskrifuð nöfn.

Staddir að Vestra-Fróðholti 29. apríl 1890.

Magnús Eyjólfsson ábúandi á Vestra-Fróðholti.

Hallur Pálsson ábúandi að Fróðholtshól.

Hallbera Nikulásdóttir ábúandi að Fróðholtshjáleigu.

Páll Pálsson ábúandi að Eystra-Fróðholti.

Ólafur Magnússon eigandi og ábúandi að Vestri Tungu.

Guðni Þorsteinsson ábúandi að Eystri Tungu.

Bókun –,— 25

Þingl. —,— 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni hinn 30. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 170. bl. 90.-91.

Vottar Páll Briem



Nr. 171.

Landamerkjalysing fyrir jarðirnar Ártúnum og Ártúnakoti.

Að austan ræður lína sú frá Landeyjamörkum samhliða Bakkakotslandi er myndast um vörðu á Jónsborgarrifi beina línu í garðlegg og vörðu sem er á Þverábökkum, hvern /miða skal austan til í mitt Skarðsfjall. Að norðan ræður Þverá sunnan Odda eyra. Að vestan ræður Hólsá fram að Hólalandi að sunnan af Hólsábökkum bein lína í áðurnefnda vörðu á Jónsborgarrifi skal sú lína miðuð lítið laus við Múlendann (fjallsendann).

Til staðfestu er nöfn okkar undirskrifuð.

Ártúnum 28. febrúar 1890.

Þorsteinn Ísleiksson ábúandi á Ártúnum.

Gustaf Arnason ábúandi sama bæ.

Steinn Steinsson ábúandi á Eystra Bakkakoti.

Eigandi og umráðamaður Hólalands Sig. Magnússon.

Páll Pálsson bóndi á Eystra-Fróðholti. –

Bókun –,,– 25

Þingl. –,,– 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni hinn 30. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýlu Nr. 171. bl. 91.

Vottar Páll Briem



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Eystri-Kirkjubæ á Rangárvöllum, bls. 91r-91v
Nr. 172.

Landamerki Eystri-Kyrkjubæjar á Rangárvöllum. Að austan, frá Djúpavaði á Hróarslæk í Geitamelsvörðu og frá henni í Markamel og frá Markamel út með Stórahofslandi þangað til stefnan kemur í svokallaða Eyfalág og úr Eyfalág vestarlega í ásin og svo úr ásnunum beina stefnu í vestari Búrfellsöxl upp að Hróarslæk og svo með læknum ausutr að Djúpavaði.

Eystri-Kyrkjubæ 24. maí 1890.

Kristín Skúladóttir (ábúandi Kyrkjubæjar)

Hjörtur Oddsson

Tómas Böðvarsson

Steinn Guðmundsson.

Bókun —,— 25

Þingl. —,— 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni hinn 30. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 172. bl. 91.

Vottar Páll Briem



Nr. 173.

Reyðarvatns landamerki.

Á milli Eystri Kyrkjubæjar og Reyðarvatns eru mörkin, frá Djúpavaði sjónhending í Geitamelsvörðu. Þaðan sjónhending í Hraunlækjarvotn. Þaðan í Blesavíkshól, frá honum í Axarvörðu frá Axarvörðu í Skiftingslág sem er austar enn miðja vega á milli Brekkna og Reyðarvatns, enn er nú því nær sandorpin.

Reyðarvatni 15. mars 1890.

Tómas Böðvarsson

Hjörtur Oddsson

Einar Guðmundsson.

Þuríður Jónsdóttir.

Bókun —,— 25

Þingl. —,— 75

ein króna Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni hinn 30. maí 1890. og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 173. bl. 91.

Vottar Páll Briem



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Keldur á Rangárvöllum, Króktún, Tunga og aðrar eyðijarðir hennar, bls. 91v-92r
Nr. 174.

Landamerki fyrir jörðinni Keldum á Rangárvöllum, ásamt Króktúni, Tungu og öðrum eyðijörðum hennar.

Kyrkjuhóll, við botn Stokkalækjar er hagamark milli Keldna og Stokkalækjar, úr Kyrkjuhól stefnt í vörðu þá er stendur hæst í öldu þeirri er lengst gengur norður af Stokkalækjarhólum – í staðinn fyrir „Hraunlæksbotn“, sem er norðaustan við téða öldu, enn sem nú er kafin sandi, og þar með gjöreyddur – svo sjónhendingin úr fyrgreindri vörðu í „Blesuvíkshól“, úr Blesuvíkshól stefnu í „Pálsstein“, úr Pálssteini stefnu í „Rauðkoll“, úr Rauðkoll stefnu í „Hnauk“ á Vatnsdalsfjalli alla leið suður í Rangá (eystri), ræður svo áin alla leið að mynni „Stokkalækjar“ þar sem hann fellur í ána undir „Bergsnefi“; með þeim ummerkjum, að austurkvísl sú er fellur fyrir austan „Austurhaldið“, sé tekið „svo það (s: austurhaldið) verði í Keldnalandi, ræður svo Stokkalækur alla leið að upphaflega nefndum Kyrkjuhól.

Keldum 24. maí 1890

Þuríður Jónsdóttir

Eggert Pálsson.

Tómas Böðvarsson

Fyrir Árbæ Árni Guðmundsson

Bókun – „– 25

Þingl. – „– 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni hinn 30. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 174. bl. 91-92

Vottar Páll Briem



Landamerki fyrir Keldnakyrkjörðinni Reynifelli á Rangárvöllum.

Norðaustasta horn Þríhyrnings er hagamark milli Reynifells og Þorleifsstaða, þaðan eftir fjallinu á vestasta horn Þríhyrnings, þaðan beina línu í vörðu þá sem stendur syðst á Reynifellsöldu niður að Fiská, ræður svo Fiská alla leið á mótis við „Hnauk“ á Vatnsdalsfjalli, þaðan beina línu í Þorgeirsstein í Rangá, ræður svo áin alla leið þar til „Þorgeirshóll“ ber í „Þríhellra“ og Þríhellrar í upphaflega nefnt horn Þríhyrnings.

Keldum 24. maí 1890

Þuríður Jónsdóttir.

Fyrir Reynifell Árni Guðmundsson

Fyrir Árgilsstaði H. E. Johnsson Kristján Jónsson Ólafur Arnbjörnsson.

Bókun —,— 25

Þingl. —,— 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni hinn 30. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 175. bl. 92.

Vottar Páll Briem



Landamerki fyrir eyðijörðinni Grafarbakka á Rangárvöllum.

Niður við Hróarslæk – er skilur löndin milli Grafarbakka og Kyrkjubæjar – er þúfa með aðbornum steinum, rétt norðan við þjóðveginn, hún er mark milli jarðanna Grafarbakka og Grafar, þaðan beina línu á „litla vörðu“, er stendur upp á sandbrún vestnorðanvert við Grafarnes, þaðan beina línu í norðurenda „Vörðufells“ allt út að Ytri Rangá, þaðan beina línu í „Vakhól“ uns mætist þverlína þaðan, eftir greindri línu, í þrjár vörður, sem þá bera hver í aðra, og liggja niður á móbergsnef það, sem gengur suður í mitt „Hellisnesið“, nær sú lína niður að Hróarslæk, þaðan ræður nefndur lækur ^{alla leið} að fyggreindri þúfu.

Keldum 12 maí 1890

Þuríður Jónsdóttir

Tómas Böðvarsson

Kristín Skúladóttir (ábúandi Grafar)

Ólafur Jónsson

Halldór Einarsson

Jón Loptsson fyrir hönd Geldingalækjar.

Bókun –,— 25

Þingl. —,— 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni hinn 30. maí 1890 og ríatð í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 176. bl. 92.

Vottar Páll Briem



Nr. 177.

Landamerkjalýsing umhverfis land Keldnakyrkjujarðarinnar Stokkalækjar.

Bergsnef við Eystri-Rangá, vestan við þar sem Stokkalækur fellur í hana, er mark milli Stokkalækjar og Minna-Hofs, ræður svo „Titlingagil“ upp í brúnina; úr Titlingagili sjónhending út í „Geitamelsvörðu“; úr Geitameslvörðu sjónhending beint upp í vörðu hjá „Hraunlækjarbotni“; úr þeirri vörðu sjónhending austur í Kyrkjuhól. Frá Kyrkjuhól ræður lækurinn (Stokkalækur) merkjum þangað til hann fellur í Rangá hjá upphaflega nefndu Bergsnefi.

Keldum þann 15. maí 1890.

Þuríður Jónsdóttir.

Þessi landamerkjalýsing hefir okkur, sem eigum lönd að Stokkalækjarlandi – verið sýnd, og erum við henni samþykkir. –

Tómas Böðvarsson.

Hjörtur Oddsson.

Steinn Guðmundsson.

Bókun – „– 25

Þingl. – „– 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni hinn 30. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 177. bl. 92.

Vottar Páll Briem



Landamerki fyrir Keldnakyrkjujörðinni Rauðnefsstöðum á Rangárvöllum.

Hæringsfell er hagamark milli Rauðnefsstaða og Þorleifsstaða gagnvart Fljótshlíðarhreppi, úr Hæringsfelli norður um öldur og niður í „Markagil“ ^{svo niður Markagil} ofan í mynni, þaðan beina línu í „Búrfell“ í Grímsnesi alla leið út að Rangá, ræður svo áin alla leið inn að „Valá“ og svo Valá inn að Valagili, þaðan sjónhending í upphaflega nefnt Hæringsfells horn.

Keldum 24. maí 1890

Þuríður Jónsdóttir.

Árni Guðmundsson.

Guðm. Guðmundsson.

Steinn Guðmundsson (oddviti)

Bókun –,— 25

Þingl. —,— 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni hinn 30. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 178. bl. 92.

Vottar Páll Briem



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Dagverðarnes á Rangárvöllum, bls. 92v-93r

Nr. 179.

Landamerki Dagverðarness á Rangárvöllum.

Að austan ræður Pálssteinn, þaðan sjónhending í Blesuviksvörðu, úr Blesuviksvörðu sjónhending í Axarvörðu, úr Axarvörðu sjónhending í Grástein og aftur úr Grásteini sjónhending í fyrstnefndan Pálsstein.

Gjört í maí 1890.

Sem samþykkir hlutaðeigendur undirskrifa.

Eggert Pálsson.

Þuríður Jónsdóttir.

Böðvar Jónsson.

Ólafur Jónsson

Tómas Böðvarsson.

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni hinn 30. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvalalsýslu Nr. 179. bl. 92.-93.

Vottar Páll Briem



Nr. 180.

Landamerki Árbæjar á Rangárvöllum.

Fyrst er Rauðkollur að norðan úr Rauðkoll í vörðu sem er upp á háhraunsbrúninni þaðan beina stefnu í vörðu við Rangá fyrir vestan Foss eða í hæsta hornið á Þríhyrningi þaðan ræður áin fram í árholt þar sem er bein stefna úr Rauðkoll, sem fyr er greindur, í Hnauk á Vatnsdalsfjalli þaðan beina stefnu í Rauðkoll sem áður er nefndur.

Fyrir Árbæinn Árni Guðmundsson

Fyrir Keldur Þuríður Jónsdóttir
Sæmundur Ólafsson á Fossi.

Bókun –,— 25

Þingl. —,— 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyðarvatni hinn 30. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 180. bl. 93.

Vottar Páll Briem



Landamerki yfir Þorleifsstaðaland á Rangárvöllum.

Að innan ræður Markagilið frá Fiská upp á öldur þaðan beint í suður á hæsta hnúkinn á Stóra-Hæringsfelli þaðan beina stefnu laust neðan við Geitafell í hæsta hornið á Þríhyrningi. Úr háhorni niður hjá Þríhellrum í Þorgeirshól úr Þorgeirshól beint norður í Rangá síðan ræður áin inn að vörðu sem ber í miðjan Árbæarmúla eða mitt Búrfell í Grímsnesi úr þeirri vörðu nyrst í Grákollsvík þaðan beina stefnu í Markagil við Fiská sem fyrst er greint.

Fyrir Þorleifsstaðina Árni Guðmundsson

Fyrir Teig Guðm. Guðmundsson

Fyrir Kyrkjulækjarfjöru hverfi Jón Sveinsson (handsalað) Böðvar Jónsson

Fyrir hönd ómyndugra barna Einars sál. Sveinssonar á Neðri-Þverá Jón Sveinsson

Fyrir Rauðnefsstöðum og Reynifelli Þuríður Jónsdóttir.

Bókun —,— 25

Þingl. —,— 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Reyaðrvatni hinn 30. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 181. bl. 93.

Vottar Páll Briem



Ég undirskrifaður lögfesti landamerki jarðarinnar Lækjarbotna í Landmannahreppi. Hvar ég byrja á vörðu í Stóra-Gilshól þaðan í vörðu á Flóðamýri þaðan sjónhending í vörðu í Vallatanga þaðan í Steinborg. Og þaðan í Stóramoshól, þaðan í Gildurbotn og þaðan í þúfu sem er hjá Veitustokk. Og þaðan sjónhending í fyrnefnda vörðu á Stóragilshól; sömuleiðis á jörðin skógarítak í Hvannteig.

Lækjarbotnum 14. maí 1883.

Sæmundur Guðbrandsson eigandi Lækjarbotna.

Þúfu Ingibjörg Jónsdóttir.

Arne Jónsson á Bjalla

Þórður Steindórsson Hjallanesi

Jón Magnússon Lúnansholti h.s.

Lýður Árnason Hjallanesi

Kristián Guðmundsson s.b. Heysholti

Oddur Jónsson Lúnansholti

Fyrir Minni-Velli Gunnar Árnason.

Bókun —,– 25

Þingl. —,– 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Skarði hinn 31. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 182. bl. 93.

Vottar Páll Briem



Nr. 183.

Landamerki jarðarinnar Tjörfastaða á Landi.

Við undirskrifaðir lögfestum hér með landamerki jarðarinnar Tjörfastaða, hvar við byrjum á Mýrarvörðu og þaðan í Markhelli, sem er með þessu merki: L.M. Þaðan í vestasta hraunnefið, mitt á milli þeirra fornu bæja: Tjörfastaða og Hrólfstaða. Þaðan sjónhending suður í Ytri-Rangá, mitt á milli tanganna: Hrólfstaða og Tjörfastaða. – Svo ræður Rangá þar til Tjörfastaðalækur fellur í ána; þaðan ræður hann upp í Keraugabotn, þaðan í digra-vörðu; þaðan í vörðu á heiðarjaðri; þaðan í Flaghól; þaðan í Stóra-Moshól og þaðan í Skjólstein. Þaðan sjónhending í fyrnefnda Mýrarvörðu. Einnig á jörðin skógarítak á Merkiholi

Tjörfastöðum 14. maí 1889.

Sæmundur Guðbrandsson (handsalað) Markús Bjarnarson eigendur Tjörfastaða.

Samþykkur: Einar Thorlacius (umráðamaður Stóru-Valla)

Árni Jónsson.

Ólafur Jónsson (í umboði eiganda Hrólfstaðahellis Margrétar Jónsdóttur.)

Bókun –,,– 25

Þingl. –,,– 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Skarði hinn 31. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 183. bl. 93.

Votta Páll Briem



Landamerkjalysing jarðarinnar Þúfu í Landmannahreppi í Rangárvallasýslu.

Að vestanverðu: úr Markarima sjónhending í vörðu á Stóruholtunum, þaðan í fremri þúfuna á Langarima, sem er upp undan Þúfustekkjars. Þaðan í vörðu á Steinarima, þaðan í vörðu á Vallartanganum, þaðan í vörðu í miðju Markaflóði þaðan í svonefndan Grástein, þaðan í áðurnefndan Markarima.

Þúfu 23. maí 1890.

Ingibjörg Jónsdóttir.

Við sem yrkjum land að ofanskriðri jörð erum þessu samþykkir

Kristján Guðmundsson. (H.s.)

Jóhann Sæmundsson. (H.s.)

Þórður Steindórsson. (H.s.)

Jón Jörundsson

Gestur Sveinsson

Lýður Árnason (HS.)

Bókun —,– 25

Þingl. —,– 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Skarði hinn 31. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 184. bl. 94.

Vottar Páll Briem



Landamerki umhverfis jörðina Hjallanes í Landmannahreppi í Rangárvallasýslu.

Að norðanverðu ræður Kolbeinslækur úr leirunni upp að Markarima. Úr Markarima sjónhending í Grástein, þaðan beina stefnu í vörðu í Markaflóðinn, þaðan í vörðuna á Gilshól, þaðan í hundapúfuna sælu, þaðan í vörðu, sem stendur við Flóðakelduna; þaðan ræður mörkum Flóðakelda að Hjallanes-gilbotnum, úr því ræður Hjallaneslækur (að öðru nafni Baggalækur) norður að Leiru, síðan úr Baggalækjamynni í mynnið á Kolbeinslæk. – Hjallanesið á skógarítak í svokölluðum Hraunteig hjá Næfurholti, freka 12 hesta fimmta hvert ár.

Hjallanesi 17. janúar 1887.

Lýður Árnason

Þórður Steindórsson

Við sem yrkjum land að ofanskriðri jörð erum þessu samþykkir

V. F. Jónsson.

Oddur Jónsson (H.s.)

Jón Jörundsson

Gestur Sveinsson.

Guðmundur Jónsson

Þorsteinn Þorsteinsson

Einar Gíslason (H.s.)

Árni Árnason.

Bókun –,— 25

Þingl. —,— 75

ein króna Borgað. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Skarði hinn 31. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 185. bl. 94.

Vottar Páll Briem



Landamerki – dagsett 5. apríl 1890. – jarðarinnar Stóraklofa ásamt Borg og Litlaklofa í Landmannahreppi.

Fyrst Markhella; úr Markhellu beina sjónhending í Borgarbæli; þaðan beint í vörðu þá, sem er á svokölluðu Litlabæli. Þaðan beint í vörðu þá, er stendur á hól vestantil við Vatnsskarð, þaðan beint í vörðu þá, sem er á svokölluðum Hrísum; þaðan beint í vörðu þá, ~~sem~~ er stendur á Nónhól; þaðan í há-Krókatorfu, svo í Klofhól, þaðan beint í áðurnefnda Markahellu. – Svo á Stóri og Litli Klofi skógarítak í svokallaðri Klofaey, sem er í Þjórsá.

Þessi ofanskrifuðu landamerki samþykkja þessir undirskrifuðu:

Fyrir jarðeigandann að hálfum Stóra-Klofanum og Borginni er Ólafur Jónsson
enn hinn helming á Ófeigur Jónsson. Sigurbjörg Sigurðardóttir Ólafur Jónsson.

Fyrir Litla-Klofa eigandann Árni Jónsson.

Fyrir Stóruvelli Þorbergur Jónsson (H.S.)

Fyrir eigendur Leirubakka og Vatnagarðs Eyjólfur Guðmundsson

Fyrir Skarð E. Guðm.son.

Bókun –,,– 25

Þingl. –,,– 75

ein króna borgað Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Skarði hinn 31. maí 1890 og ritað í landamerkjabók
Rangárvallasýslu Nr. 186. bl. 94

Vottar Páll Briem



Landamerkjalysing jarðarinnar Minnivalla í Landmannahrepp í Rangárvallasýslu.

Á austursíðu: úr Dráttarhól sjónhending í Gráhellu. Þaðan í Skjólstein. Þaðan í Moshól. Þaðan í nyrðra Stekkjarhólinn. Þaðan í Smyrilshól; þaðan í vörðu framan í há-Skammbeitsás. Úr þeirri vörðu í gamalt garðbrot á austurbakkanum á Vindástjörn; svo sjónhending yfir Vindástjörn í vörðu á Ósbotninum; þaðan sjónhending í Daltóftarvörðu. Þaðan í áðurnefndan Dráttarhól.

Hvammi 25. maí 1886.

jarðeigendur: Gunnar Árnason. Ófeigur Jónsson.

ábúandi: Ingveldur Eiríksdóttir.

Við sem yrkjum land að ofanskriafaðri jörð erum þessu samþykkir:

Fyrir Flagveltuna: Jón Jörundsson Gestur Sveinsson.

Fyrir Heysholtið: Kristján Guðmundsson

Ól. Ólafsson, fyrir Stóruvelli.

Kristófer Jónsson fyrir Vindásinn

Fyrir Hellnahverfið: Árni Jónsson Filippus Guðlaugsson.

Fyrir Lækjarbotna: Jóhann Sæmundsson

Bókun —,— 25

þingl. —,— 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Skarði hinn 31. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 187. bl. 94.

Vottar Páll Briem



Nr. 188.

Landamerki lénsjarðarinnar Fellsmúla.

Úr Daltóftarvörðu og sjónhending í Dráttarhól, frá Dráttarhól og í hólma þann, sem kallast Háfur; – þaðan sjónhending og í Arnarhól, þaðan sjónhending í Arnarbæli fyrir austan lækina, þaðan sjónhending í vörðu þá, sem stendur rétt fyrir vestan lækinn, þaðan sjónhending í Stóra-Vígslahnúk, þaðan sjónhending og ofan á þann ás, sem er á millum Látalætis og Gamla Fellsmúla, þaðan í Daltóftarvörðu.

Skarði 27. maí 1890.

Einar Thorlacius (umráðandi jarðarinnar)

Filippus Guðlaugsson (handsalað) fyrir Hellu.

Árni K. Jónsson fyrir Látalæti.

Bókun –,— 25

Þingl. —,— 75

ein króna borgað Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Skarði hinn 31. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 188. bl. 95.

Vottar Páll Briem



Nr. 189.

Landamerki jarðarinnar Stóruvalla.

Fyrst ræður sjónhending úr Arnarbæli (Borgarhól) og þaðan aftur rétt áfram í hellu þá, er stendur í hrauninu fyrir innan Gunnumela (Markhelli); síðan þaðan sjónhending í Smalaskála. Svo ræður Rangá í Fagrahvamm: úr Fagrahvammi, sem á að vera sjónhending í vestur frá Hvítasandi fyrir austan Rangá, og beina stefnu í Ásgrímsvörðu, þaðan beina línu í Mýrarvörðu, svo þaðan í Skjólstein, úr þessum Skjólsteini í Gráhellu, síðan sjónhending í Dráttarhól, þaðan sjónhending í Klofahól og síðan þaðan í áður nefnt Arnarbæli. – Sömuleiðis lögfesti ég allan Stóruvallaskóg í Merkihvolslandi, innan þessara ummerkja: að austan ræður garður sá, sem liggur frá Rangá allt norður á brún, úr enda hans sjónhending í þann stóra stein með gati, er stendur millum Kerhóla, þaðan sjónhending í Drangsteininn vestur á brúninni, þaðan í Tröllakonugróf og síðan ræður garður allt að Rangá, vestanmegin skógarins.

Skarði 22. maí 1890.

Einar Thorlacius. (beneficiarius)

Sæmundur Guðbrandsson fyrir Tjörfastaði.

Ófeigur Jónsson fyrri Klofann.

Ólafur Sigurðarson (fyrir Húsagarðinn)

Gunnar Árnason fyrir Minnivelli (handsalað)

Eyjólfur Guðmundsson fyrir Leirubakka og Vatnagarð.

Fyrir Réttarnesið: Páll Jónsson.

Fyrir Hrólfsstaðahelli: G. Guðmundsson

Bókun —,– 25

Þingl. —,– 75

ein króna borgað. Bjarnarson.

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Skarði hinn 31. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 189. bl. 95.

Vottar Páll Briem



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Skarfanes í Landmannahreppi, bls. 95v

Nr. 190.

Landamerki fyrir jörðinni Skarfanesi í Landmannahreppi.

Að vestanverðu norður við Þjórsá ræður garðlag það, sem er á móts við Gaukshöfða (fyrir utan Þjórsá) og ræður garðlag það svo langt sem það nær, og frá enda þess sömu stefnu suður í Ósgrafarlæk, ræður svo nefndur lækur, fyrir framan Gráviðarnesið og austan, og efsti Ósgrafarlækur upp í botninn nirðan í Ósgrafartorfu, þaðan beina línu í Seljabrúnir, úr Seljabrúnum beint í Grentangahæð, þaðan ræður Þjórsá í fyrstnefnt hornmark.

Skarfanesi 6. júní 1887.

Fyrir jarðareiganda Sigurður Guðmundsson.

Fyrir eiganda Yrjanna Sigurður Guðmundsson

Fyrir Ósgröfina Ólafur Ólafsson. (HS.)

Bókun —,– 25

Þingl. —,– 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Skarði hinn 31. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 190. bl. 95.

Vottar Páll Briem



Nr. 191.

Landamerki fyrir jörðinni Yrjum í Landmannahreppi.

Að austanverðu norður við Þjórsá í garðlag, það sem er á móts við Gaukshöfða (fyrir utan Þjórsá), og ræður það garðlag svo langt sem það nær, og frá enda þess sömu stefnu suður í Ósgrafarlæk, þaðan beina stefnu í Markhól, úr Markhól beint á Fagurhól, úr Fagurhól beint í vörðu þá, sem er á Karlsnessporði út við Þjórsá. Þaðan ræður áin í fyrsttalið mark.

Yrjum 6. júní 1887.

Fyrir jarðareiganda Sigurður Guðmundsson.

Fyrir eiganda Skarfaness Sigurður Guðmundss.

Fyrir Eskiholtið S. Guðmundsson.

Fyrir Skarðið Eyjólfur Guðmundsson.

Bókun —,— 25

Þingl. —,— 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Skarði hinn 31. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 191. bl. 95.

Vottar Páll Briem



Landamerki jarðarinnar Húsagarðs í Landmannahreppi í Rangárvallasýslu

Gagnvart Hrólfsstaðahelli: Nyrst er varða á „Mýrargrjótum“, þaðan beina stefnu í vörðu á „Skothól“, þaðan beina stefnu í vörðu nirði í nesinu á bríkinni austur af „Syðra-nefi“, og það í áframhaldandi stefnu beint í Ytri-Rangá. –

Gagnvart Stóruvöllum: Úr ofanefndri vörðu á „Mýrargrjótum“ beina stefnu í „Mýrarvörðu“, þaðan beina stefnu í „Ásgrímsvörðu“, þaðan beina stefnu í „Fagrahvamm“ og þaðan að Ytri-Rangá beina stefnu í „Hvítasand“ fyrir austan ána. –

Arnarbæli 26. mars 1889.

Ýsl. Gíslason p.t. eigandi Húsagarðs.

Fyrir hönd Tjörfastaða: Sæmundur Guðbrandsson

Fyrir hönd Hrólfsstaðahellis: ósamþykkur Guðm. Guðmundsson (handsalað.)

Fyrir hönd Stóruvalla: Einar Thorlacius.

Bókun –,— 25

Þingl. –,— 75

ein króna borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Skarði hinn 31. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 192. bl. 96.

Vottar Páll Briem



Landamerki jarðarinnar Hrólfstaðahellis á Landi.

Landamerki jarðarinnar Hrólfstaðahellis eru þau, er nú skal greina:

Fyrst af „Eyktarhamri“ austur við „Rangá“ sjónhending út yfir hraunið í „Mýrarvörðu“. Úr Mýrarvörðu sjónhending í „Mark-hellu“, sem er með þessu merki klöppuðu L.M. Hún stendur í hraunbrúninni við bótarjaðarinn eystri. Úr henni sjónhending, fram á milli fornþæjanna „Hrólfstaða“ og „Tjörfastaða“, í vestasta hraunnefið (Stekkjarnef). Úr því sjónhending beina línu suður í Rangá, miðja vega milli nesjanna: Hrólfstaða og Tjörfastaða. Þaðan ræður Rangá landamerkjum norður á fyrnefndan Eyktarhamar.

(Undir þetta riti allir hlutaðeigendur nöfn sín)

Selsundi 28/5 – 1890.

Margrjet Jónsdóttir (eigandi Hrólfstaðahellis)

Samþykkur Sæmundur Guðbrandsson (eigandi Tjörfastaða.) (handsalað)

Ósamþykkur fyrir hönd eiganda Húsagarðs Ólafur Sigurðsson.

Samþykkur Einar Thorlacius (umráðamaður Stóruvalla)

Bókun – „ – 25

Þingl. – „ – 75

ein króna Borg. Bjarnarson

Upplesið og bókað á manntalsþingi að Skarði hinn 31. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Rangárvallasýslu Nr. 193. bl. 96.

Vottar Páll Briem



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS